"HALLDÓR"



**skoðun 18**

## Pete Doherty tekur upp með Sveini Jónssyni

*Breski vandræðagemlingurinn Pete Doherty vinnur að nýju efni í hljóðveri upptökustjórans Sveins Jónssonar í London.*

**fólk 42**




## 2 SÉRBLÖÐ

í Fréttablaðinu

Föstudagur

Allt





# FRÉTTABLAÐIÐ

ÞITT

7. maí 2010 — 106. tölublað — 10. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000




## Allt frá Bach til Disney

*Tónlistarskóli Hafnarfjarðar er 60 ára.*

**tímamót 22**

## Kynnir ösku úr eldgosi

*Dorrit Moussaieff kynnir öskusölu matarvefsíðunnar nammi.is í New York Post.*

**fólk 30**



## Oddaleikur um titilinn

*Valsmenn jöfnuðu úrslitaeinvígið á móti Haukum eftir sigur í framlengingu í gær.*

**íþróttir 36**

## veðrið í dag




**LÉTTIR TIL** Hægviðri á landinu í dag og skýjað í fyrstu en léttir víða til síðdegis, einkum inn til landsins. Hiti 8-18, hlýjast SA-lands.

**veður 4**





MYND/INGÓ

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**Í HALDI LÖGREGLU** Magnús Guðmundsson, hægra megin á vinstri mynd, og Hreiðar Már Sigurðsson voru báðir yfirheyrðir í húsakynnum sérstaks saksóknara í gærkvöldi. Dómari ákveður í dag hvort fallist verður á tólf daga gæsluvarðhald yfir Hreiðari. Ekki er útilokað að jafnframt verði farið fram á varðhald yfir Magnúsi.

# Bankastjórar handteknir

**Tveir fyrrverandi Kaupþingsforstjórar gistu fangaklefa í nótt. Þeir eru grunaðir um tugmilljarða markaðsmisnotkun í aðdraganda hrunsins. Sérstakur saksóknari hefur farið fram á gæsluvarðhald í fyrsta sinn.**

**LÖGREGLUMÁL** Tveir fyrrverandi bankastjórar Kaupþings eru í haldi lögreglu grunaðir um að standa að baki viðskiptum fyrir hátt í hundrað milljarða króna í þeim tilgangi að hækka gengi hlutabréfa í bankanum mánuðina fyrir hrun.

Sérstakur saksóknari lét í gær handtaka Hreiðar Má Sigurðsson, fyrrverandi forstjóra Kaupþings, og Magnús Guðmundsson, fyrrverandi bankastjóra Kaupþings í Lúxemborg, eftir að hafa yfirheyrt þá. Farið hefur verið fram á að Hreiðar sitji í gæsluvarðhaldi í tólf daga og tók dómari sér frest til hádegis í dag til að kveða upp úrskurð. Ólafur Þór Hauksson, sérstakur saksóknari, útilokar ekki að óskað verði eftir varðhaldi yfir Magnúsi í dag. Hreiðar og Magnús gistu báðir fangaklefa í nótt. Þetta er í fyrsta sinn sem sérstakur saksóknari fer fram á gæsluvarðhald yfir sakborningi.

Við markaðsmisnotkunina eru þeir einnig taldir hafa gerst sekir um umboðssvik, skjalafals og ýmis brot gegn hlutafélagalögum, að langmestu leyti framin árið 2008.

Rannsóknin á markaðsmisnotkuninni nær til tugmilljarða viðskipta við menn á borð við sjeik Al-Thani frá Katar, Skúla Þorvaldsson og Kevin Stanford. Hluti málanna kom fyrst upp á yfirborðið í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis sem skýrir að hluta hvers vegna ekki er farið fram á gæsluvarðhald fyrr en nú.

Markmið gæsluvarðhaldsins er einna helst að koma í veg fyrir að sakborningarnir geti haft áhrif á meðseka eða vitni, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins. Einnig er talið hugsanlegt að einhverjum gögnum sem ekki hafa enn komið í leitirnar kunni ella að verða eytt eða spillt. Ekki eru vísbendingar um að það hafi verið gert enn.

Magnús gegnir nú starfi bankastjóra Banque Havilland í Lúxemborg, sem reistur var á grunni Kaupþings þar í landi. Hann er nú í eigu enskrar fjölskyldu. Hreiðar rekur ráðgjafarfyrirtækið Consolium í Lúxemborg, ásamt meðal annarra Ingólfi Helgasyni, sem var bankastjóri Kaupþings á Íslandi.

Sigurður Einarsson, fyrrverandi stjórnarformaður Kaupþings, hefur verið boðaður í yfirheyrslu í næstu viku. Hann er staddur í London.

**- sh / sjá síðu 6**




**Fréttablaðið er með 212% meiri lestur en Morgunblaðið.**

Allt sem þú þarft...

Meðallestur á tölublað, höfuðborgarsvæðið, 18 – 49 ára. Könnun Capacent í nóvember 2009 – janúar 2010.

Íhaldsflokkurinn fékk flest sæti í bresku þingkosningunum í gær:

# Enginn flokkur fær meirihluta

**BRETLAND** Enginn flokkur fékk meirihluta í bresku þingkosningunum sem fram fóru í gær, samkvæmt útgönguspám sem birtar voru skömmu eftir að kjörstöðum lokaði. Þar var Íhaldsflokknum spáð 307 þingsætum en 326 sæti þarf til að ná meirihluta. Verkamannaflokkurinn fengi 255 sæti samkvæmt, Frjálslyndir demókratar 59 þingsæti en aðrir fengju 29 þingsæti.

Ef þetta verða úrslitin hefur Íhaldsflokkurinn bætt við sig 97 þingsætum en Verkamannaflokkurinn tapað 94.

Í Bretlandi eru einmenningskjördæmi og sætafjöldi flokka á þingi því ekki í samræmi við fylgi flokkanna.

Undir venjulegum kringumstæðum fara stjórnarskipti fram um leið og úrslit eru ljós en ekki eru til ákveðnar reglur um hvað skuli gera nái enginn flokkur meirihluta. Þurfi að mynda samsteypustjórn mun Gordon Brown sitja áfram þar til hún hefur verið mynduð.

Kjörsókn í Bretlandi í gær var mikil og höfðu kvartanir borist um að kjörstaðir hafi ekki ráðið við fjöldann. Sumir höfðu ekki getað kosið þegar klukkan sló tíu. Álagið tafði talningu atkvæða.







## SPURNING DAGSINS



*Friðrik, eruð þið að bursta samkeppnisaðilana?*

„Já, þótt KR bursti Fram þá burstar Burstagerðin alla."

Friðrik Hróbjartsson hefur staðið vaktina í Burstagerðinni í 45 ár. Burstagerðin er nýorðin áttræð.

Ofbeldismenn ganga lausir vegna álags á dómstóla landsins:

# Gögn ekki borist vegna anna

**DÓMSTÓLAR** Annir í Héraðsdómi Reykjavíkur hafa leitt til þess að gögn hafa ekki borist saksóknara svo taka mætti fyrir mál tveggja ofbeldismanna í Hæstarétti. Mennirnir réðust á eldri hjón og dóttur þeirra á Suðurnesjum um helgina. Þetta kom fram í fréttum Stöðvar 2 í gær.

Mennirnir voru dæmdir í fangelsi í október á síðasta ári en þeir áfrýjuðu dómnum til Hæstaréttar sem vegna anna hefur ekki getað sett það á dagskrá. Mennirnir, Viktor Már Axelsson og Axel Karl Gíslason, sitja nú í gæsluvarðhaldi vegna árásarinnar um helgina. Hálft ár er síðan saksóknari óskaði eftir gögnunum frá Héraðsdómi

Helgi I. Jónsson, dómstjóri Héraðsdóms Reykjavíkur, segir að málin hafi ekki borist vegna þess fjölda áfrýjaðra sakamála sem í gangi eru. „Nú er til dæmis verið að vinna í tuttugu slíkum málum. Við höfðum samráð við ríkissaksóknara um hvernig við eigum að forgangsraða," sagði Helgi í samtali við fréttastofu Stöðvar 2 í gær.



Nýdæmdir ofbeldismenn gengu lausir

Mennirnir tveir sem börðu eldri hjón í Reykjanesbæ voru dæmdir í fangelsi í október. Annar þeirra hafði rænt aldraðan úrsmið og hinn lagt á ráðin um það. Þeir hafa síðan beðið dóms Hæstaréttar og verið frjálsir ferða sinna á meðan.

LÖGREGLUMÁL Mennirnir tveir sem grunaðir eru um árás á eldri hjón og dóttur þeirra í Reykjanesbæ á mánudagskvöld hlutu í október síðastliðnum fangelsisdóma fyrir aðild sína að ráni á Barðaströnd á Seltjarnarnesi. Þeir áfrýjuðu til Hæstaréttar og hafa síðan gengið lausir.

Mennirnir tveir, Viktor Már Axelsson og Axel Karl Gíslason, voru í gær úrskurðaðir í vikulangt gæsluvarðhald vegna árásarinnar. Þeir hafa ekki játað sök.

Maðurinn sem ráðist var á varð verst úti. Hann nefbrotnaði, handleggsbrotnaði og er lemstraður um allan líkamann. Konurnar sluppu betur. Hnífur var dreginn upp í átökunum en enginn varð fyrir áverkum af honum.

Mennirnir voru handteknir á gangi í nágrenninu um klukkustund síðar. Lögreglan taldi sig þá vita hverjir höfðu verið að verki.

Hjónin hafa verið í miklu áfalli síðan ráðist var á þau og vart þorað út úr húsi, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins.

Svo virðist sem árásarmennirnir hafi verið við hús hjónanna á mánudagskvöld til að rukka barnabarn þeirra, karlmann um tvítugt, um nokkurra tuga þúsunda króna skuld við aðra manneskju. Skuldin mun ekki vera tilkomin vegna fíkniefnaviðskipta.

Mennirnir voru sem áður segir úrskurðaðir í vikulangt gæsluvarðhald á grundvelli rannsóknarhagsmuna í gær. Annar þeirra kærði úrskurðinn til Hæstaréttar.

Rannsókn málsins stendur enn. Búið er að yfirheyra árásarmennina og bolendurna

AXEL KARL GÍSLASON

VIKTOR MÁR AXELSSON

Skrautlegur ferill Axels og Viktors

- Axel Karl komst fyrst í fréttir árið 2005, þá sextán ára gamall, fyrir að ræna starfsmanni Bónuss á Seltjarnarnesi, neyða hann með hótunum ofan í skott á bíl og krefja hann svo um 30 þúsund krónur sem maðurinn tók út úr hraðbanka. Axel var þá á skilorði. Fyrir þetta hlaut Axel tveggja ára fangelsisdóm. Hann hefur síðan verið þekktur sem yngsti mannræningi Íslandssögunnar.
- Í mars 2007 strauk Axel frá fangavörðum þegar hann var hjá tannlækni. Hann braust inn í félagsmiðstöð og var skömmu síðar handtekinn.
- Axel hefur síðan hlotið nokkra fangelsisdóma, einkum fyrir fíkniefnabrot. Bróðir hans hefur einnig hlotið dóm fyrir að hafa ætlað að smygla 37 grömmum af hassi inn á Litla-Hraun til hans.
- Viktor var handtekinn í fyrra eftir innbrot til úrsmiðs á Barðaströnd. Þegar Viktor og félagi hans gengu óvænt í flasið á öldruðum úrsmiðnum gekk Viktor í skrokk á honum og batt hann á höndum og fótum áður en mennirnir rændu af honum úrum og öðrum verðmætum.
- Tveimur dögum eftir að Viktor losnaði úr gæsluvarðhaldi vegna ránsins var hann handtekinn á ný fyrir tvö innbrot og úrskurðaður í síbrotagæslu. Þegar hann sat á Litla-Hrauni ræddi hann við Ísland í dag og sagðist ætla að bæta ráð sitt.
- Viktor var dæmdur í tveggja ára fangelsi fyrir ránið. Axel Karl var dæmdur

**HROTTALEG ÁRÁS** Viktor Már Axelsson og Axel Karl Gíslason sitja nú í gæsluvarðhaldi eftir hrottalega árás á mann á sjötugsaldri, konu hans og dóttur í Reykjanesbæ um helgina.

Forseti Nígeríu látinn:

# Varaforsetinn er tekinn við

**NÍGERÍA, AP** Goodluck Jonathan tók í gær formlega við embætti forseta Nígeríu, aðeins fáeinum klukkustundum eftir að Umaru Yar'Adua lést af völdum langvarandi veikinda. Forsetakosningar verða í landinu á næsta ári, líklega í apríl.

Jonathan var varaforseti og hafði gegnt störfum forseta í þrjá mánuði. Yar'Adua var kosinn forseti árið 2007, en átti þá þegar við nýrnaveikindi að stríð. Hann fór á sjúkrahús í Sádi-Arabíu í nóvember og hefur ekki gegnt embættinu síðan. - gb

Aðildarumsókn Íslands:

# Varla afgreidd fyrr en í júlí

**EVRÓPUSAMBANDIÐ** Aðildarumsókn Íslands er ekki á dagskrá ráðherraráðsfunda Evrópusambandsins í Brussel á mánudaginn.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hefur afgreiðslan tafist vegna kosninganna í Bretlandi og Hollandi. Ekki þótti rétt að taka afstöðu til umsóknarinnar fyrr en þeim kosningum er báðum lokið. Bretar kusu sér þing í gær en Hollendingar ganga til kosninga 9. júní.

Ólíklegt er að umsóknin verði tekin til afgreiðslu á leiðtogafundi sambandsins, sem verður 17. júní, enda er hún ekki á bráðabirgðadagskrá þess fundar. Næsti möguleiki er þá að hún verði tekin fyrir á næsta fundi almenna ráðherraráðsins í júlí. - gb

# Tækjaskortur helsti veikleiki Landspítala

**Lág framlög til tækjakaupa standa Landspítalanum fyrir þrifum, segir fyrrverandi yfirlæknir hjartadeildar. Gengisþróun veldur því að tækjakaupaféð í ár, sem er 237 milljónir, hrekkur vart fyrir allra nauðsynlegustu endurnýjunum.**

**HEILBRIGÐISMÁL** „Tækjamálin eru í dag helsti veikleiki Landspítalans. Árum saman hefur smámunum verið ætlað til tækjakaupa og endurnýjunar miðað við umfang starfseminnar. Ég tel að innan spítalans sé samstaða um þetta sjónarmið," segir Guðmundur Þorgeirsson, prófessor í lyflækningum við Háskóla Íslands og fyrrverandi yfirlæknir á hjartadeild LSH.



GUÐMUNDUR ÞORGEIRSSON

„Þetta er búið að vera vandamál lengi og verður að viðurkennast að komið hafa tímar þar sem við höfum verið með öndina í hálsinum yfir því hvort gamalt tæki endist þangað til það tekst að krafla saman peningum í endurnýjun," segir Guðmundur jafnframt.



**HJARTAÞRÆÐINGARSTOFA** Fullbúinn kostar tækjabúnaður til hjartaþræðinga hátt í 100 milljónir króna. Þjóðin safnaði 44 milljónum árið 2009 til kaupa á fullkomnum tækjabúnaði til hjartaþræðinga. Biðlistar gufuðu nánast upp í kjölfarið. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Á fjárlögum ársins 2010 eru 237 milljónir, auk framlaga til viðhalds og nýframkvæmda, veittar til tækjakaupa en þyrfti að vera milljarður á ári til eðlilegrar endurnýjunar. Um sömu krónutölu er að ræða og undanfarin ár. Öll tæki eru keypt erlendis og því hefur gengisþróun séð til þess að upphæðin hrekkur varla til kaupa á bráðanauðsynjum. Framlög til tækjakaupa og endurnýjunar hjá sambærilegum háskólasjúkrahúsum við LSH á Norðurlöndunum eru þrjú til fjögur prósent af veltu. Það jafngildir 1,2 til 1,6 milljörðum króna í rekstri LSH.

Gísli Georgsson, deildarstjóri á heilbrigðis-og upplýsingatæknideild LSH, hélt nýlega erindi þar sem kom fram að tækjaeign LSH er um tíu milljarðar að núvirði. Ríflega 600 milljónir þarf árlega til að halda meðalaldri tækja í horfinu, sem er sjö til átta ár. Aðrar 300 milljónir þarf vegna nýrrar tækni, til dæmis kaupa á hugbúnaði. Í erindi hans kom fram að 6,5 milljörðum hefur verið varið til kaupa á lækningatækjum á síðustu þrem áratugum, eða rúmlega 200 milljónum að jafnaði á ári.

Guðmundur segir að gjafafé hafi bjargað miklu á undanförnum árum. Jónínusjóðurinn hafi til dæmis gegnt meginhlutverki við að endurnýja hjartaþræðingartæki spítalans en Jónína Gísladóttir sem nú er látin gaf stofnféð í þann sjóð. „Sambærileg dæmi eru mýmörg og ef ekki kæmu til framlög þessara sjóða, þá veit ég ekki hvar við stæðum," segir Guðmundur.

Hann segir að mannafli, skipulag þjónustu, rannsóknir, kennsla og jafnvel húsakosturinn, sem sé dreifður og óhagkvæmur, geri LSH að þeirri öflugu stofnun sem menn þekki. Það sé því úr takti að kaup og endurnýjun á tækjakosti spítalans sé háð þeim annmörkum sem raun ber vitni.

svavar@frettabladid.is

# Fannst látinn

Englendingurinn sem lögreglan hefur leitað að undanfarna daga fannst látinn í Hafnarfjarðarhöfn á sjöunda tímanum í gærkvöldi. Maðurinn hét Eric John Burton.

Eric John Burton var sjötugur Englendingur búsettur á Spáni en átti íslenska sambýliskonu. Lögreglan rannsakar málið.

Byrgismenn brotlegir við lög:

# Borgi sextán milljónir í sekt

**DÓMSMÁL Fyrrum forsvarsmenn Byrgisins, Guðmundur Jónsson og Jón Arnarr Einarsson, voru í gær dæmdir í fangelsi og til greiðslu sektar vegna margvíslegra lögbrota við fjármálaumsýslu Byrgisins.**

**Guðmundur var dæmdur fyrir fjárdrátt, umboðssvik, bókhaldsbrot og brot gegn lögum um tekjuskatt og staðgreiðslu opinberra gjalda. Jón Arnarr var dæmdur fyrir bókhaldsbrot og brot gegn lögum um tekjuskatt og staðgreiðslu opinberra gjalda.**

**Guðmundur var dæmdur í níu mánaða fangelsi og til að greiða átta milljóna króna sekt. Jón Arnarr í fjögurra mánaða skilorðsbundið fangelsi og átta milljóna króna sekt.** - bþs

Sigrún Björk Jakobsdóttir:

# Dró kaupmálann til baka

**STJÓRNMÁL Sigrún Björk Jakobsdóttir, oddviti sjálfstæðismanna á Akureyri, og eiginmaður hennar hafa fellt niður kaupmála sem þau gerðu í nóvember.**

**„Það urðu mjög heiftarleg viðbrögð þegar þetta komst í hámæli. Við viljum ekki að neitt orki tvímælis og til að sýna fram á það ákváðum við að fella kaupmálann niður," segir Sigrún Björk.**

**Hún segist ekki hafa verið undir þrýstingi frá samflokksmönnum né heldur hafi hún fundið fyrir vantrausti í sinn garð. „Þetta vakti spurningar og þeim hef ég svarað og það er ágætt að þetta mál sé nú úr sögunni."**

**Í tilkynningu frá fulltrúaráði Sjálfstæðisflokksins á Akureyri er stuðningi lýst við Sigrúnu Björk.** - bþs

Ofbeldismaður fær tvö ár:

# Þyngri dómur yfir Benjamín

**DÓMSMÁL** Benjamín Þór Þorgrímsson, þekktur sem Benni Ólsari, þarf að sitja í tvö ár í fangelsi samkvæmt dómi Hæstaréttar. Héraðsdómur hafði áður dæmt Benjamín í 14 mánaða fangelsi.

Benjamín er sakfelldur fyrir þrjár líkamsárásir. Ein þeirra var tekin upp á myndband og sýnd í fréttaskýringaþættinum Kompás á Stöð 2. - sh




Búast má við töluverðu gjóskufalli undan vindi úr eldgosinu í Eyjafjallajökli:

# Ekkert bendir til að gosinu sé að ljúka

**ELDGOS** Töluverðar breytingar hafa orðið á gosinu í Eyjafjallajökli á síðustu dögum. Hraunrennsli hefur minnkað verulega og sprengivirkni aukist til muna. Svartur gosmökkur steig upp beint frá gosstöðvunum í gær.

„Það er búið að vera ansi dimmt undir Eyjafjöllunum í dag [í gær]," segir Víðir Reynisson starfsmaður almannavarnadeildar ríkislögreglustjóra. „Það gengur á með dimmum öskuhryðjum auk þess sem mikið af ösku er að fjúka. Mökkurinn er þykkur en erfitt að átta sig á því hversu mikið þetta er."



**GOSIÐ Í EYJAFJALLAJÖKLI** Sprengivirkni hefur aukist á ný og öskufallið um leið. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Öskufallið í gær var þó ekkert í líkingu við það sem var þegar mest var. „En það verður allt grátt og skítugt, meðal annars þar sem búið var að hreinsa til," segir Víðir. Fullur viðbúnaður er á öllum vígstöðvum vegna gossins.

Í mati Veðurstofunnar og Jarðvísindastofnunar Háskólans á gosinu í gær segir að nýr fasi sé kominn í gosið. Hraun sé hætt að renna og mestur hluti kvikunnar sundraður í kröftugu sprengigosi. Gosmökkur rísi hátt yfir gosstöðvum og búast megi við töluverðu gjóskufalli undan vindi. Ekkert bendi til þess að gosi sé að ljúka. - shá, bþs



vodafone

# Við gerum ekki upp á milli

Þess vegna eru allar gsm þjónustuleiðir með eitt verð í alla aðra gsm síma, óháð kerfi.

Reiknaðu dæmið til enda. Því verðmunurinn getur verið meira en tvöfaldur.

## 0 kr. í alla heimasíma á Íslandi – ekkert upphafsgjald

Viðskiptavinir sem eru með allt sitt í Vodafone Gull hringja fyrir 0 kr. í alla heimasíma á Íslandi, án þess að greiða sérstakt upphafsgjald.

Hafðu þetta einfalt – komdu til Vodafone.

*power to you*

Fiton/SÍA

**GENGIÐ 06.05.2010**

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 128,53 | 129,15 |
| Sterlingspund | 193,69 | 194,63 |
| Evra | 164,37 | 165,29 |
| Dönsk króna | 22,08 | 22,21 |
| Norsk króna | 21,092 | 21,216 |
| Sænsk króna | 16,945 | 17,045 |
| Japanskt jen | 1,3705 | 1,3785 |
| SDR | 191,26 | 192,40 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR 221,5821

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Vonast er til að hægt verði að ná meirihluta olíu úr hafi í Mexíkóflóa:

# Gæti spillt fjölbreyttu lífríki

**BANDARÍKIN, AP** Stál og steinsteypuhvelfingu var sökkt í Mexíkóflóa í gær þar sem olíuborpallur á vegum breska olíufélagsins BP sökk fyrir hálfum mánuði. Hvelfingin vegur hundrað tonn og stefnt er að því að olían verði sogin upp úr henni og um borð í tankskip. Vonir eru bundnar við að hægt verði að ná upp 85 prósentum af þeirri olíu sem lekið hefur úr honum. Þetta er nýjung í hreinsunarstarfi en fjölmargar aðrar tilraunir til að hreinsa svæðið hafa mistekist.

Talið er að tæplega 760 þúsund lítrar af olíu komi upp úr tveimur borholum á botni Mexíkóflóa. Olía kom áður úr þremur holum en einni var lokað á miðvikudag.

Talsvert magn af olíu hefur borist á land og hefur verið gripið til umfangsmikilla aðgerða til að vernda viðkvæmt votlendi við New Harbor-eyju úti fyrir ströndum Louisiana-ríkis.

Ekki er talið að fuglalíf hafi orðið fyrir verulegum skakkaföllum af völdum olíulekans en svæðið er heimkynni máva og pelikana og er lífríki eyjunnar fjölbreytt. **- jab**



**OLÍUBRÁK Í NETUM** Net sjómanna sem gera út á Mexíkóflóa eru lituð af olíu. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Sjötugur maður fyrir dómi:

## Ákærður fyrir að stinga konu

**DÓMSMÁL** Sjötugur Reykvíkingur hefur verið ákærður fyrir sérstaklega hættulega líkamsárás, en honum er gefið að sök að hafa stungið 43 ára konu í brjóstið í apríl í fyrra.

Konan hlaut 2,5 sentimetra stungusár á framanvert brjóstholið, loftbrjóst og loft í miðmæti, sem er svæði í miðju brjóstholi.

Verði maðurinn fundinn sekur getur hann átt yfir höfði sér nokkurra ára fangelsi. Konan krefst 2,2 milljóna króna í skaðabætur vegna árásinnar, ásamt vöxtum. **- sh**

Sjávarútvegsstyrkir ESB:

## Endurskoðun ljúki næsta ár

**BRUSSEL, AP Sjávarútvegsráðherrar Evrópusambandsríkjanna ákváðu á miðvikudag að endurskoðun styrkjakerfis hinnar sameiginlegu sjávarútvegsstefnu sambandsins verði lokið áður en næsta ár er á enda.**

**Styrkir Evrópusambandsins til sjávarútvegs nema 840 milljónum evra á ári hverju, eða um 140 milljörðum króna. Umhverfissamtök halda því fram að þessir háu styrkir hafi valdið langvarandi ofveiði á fiskistofnum á hafsvæðum sambandsins, enda hafi styrkirnir orðið til þess að stækka fiskveiðiflotann.**

**Sameiginlega fiskveiðistefnan er öll til endurskoðunar og hefur verið stefnt að afgreiðslu nýrrar stefnu árið 2012.** **- gb**

Yfir 1% þjóðarinnar í nefnd:

## Fengu 460 milljónir fyrir nefndastörf

**STJÓRNSÝSLA** Íslenska ríkið greiddi 3.755 einstaklingum alls 460 milljónir króna í laun fyrir setu í nefndum árið 2009.

1.042 nefndir voru við störf. 59 prósent nefndarmanna voru karlar en 41 prósent konur. Flestar voru nefndir heilbrigðisráðuneytisins, eða 425 talsins. 230 nefndir störfuðu á vegum menntamálaráðuneytisins.

Heildarkostnaður vegna nefnda var mestur í menntamálaráðuneytinu, 106 milljónir króna.

Nefndum fækkaði lítillega milli 2008 og 2009, kynjahlutfall nefndarmanna jafnaðist og kostnaður var 42 milljónum króna lægri 2009 en 2008 þegar kostnað var 502 milljónum króna til nefndastarfsins. **- pg**

# Tóbaksfræ til heimabrúks

**Tóbaksplöntufræ eru til sölu í verslun Garðheima. Garðyrkjufræðingur segir lítinn áhuga á fræjunum. Plantan er af tegund sem ber í sér mun meira nikótín en hefðbundin tóbaksplanta. Rússar til sveita hafa notað plöntuna.**

**GARÐYRKJA** Í verslun Garðheima í Reykjavík eru til sölu tóbaksfræ undir heitinu Wild tobacco. Fræðiheiti plöntunnar er nicotiana rustica og er annarar tegundar en almennt er notuð í tóbaksframleiðslu (nicotiana tabacum). Hún ber þó í sér töluvert meira magn nikótíns.

Hér var plantan árum áður nefnd „bóndatóbak“ til aðgreiningar „borgaratóbaki“ sem fremur var notað í tóbaksframleiðslu.

Á vef landbúnaðarráðuneytis Bandaríkjanna kemur fram að plantan sé þar algeng í suðvesturríkjunum, í Mexíkó og Suður-Ameríku. Þá hafi plantan verið notuð í margvíslegum helgisiðum ættbálka indíána sem og í lækningaskyni. Gæluheiti eru meðal annars Aztekatóbak, Zuni-tóbak og Mapacho. Þá kemur fram á alfræðivefnum Wikipediu að vegna þessa magns nikótíns í plöntunni sé hún gjarnan notuð til að búa til náttúrulegt skordýraeitur.

„Í Rússlandi er N.rustica kölluð „mahorka“. Fólk af lágstéttum reykti hana áður en venjulegt tóbak komst í almenna dreifingu eftir seinni heimsstyrjöldina og er hún stundum enn notuð á þann veg af verkafólki og búaliði,“ segir á vef Wikipediu. Þar kemur fram að nikótínmagn í laufum plöntunnar sé allt að níu prósent, en eitt til þrjú prósent í hefðbundnum tóbaksplöntum.

„Nei, ég held að það sé af og frá að fólk sé í einhverjum mæli að gera tilraunir með að rækta sitt eigið tóbak. Þetta voru svo fá bréf sem við vorum með hérna,“ segir Vilmundur Hansen, garðyrkjufræðingur í Garðheimum. „Þetta er nú bara eitthvað sem var tekið hér inn af forvitni,“ bætir hann við og segir að til þessa hafi áhugi á fræjunum verið takmarkaður.

„Ég sé ekki að það hafi horfið neitt af viti úr þessu síðan við eigum.“

Vilmundur segir hins vegar að einfalt að eitt að vera að rækta plöntuna hér. „Þetta er bara ræktað í stofuglugganum,“ segir hann og telur meðferðina ekki ósvipaða og þegar fólk er með tómatplöntur heima hjá sér.



**MEÐ FRÆIN** Starfsmaður Garðheima með poka af bóndatóbaksfræum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**MEÐ KÚBVERSKAN VINDIL** Hér getur á að líta kúbverska tóbaksbóndann Alejandro Robaina. Hann lést 17. apríl úr krabbameini í lungum og nýrum, á 92. aldursári. Robeina er goðsögn meðal vindlagerðarmanna og eini Kúbverjinn sem vindlategund hefur verið nefnd eftir. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Ekki er um það getið í tóbaksvarnarlögum að ræktun á tóbaki sé óheimil. Á Vísindavef Háskólans er ræktun tóbaksplantna þó talin kunna að vera ólögleg og vísað í lög um verslun með áfengi og tóbak þar sem tekið er fram að Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins skuli einni heimil starfræksla tóbaksgerðar. Ræktun sé mikilvægur þáttur í tóbaksgerðinni og kunni því að vera óheimil, segir í svari Magnúsar Viðars Skúlasonar laganema við spurningunni um hvort hér megi rækta tóbak.

olikr@frettabladid.is

## Tóbaksræktun á Íslandi í aldanna rás

Hugmyndir um að rækta hér á landi tóbak eru ekki alveg nýjar af nálinni. Þannig segir í fundargerð Landsnefndar frá 3. desember 1770: „Bjarni Högnason Tjörnum undir Eyjafjöllum leggur til við landsnefndina að öllu sýktu fé verði slátrað og hreindýr flutt inn, tóbaksrækt verði reynd vegna þess hvað dýrt það er og brennivín vill hann brugga úr krækiberjum.“

Tóbaksrækt hefur hins vegar ekki gefist vel hér á landi, en meðal þeirra sem urðu til þess að spreyta sig á henni var Skúli Magnússon fógeti. Í Viðey er að finna Tóbakslaut, en nafnið vísar til viðleitni hans. Ræktunin gekk hins vegar illa og ekkert tóbak þar að finna. Þó er eyjan gróðursæl og kemur fram á Viðeyjarvef Reykjavíkurborgar að þar sé nú að finna 156 tegundir háplantna, um þriðjung af flóru landsins.

„Hér hefir tóbaksrækt aðeins verið reynd við jarðhita til gamans, en einskis gagns. Enn er mjög deilt um tóbakið. Bezt væri eflaust að vera alveg laus við það,“ segir í grein Ingólfs Davíðssonar um Gróður og garðrækt í Tímanum 1. apríl 1958.

Greinin ber yfirskriftina „Þeir púuðu eins og djöflar“ og er tileinkuð tóbaki og sögu þess. „Aðaltegundir eru tvær, þ. e. „bóndatóbak“ (Nicotiana rustica), sem er lágvaxin, harðgerð jurt, og „borgaratóbak“ eða virginskt tóbak (N. tabaccum), sem er hávaxnara og viðkvæmara, en gefur mun betra tóbak og er nú aðallega ræktað,“ segir í greininni.




## VEÐURSPÁ



**Elísabet Margeirsdóttir** veðurfréttamaður

**HELGARHORFUR**
Litlar breytingar til morguns, áfram gott veður, hægur vindur, úrkomulítið og allt að 18°C suðaustanlands. Hins vegar verða breytingar á sunnudag en þá snýst í norðanátt og dregur fyrir og kólnar norðaustanlands.




**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 22° |
| Basel | 13° |
| Berlín | 17° |
| Billund | 7° |
| Frankfurt | 9° |
| Friedrichshafen | 11° |
| Gautaborg | 8° |
| Kaupmannahöfn | 8° |
| Las Palmas | 20° |
| London | 12° |
| Mallorca | 21° |
| New York | 24° |
| Orlando | 33° |
| Ósló | 12° |
| París | 15° |
| San Francisco | 18° |
| Stokkhólmur | 9° |

Vindhraði er í m/s. Hitastig eru í °C. Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Hendrik Sigurðsson *hendrik@frettabladid.is*, Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*
**ALLT SÍMI 512-5402:** Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Henný Árnadóttir *henny@365.is*, Þórdís Hermannsdóttir *thordish@365.is* **SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016:** Sigríður Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynurs@365.is*, Bjarni Þór Sigurðsson *bthor@365.is*, Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is*
**RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*, Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*

# RISA TAX FREE DAGAR

# GERÐU KAUP ÁRSINS!

MESTA úrvalið* á betra verði!

fimmtudag, föstudag, laugardag og sunnudag

## ALLT Í EINNI FERÐ...

SNYRTIVÖRUR...FATNAÐUR...SKÓR...LEIKFÖNG...
BÚSÁHÖLD...GARN...RÚMFÖT... HANDKLÆÐI...
KERTI...SERVÍETTUR

## ...ÁN VIRÐISAUKASKATTS

DAGANA 6. - 9. MAÍ

*Mesta úrvalið af snyrtivörum!**

*Fatnaður og skór á alla fjölskylduna!*



*Búsáhöld fyrir heimilið!*

*Leikföng fyrir káta krakka!*

# TAX FREE DAGAR

Að sjálfsögðu fær ríkissjóður sinn virðisaukaskatt af þessari sölu.
Verðlækkunin er alfarið á kostnað Hagkaups.

Tilboðin gilda út sunnudaginn 9. maí 2010.

* Samkvæmt markaðsrannsókn Capacent júní 2009, 2008 og 2006

24 Hagkaup OPIÐ ALLAN sólarhringinn Skeifan & Garðabær

50 ára HAGKAUP fyrir Íslendinga í 50 ár

## KJÖRKASSINN



*Á að taka harðar á þeim sem svindla á Tryggingastofnun ríkisins?*

| | |
|---|---|
| JÁ | 88,5% |
| NEI | 11,5% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG**

*Var rétt að handtaka Hreiðar Má Sigurðsson, fyrrverandi bankastjóra Kaupþings?*

Segðu þína skoðun á visir.is

Gríska þingið samþykkir aðhaldsaðgerðir stjórnarinnar:

# Forða Grikkjum frá gjaldþroti

**GRIKKLAND, AP** Gríska þingið samþykkti í gær niðurskurðarpakka, sem var skilyrði þess að ESB og Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn veiti Grikklandi lán til að bjarga landinu úr verstu skuldakreppunni.

Í kvöld hittast svo leiðtogar evruríkjanna í Brussel til að staðfesta lánafyrirgreiðslu til Grikklands.

Alemnningur á Grikklandi hefur harðlega mótmælt niðurskurðinum, sem bitnar harkalega á almenningi með bæði launalækkunum og skattahækkunum.

Meira en tólf þúsund manns söfnuðust í gær saman fyrir utan þinghúsið í Aþenu meðan atkvæðagreiðsla stóð yfir um aðhaldsaðgerðirnar. Mótmælin beindust einnig gegn hörkunni sem færst hafði í mótmælin daginn áður og kostað tvo menn og eina konu lífið.

George Papandreou forsætisráðherra og George Papaconstantinou fjármálaráðherra lögðu mikla áherslu á að án aðhaldsaðgerða stjórnarinnar og björgunarfjárins frá ESB og AGS sé engin von til þess að ríkissjóður Grikklands komist hjá gjaldþroti.

Innan tveggja vikna bíður gjalddagi samtals 8,5 milljóna evra lána, sem ríkissjóður þarf að standa skil á hinn 19. maí. - gb



**BLÓMAHAF** Grikkir hafa streymt til að leggja blóm á staðinn þar sem tveir menn og ein kona létu lífið á miðvikudag. NORDICPHOTOS/AFP

Dómur felldur yfir Kasab:

# Líflátsdómur fyrir hryðjuverk

**INDLAND, AP** Dómstóll á Indlandi hefur dæmt Mohammed Ajmal Kasab til lífláts fyrir hlut sinn í hryðjuverkaárásum á Mumbaí árið 2008. Kasab er eini árásarmaðurinn af tíu sem lifði af.

Mennirnir tíu voru vopnaðir rifflum og gerðu árásir á tvö stór hótel, menningarmiðstöð gyðinga og fjölfarna umferðarmiðstöð. Þrjá daga tók að ráða niðurlögum mannanna. Alls kostuðu árásirnar 166 manns lífið. Indverjar telja að samtökin Lashkar-e-Taiba hafi skipulagt árásirnar. - gb

FYRIR VANDLÁTA




Frábært grill fyrir íslenskar aðstæður

79.900
FULLT VERÐ 95.000

- Mikil orka 16,5 kw/h
- Grillgrindur úr pottjárni
- 3 brennarar úr pottjárni
- Hitadreifarar úr pottjárni
- Grill, grindur, hitadreifarar og lok eru emaleruð
- Vönduð og sterk viðargrind
- Innbyggð neistakveikja
- Skúffa fyrir fitu
- Grillflötur: 64 x 49cm
- Stærð: 145 x 108 x 62 cm

Skoðið úrvalið á www.grillbudin.is

Opið laugardaga til kl. 16

LANDMANN
Er frá Þýskalandi

Grillbúðin
www.grillbudin.is
Hlíðasmára 13, Kóp - S. 554 0400

YFIR 20 GERÐIR GASGRILLA Á SUMARTILBOÐI



**Á LEIÐ Í GÆSLUVARÐHALD** Hreiðar Már Sigurðsson flaug á Saga Class frá London til Íslands í fyrrakvöld. Hann lenti um miðnætti. Hann fór í skýrslutöku í gær og þurfti að dúsa í fangaklefa á Hverfisgötu í nótt. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Héldu genginu uppi með falsviðskiptum

**Samkvæmt skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis lánaði Kaupþing áttatíu milljarða króna til að kaupa hlutabréf í bankanum. Lánveitingar til kaupa á eigin bréfum skekkja stöðu bankans og valda öðrum hluthöfum skaða.**

**VIÐSKIPTI** Hreiðar Már Sigurðsson, fyrrverandi forstjóri Kaupþings, og Magnús Guðmundsson, fyrrverandi bankastjóri Kaupþings í Lúxemborg og núverandi forstjóri Banque Havilland, voru handteknir í gær að loknum yfirheyrslum í húsakynnum sérstaks saksóknara. Farið var fram á gæsluvarðhald yfir þeim til að tryggja rannsóknarhagsmuni og gistu þeir í fangaklefa í nótt.

Mál sérstaks saksóknara snýr meðal annars að grun um markaðsmisnotkun. Þegar kreppti að á alþjóðlegum fjármagnsmörkuðum um mitt ár 2008 tók Kaupþing að selja eigin bréf úr veltubók til nokkurra einstaklinga í gegnum einkahlutafélög í þeim tilgangi að halda gengi hlutabréfanna uppi.

Í öllum tilvikum lánaði bankinn fyrir kaupunum ýmist með veði í bréfunum sjálfum eða með takmarkaðri ábyrgð. Nokkur viðskipti af þessum toga eru talin upp í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis. Lánveitingar til hlutabréfakaupanna sem talin eru upp í skýrslunni hljóða upp á tæpa áttatíu milljarða króna.



MAGNÚS GUÐMUNDSSON

Í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis er vakin athygli á því hversu oft Kaupþing í Lúxemborg, dótturfélag Kaupþings á Íslandi, er skráð kaupandi að hlutabréfum bankans. Í skýrslunni segir að svo virðist sem Kaupþing ytra hafi keypt hlutabréfin hönd viðskiptavina bankans inn á safnreikning og raunverulegt eignarhald því ekki komið fram.

Þá segir í skýrslunni að inngrip Kaupþings í viðskipti með hlutabréf bankans hafi skekkt þá mynd sem þáverandi hluthafar höfðu um verðmæti hlutabréfa sinna enda hafi nýir hluthafar keypt þá á of háu verði. Á sama tíma hafi aðrir viðskiptamenn Kaupþings orðið fyrir skaða þar sem svo virtist sem staða bankans væri betri en síðar kom á daginn.

jonab@frettabladid.is

## Umfangsmikil viðskipti til að halda uppi gengi Kaupþings

Í rannsóknarskýrslu Alþingis er fjallað um talsverðan fjölda mála sem varða lánveitingar til kaupa á hlutabréfum í bankanum sjálfum til að halda gengi hlutabréfa uppi.

- Lán til breska félagsins Crosslet Vale Ltd., sem er í eigu bræðranna Mendi og Moises Gertner, upp á 14,9 milljarða króna vegna kaupa félagsins á hlutabréfum bankans 11. júní 2008.
- Lán upp á rúma 25,7 milljarða króna til Q Iceland Finance, félags í eigu sjeiks Mohamed Bin Khalifa Al-Than, bróður emírsins af Katar. Það var nýtt til kaupa á fimm prósenta hlut í Kaupþingi 22. september 2008. Al-Thani varð við þetta þriðji stærsti hluthafinn í bankanum. Lánin fóru í gegnum tvö félög áður en þau fóru inn í Q Iceland FInance. Þá kom Ólafur Ólafsson að fjármögnun kaupanna. Í skýrslu rannsóknarnefndar er tekið fram að aðkoma Ólafs að kaupunum og afborganir Al-Thanis af láninu sé sérkennileg og verði ekki séð hvernig þau áttu að geta styrkt bankann, eins og sagði í tilkynningu frá Sigurði Einarssyni, stjórnarformanni Kaupþings og forstjóranum Hreiðari Má.
- Meðal þeirra mála sem send voru sérstökum saksóknara voru fimm lán Kaupþings til kýpverska félagsins Desulo Trading ltd. upp á samtals rúma 20 milljarða til kaupa á bréfum í bankanum sjálfum frá júní og fram í september 2008. Nokkur viðskiptanna fóru fram í gegnum Kaupþing í Lúxemborg. Grunur leikur á markaðsmisnotkun. Egill Ágústsson, framkvæmdastjóri Íslensk-ameríska, er skráður fyrir félaginu.
- Önnur félög sem koma við sögu eru Nýrækt ehf. (síðar fjárfestingarfélagið Mata) og Holt Investment Group Ltd.
- Meðal annarra mála sem send voru sérstökum saksóknara voru meint auðgunarbrot þegar Kaupþing lánaði fyrir sölu á skuldatryggingum á sjálft sig. Kaupendur skuldabréfanna, og þar með seljendur skuldatrygginganna, voru stórir viðskiptavinir Kaupþings, sem gátu einungis grætt á viðskiptunum á meðan áhættan lá alfarið hjá bankanum, að því er segir í skýrslu rannsóknarnefndarinnar.
- Brot á lögum um verðbréfaviðskipti og markaðsmisnotkun getur leitt til sex ára fangelsis.

Hringdu í síma
512 50 60
ef blaðið berst ekki




Max1 er 10 ára



Afmælistilboð
Fáðu 20% afslátt af nýjum hágæða dekkjum, í dag!

Sparaðu, kauptu hágæða dekk hjá Max1

Höldum saman uppá 10 ára afmæli Max1

**Fólksbíladekk, verðdæmi:**

Nokian 185/65R14, 14":
*Fullt verð: 14.837 kr./stk.*
*Afmælistilboð: 11.870 kr./stk.*

Nokian 195/65R15, 15":
*Fullt verð: 17.443 kr./stk.*
*Afmælistilboð: 13.954 kr./stk.*

Nokian 205/55R16, 16":
*Fullt verð: 21.164 kr./stk.*
*Afmælistilboð: 16.931 kr./stk.*

*Engar tímapantanir - komdu bara!*

Tilboð gildir til og með 31.5.2010

Spurðu um hvað við getum gert meira fyrir þig og öryggi þitt. Komdu á Max1 í dag.

**Nýttu þér betri þjónustu á Max1**
- Max1 Smurþjónusta
- Max1 Hjólbarðaþjónusta
- Max1 Demparaþjónusta
- Max1 Rafgeymaþjónusta
- Max1 Bremsuþjónusta
- Max1 Peruskipti
- Max1 Rúðuvökvaþjónusta
- Max1 Þurrkublaðaþjónusta
- Max1 Þrifþjónusta

**Reykjavík:** Bíldshöfði 5a og 8, Jafnasel 6, Knarrarvogur 2, sími 515 7190.
**Hafnarfjörður:** Dalshraun 5, sími 515 7190.
**Akureyri:** Tryggvabraut 5, sími 515 7050.

MAX1 BÍLAVAKTIN

*Við erum góðir í að gera hlutina fljótt og vel og ódýrt – skoðaðu: www.max1.is*

# Ferða- og jeppasýning

**laugardaginn 8. maí, frá kl. 12.00 til 16.00**

TOYOTA



Verso



Avensis



RAV4



Land Cruiser 150



Land Cruiser 200



Hilux

Glæsileg ferða- og jeppasýning í sýningarsal Toyota Kópavogi. Komdu í reynsluakstur og kynntu þér bílana sem henta í ferðalagið í sumar. Nýjustu jepparnir, ráðgjafar í ferðalögum innanlands og veitingar við hæfi.

**Ferðatilboð á betri notuðum sumarbílum.**

**Toyota Kópavogi**
**Nýbýlavegi 4**
**Sími: 570-5070**
**www.toyotakopavogi.is**

BÍLAVOR 2010

**Today Tomorrow Toyota**

## VEISTU SVARIÐ?



1. Hvað heitir nýtt framboð í Kópavogi sem Hjálmar Hjálmarsson fer fyrir?
2. Hver rappar með Erpi á væntanlegri sólóplötu hans?
3. Hve margir gestir renndu sér á skíðum í Hlíðarfjalli nýliðinn vetur?

SJÁ SVÖR Á SÍÐU 42

Umferð dregst saman um hringveginn nema á Norðurlandi:

# Minni bílaumferð nú en í fyrra

**SAMGÖNGUR** Umferð um hringveginn dróst verulega saman fyrstu fjóra mánuði ársins, á 16 völdum talningarstöðum. Þetta jafngildir 3,2 prósentum og er mesti samdráttur í langan tíma.

Í fyrra jókst umferðin fyrstu fjóra mánuði ársins um 0,7 prósent, en stóð í stað árið 2008. Árið 2007 jókst hún um tæp 14 prósent á sama tíma. Þetta er því mikil breyting á skömmum tíma.

Á heimasíðu Vegagerðarinnar segir að erlendar rannsóknir sýni mikla fylgni með þjóðarhag og umferðarsveiflu og þá fylgni megi einnig sjá hér á landi.

Mælingar sýna samdrátt á öllum landsvæðum, nema Norðurlandi, þar var örlítil hækkun. Það kann að skýrast af mikilli skíðasókn í vetur. Umferð á Suðurlandi og höfuðborgarsvæðinu minnkar um tæp fjögur prósent. - kóp

### Tafla um akstursaukningu

| | 2010/2009 | | 2009/2008 | |
|---|---|---|---|---|
| | **Milli aprílmánaða** | **Frá áramótum** | **Milli aprílmánaða** | **Frá áramótum** |
| Suðurland | -6,6% | -4,0% | 8,1% | 3,6% |
| Höfuðborgarsvæðið | -7,8% | -4,0% | -2,0% | -1,1% |
| Vesturland | -11,1% | -2,9% | 12,0% | -,03% |
| Norðurland | -10,7% | 0,2% | 21,0% | 0,9% |
| Austurland | -15,4% | -0,2% | 31,2% | 0,9% |
| **Samtals** | **-7,8%** | **-3,2%** | **6,4%** | **0,7%** |

Deilt um reynslu af Fasteign:

## Bæjarstjóri er ekki aðalleikari

**SVEITARSTJÓRNIR** Guðbrandur Einarsson, bæjarfulltrúi A-lista í Reykjanesbæ, segir Árna Sigfússon bæjarstjóra fara með rangt mál í fréttatilkynningu sem bærinn sendi frá sér um málefni Eignarhaldsfélagsins Fasteignar í kjölfar skýrslu frá Capacent um reynsluna af aðild bæjarins að félaginu. „Fréttatilkynningin frá Reykjanesbæ gefur tilefni til að ætla að áfram verði haldið með froðusnakkið,“ segir í bókun Guðbrands. Í bókun fulltrúa Sjálfstæðisflokks segir hins vegar að skýrslan staðfesti málflutning þeirra.



GUÐBRANDUR EINARSSON

„Fullyrðingum Guðbrands Einarssonar og tilraunum hans til að gera persónu bæjarstjóra að aðalleikara í túlkun á niðurstöðu skýrslunnar er vísað til föðurhúsanna,“ segir í bókun þeirra. - gar



**HELGUVÍK** Reyknesingar vilja að ríkið leggi fé í hafnarframkvæmdir.

Reyknesingar ósáttir:

## Vilja meira til samgöngubóta

**SVEITARSTJÓRNIR** „Óviðunandi er að gangandi og hjólandi vegfarendur innan Reykjanesbæjar þurfi að fara yfir eina fjölförnustu hraðbraut landsins á leið sinni milli íbúðahverfa,“ segir í ályktun bæjarráðs Reykjanesbæjar sem gagnrýnir að aðeins skuli gert ráð fyrir samtals 145 milljónum króna á þessu ári og því næsta til að gera gatnamót Reykjanesbrautar og Grænásbrautar öruggari.

Bæjarráðið er einnig ósátt við að engin framlög séu til hafnarframkvæmda í Helguvík, tengingu með svokölluðum Olíuvegi frá Reykjanesbraut niður á Keflavíkurveg eða til þess að „útrýma svartbletti“ við gatnamót á Reykjanesbraut - gar

# 420 milljarða vantar upp á skuldbindingar

**Ríkið vantar tæplega ein fjárlög til að fjármagna lífeyri ríkisstarfsmanna frá 2025. Stórt samfélagslegt verkefni, segir fjármálaráðherra. Taka á eignir LSR inn í ríkissjóð og koma upp gegnumstreymissjóði, segir Vigdís Hauksdóttir.**

**ALÞINGI** 420 milljarða króna vantar upp á að ríkissjóður hafi fjármagnað áfallnar framtíðarskuldbindingar vegna eftirlauna opinberra starfsmanna.

Þar af vantar um 350 milljarða inn í svokallaða B-deild Lífeyrissjóðs ríkisstarfsmanna (LSR) og um 40 milljónir inn í Lífeyrissjóð hjúkrunarfræðinga en einnig vantar nokkuð upp á að A-deild LSR standist tryggingafræðilegar kröfur.

Þetta kom fram við umræður á Alþingi í gær. Til samanburðar voru tekjur ríkissjóðs áætlaðar 468 milljarðar króna í fjárlagafrumvarpi ársins 2010.

B-deild LSR heldur utan um réttindi ríkisstarfsmanna sem hófu störf fyrir 1996. Réttindi þeirra eru ekki háð ávöxtun fjármuna LSR líkt og í öðrum lífeyrissjóðum.

Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra sagði að B-deildin gæti staðið undir skuldbindingum fram til 2025. Auka þurfi inngreiðslur til að standa undir skuldbindingum eftir þann tíma. „Við þurfum endilega að fá alla saman að þessu borði til að skoða og kortleggja framtíðina,“ sagði Steingrímur. „Þetta er stórt og mikið samfélagslegt verkefni sem varðar okkur öll.“ Vandinn sé meðal annars sá að greiðslur inn í LSR voru ekki nægilegar á árunum 2004-2007 þegar afgangur á ríkissjóði var mestur.

Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins, sagði ósanngjarnt að lífeyrisþegi á almennum markaði, sem nú hefur skert réttindi vegna taps almennra lífeyrissjóða vegna hrunsins, þurfi jafnframt að þola það að hluti þeirra skatta, sem hann greiðir, renni í að standa undir óskertum lífeyri opinberra starfsmanna.

Fram kom hjá fjármálaráðherra að þótt lífeyrissjóðirnir hafi þurft að skerða réttindi í kjölfar hrunsins séu réttindin sem þeir veita nú svipuð og var árið 2006. Opinberir starfsmenn hafi ekki notið aukinna réttinda frá 2006 fram að hruni í sama mæli og lífeyrisþegar á almennum markaði.

Vigdís Hauksdóttir, Framsóknarflokki, sagði að rétt væri að kanna möguleika á að leggja niður LSR, og nota eignir sjóðsins í að laga til í rekstri ríkisins. Fjármagna eigi lífeyrisgreiðslur opinberra starfsmanna úr gegnumstreymissjóði. „Þeir eru hvort sem er með ríkisábyrgð,“ sgaði Vigdís. peturg@frettabladid.is



**FJÁRMÁLARÁÐHERRA** Lífeyriskerfi Íslendinga er eitt hinna þriggja bestu í heimi ásamt þeim svissnesku og hollensku, sagði Steingrímur J. Sigfússon á Alþingi í gær. Hreinar eignir námu 119 prósentum af landsframleiðslu í lok síðasta árs en hlutfallið var 130 prósent árið 2007.



BJARNI BENEDIKTSSON



VIGDÍS HAUKSDÓTTIR


## Aðalfundur ÍFR 2010




Aðalfundur Íþróttafélags fatlaðra í Reykjavík verður haldinn laugardaginn **15.maí 2010 kl. 14.00** í íþróttahúsi félagsins að Hátúni 14.

**Dagskrá:**
1. Venjuleg aðalfundarstörf
2. Önnur mál

Stjórnin







Þingmenn saumuðu að forsætisráðherra vegna launamála seðlabankastjóra:

# Enginn kannast við að hafa gefið loforð um laun seðlabankastjóra

**ALÞINGI** Jóhanna Sigurðardóttir vísaði því á bug á Alþingi í gær að hún eða Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra hefðu vitað af fyrirheiti sem Má Guðmundssyni seðlabankastjóra var gefið um að laun seðlabankastjóra yrðu óskert hvað sem liði ákvörðunum kjararáðs.

Jóhanna sagðist engin samtöl hafa átt við Láru V. Júlíusdóttur, formann bankaráðs Seðlabankans, í aðdraganda þess að tillagan var gerð. „Ég hef haft samband við mitt starfsfólk í ráðuneytinu og það kannast enginn við að hafa gefið slíkt loforð,“ sagði Jóhanna.

Þingmennirnir Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, Sigurður Kári Kristjánsson og Birkir Jón Jónsson beindu spurningum til Jóhönnu vegna tillögunnar um að Má verði bætt sú 400.000 króna skerðing á launum sem leiðir af nýlegri ákvörðun kjararáðs.

„Laun seðlabankastjóra geta ekki verið úr takti við aðrar ákvarðanir sem teknar hafa verið af hálfu hins opinbera,“ sagði Jóhanna.

Líklega verði tillagan dregin til baka „enda er það skynsamlegt því að það að hækka launin er úr öllum takti við þá stefnu sem ríkisstjórnin hefur markað.“

Sigurður Kári fann að því að Jóhanna svaraði ekki því hver gaf loforðið, að frumkvæði hvers og með vitneskju hverra. - pg



**FORSÆTISRÁÐHERRA** Sagði á Alþingi að ákvörðun um ráðningu Más Guðmundssonar í starf seðlabankastjóra hefði fyrst verið tekin eftir að þriggja manna nefnd fór yfir umsóknir.

# nettó
*Ódýrt fyrir heimilið!*



## KJÚKLINGUR
HEILL, FERSKUR

38% afsláttur

597 kr/kg
áður 963 kr/kg

# Grilltilboð!

**LAMBALÆRI**
ÓDÝRT



998 kr/kg
áður 1.331 kr/kg

**SVÍNALUND**
FROSIN

30% afsláttur



1.399 kr/kg
áður 1.998 kr/kg

**GRÍSAMÍTÚTUSTEIK**
FERSK




1.358 kr/kg
áður 1.698 kr/kg

**LAMBAKÓTILETTUR**
GRILL

30% afsláttur




1.989 kr/kg
áður 2.842 kr/kg

KJÖTSEL

**KJÚKLINGABRINGUR**
900 gr




1.298 kr/pk

**GRILLBORGARAR**
10 stk, 90 gr, FROSNIR



1.119 kr/pk
áður 1.598 kr/pk

KJÖTSEL

**BÖKUNARKARTÖFLUR**

50% afsláttur



99 kr/kg
áður 198 kr/kg

**SÆTAR KARTÖFLUR**

50% afsláttur



174 kr/kg
áður 348 kr/kg

**CAROLINA COOKING SAUSE**

50% afsláttur




199 kr/stk
áður 398 kr/stk

Tilboðin gilda 6. - 9. maí eða meðan birgðir endast
Birt með fyrirvara um prentvillur

Skráðu þig á póstlistann á **www.netto.is**!
Mjódd - Salavegi - Hverafold - Akureyri - Höfn - Grindavík - Reykjanesbæ

www.markhonnun.is



**HÖFÐINGI Í PARÍS** Raoni, höfðingi Caiapomanna í Brasilíu, stillti sér upp fyrir ljósmyndara í safninu Quai Branly í París, þar sem hann kynnti nýútkomnar æviminningar sínar. NORDICPHOTOS/AFP

Sala nýrra bíla hefur aukist fyrstu fjóra mánuði ársins eftir afar litla sölu síðustu ár:

# Söluaukningin var mest í mars

**EFNAHAGSMÁL** Fleiri nýir fólksbílar seldust fyrstu fjóra mánuði ársins en á sama tíma í fyrra. „Alls seldust 400 nýir fólksbílar frá áramótum fram til aprílloka á þessu ári, en á sama tímabili í fyrra seldust 349 nýir fólksbílar. Þetta er aukning upp á 14,6 prósent milli ára,“ segir í frétt Bílgreinasambandsins.



**ÖZUR LÁRUSSON**

Aukning milli ára var mest í mars. Þá var salan ríflega tvöföld miðað við árið áður. Þá seldust 156 nýir fólksbílar, miðað við 69 bíla í mars 2009. Í apríl hægði svo á þróuninni, en þá mældist aukning milli ára 18 prósent, samkvæmt upplýsingum Bílgreinasambandsins.

„Þessi aukning er merki um að tekið sé að lifna yfir bílamarkaðinum sem hefur verið afar daufur síðustu tvö ár. Á þeim tíma hefur meðalaldur bílaflota Íslendinga aukist hratt og er hann nú með því hæsta sem gerist í nágrannalöndum okkar,“ segir í tilkynningu sambandsins. Meðalaldur bílaflotans er sagður 10,2 ár á meðan meðalaldur flotans í Evrópusambandinu sé 8,5 ár. „Á síðasta ári seldust um það bil 2.000 fólksbílar hér á landi en gert er ráð fyrir að um 10.000 til 15.000 nýir bílar þurfi að fara á götuna árlega til að eðlileg endurnýjun eigi sér stað í bílaflota landsmanna.“

Haft er eftir Özuri Lárussyni, framkvæmdastjóra Bílgreinasambandsins, að aukin sala sé vísbending um að efnahagslífið sé að taka við sér eftir mögur ár í kjölfar bankahrunsins. **- óká**



**VORVERKIN** Nú fer í hönd árstíminn þegar fólk leggur meira upp úr því að þrífa bíla sína. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Í apríl fékk fréttavefurinn okkar
450 þúsund heimsóknir frá útlöndum
www.icelandreview.com.

Hvar var
auglýsingin
þín?



heimur
Auglýsingasími: 512-7575




**Á HLUTHAFAFUNDI** Aðgerðasinni í hópi hluthafa Credit Suisse uppáklæddur sem jólasveininn birtist á skjá að baki æðstu stjórnendum bankans í mótmælum gegn ofurbónusum á aðalfundi bankans 30. apríl síðastliðinn. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Sviss vill ekki lenda í sporum Íslendinga

**Tveir stærstu bankar Sviss verða að draga úr áhættu og bæta aðgang að handbæru fé, samkvæmt nýjum reglum fjármálaeftirlits þar. Svissnesk stjórnvöld ætla ekki að heimila bönkum að vera of stórir til að mega fara á hausinn.**

**SVISS** Stjórnvöld í Sviss hafa gert tveimur stærstu bönkum landsins að draga úr áhættu og auka eiginfjárgrunn sinn. Bankarnir eru UBS AG og Credit Suisse Group AG.

Bloomberg greinir frá því að með þessu hafi landið brugðist við á undan eftirlitsstofnunum fjármálakerfa í Evrópulöndum og Bandaríkjunum. Aðgerðir Svisslendinga eru sagðar drifnar áfram af óttanum við að lenda í sömu sporum og Ísland. Þótt löndin séu í grunninn ólík áttu þau þó eitt sameiginlegt, risastór bankakerfi í samanburði við efnahag landanna.

„Á eftir Íslandi á Sviss við mestan vanda að etja vegna banka sem orðnir eru of stórir til að þeir megi fara á hausinn,“ hefur Bloomberg eftir Urs Birchler, prófessor við stofnun Zürich-háskóla sem sérhæfir sig í bankamálum. Hann er jafnframt fyrrum ráðgjafi seðlabanka í fjármálastöðugleika. „Mögulega gæti vandinn sett Sviss út af sporinu, bæði í efnahagslegu og lýðræðislegu tilliti.“

Hvor um sig eiga UBS og Credit Suisse eignir yfir einni billjón svissneskra franka (900 milljarðar dala, eða 114,3 billjónir króna), tvöfalda stærð svissneska hagkerfisins. Reglurnar sem fjármálaeftirlit Sviss hefur sett bönkunum um eigið fé og handbært fé eru meðal annars hluti þeirra sem enn eru til umræðu í Basel-nefndinni um fjármálaeftirlit.

Þá veltir umræðuhópur á vegum ríkisstjórnar Sviss fyrir sér leiðum til að skipta upp bönkunum, komi til þess að þeir lendi í þrengingum sem leitt gætu til svipaðrar stöðu og kom upp hér á landi. „UBS og Credit Suisse verða að búa til áætlanir um að skilja á milli starfsemi sem er þjóðhagslega nauðsynleg og annarrar sem verður látin rúlla komi til áfalls,“ segir í frétt Bloomberg.

Sviss hljóp undir bagga með UBS í vandræðum bankans árið 2008 og fjárfesti í honum fyrir sex milljarða franka (tæplega 700 milljarða króna). Innan við ári síðar seldi ríkið svo hlut sinn með 1,2 milljarða franka (139 milljarðar króna) hagnaði.

Næst lætur ríkið banka í vandræðum fara á hausinn, er haft eftir Thomas Jordan, varaformanni Seðlabanka Sviss, en hann á jafnframt sæti í umræðuhópnum sem svissnesk stjórnvöld hafa falið að fjalla um bankakerfið þar.

olikr@frettabladid.is



Borgarganga með Hjálmari

**Fræðsluganga um Vogahverfi milli 10 og 12 á laugardag**

**Hittumst austan við Glæsibæ** og göngum um Skeifu, Mörk og austur Suðurlandsbraut, yfir í Dugguvog og gegnum Vogahverfið til baka í Glæsibæ. Skoðum tækifæri og vandamál í austurborginni með Pétri H. Ármannssyni arkitekt sem kynnir hugmyndir sínar um línuborgina.

**Allir velkomnir í góðan göngutúr!**

visir.is
„...ég sá það á vísi“

Fyrrverandi seðlabankastjóri Bandaríkjanna styður uppbyggingu laxastofna:

# Villtir laxastofnar njóti fjármálagróða

**UMHVERFISMÁL** Paul Volcker, fyrrverandi seðlabankastjóri Bandaríkjanna, hefur gengið til liðs við Norður-Atlantshafslaxasjóðinn (NASF) undir formennsku Orra Vigfússonar.

„Nýlega valdi Obama forseti Volcker til að leiða teymi hans um efnahagslega endurreisn og nú er það Norður-Atlantshafslaxajóðurinn sem biður um liðsinni Volckers til að endurreisa stofna villta Atlantshafslaxins,“ segir í frétt frá NASF.

Volcker, sem var seðlabankastjóri Bandaríkjanna á árunum 1979 til 1987, er persónulegur vinur Orra Sigfússonar og forfallinn fluguveiðimaður. Að því er segir í tilkynningunni frá NASF hefur Volcker um árabil stutt sjóðinn í að kaupa upp netalagnir laxveiðimanna í sjó á Norður-Atlantshafi og þar með leitast við að laxinn gæti gengið í ár sínar og hrygnt.



**PAUL VOLCKER** Stýrði Bandaríkjunum út úr verðbólguskeiði sem seðlabankastjóri og talar nú fyrir verndun laxastofna. NORDIC PHOTOS/AFP

Til að styðja NASF samþykkti Volcker nýlega að halda ræður í tveimur kvöldverðum með áhrifafólki í fjármálaheiminum í París og London. Óhætt er að segja að Volcker njóti víðtækrar virðingar fyrir störf sín. Þannig segir núverandi seðlabankastjóri Bandaríkjanna, Ben Bernanke, í grein í nýjasta hefti tímaritsins Time að sigur seðlabankans, undir stjórn Volckers, á verðbólgu snemma á níunda áratugnum hafa lagt grunn að vexti hagkerfisins í áratugi.

Að því er segir í tilkynningu NASF sagði Volcker í París að fjármálafyrirtæki, sérstaklega í Bandaríkjunum og Englandi, hefðu verið ákaflega ábatasöm. Í anda þess að „þiggja og gefa“ ættu sum þessara fyrirtækja og einstaklingar sem hafa hagnast vel að leggja rausnarleg framlög til NASF. **- gar**

# Lagersala!

โกดังสินค้าเลหลัง
Wyprzedaż zapasów magazynowych

## Í Askalind 2A, Kópavogi

# 30-70% afsláttur

## OPNUM Á MORGUN, LAUGARDAG!






**Opið:**
**Laugardag kl. 11-17,**
**sunnudag kl. 13-17.**

HEIMA
HÚSIÐ

heima Öndvegi lifum
BÚUM BETUR
SKRIFSTOFUHÚSGÖGN

HEIMILI OG SKÓLI

ÓSKAR EFTIR TILNEFNINGUM TIL FORELDRAVERÐLAUNA 2010

Foreldraverðlaun Heimilis og skóla – landssamtaka foreldra verða veitt þriðjudaginn 1. júní 2010 kl. 15.00 við hátíðlega athöfn í Þjóðmenningarhúsinu. Mennta – og menningarmálaráðherra Katrín Jakobsdóttir veitir verðlaunin.

Tilnefningar sendist á rafrænan hátt með því að fylla út eyðublað á www.heimiliogskoli.is.

Síðasti skiladagur tilnefninga er 10. maí 2010.

Heimili og skóli
Landssamtök foreldra
Suðurlandsbraut 24 • 108 Reykjavík
Sími 5627475 • www.heimiliogskoli.is

Auglýsingasími
512 54 01



Allt sem þú þarft...

vísir.is
„...ég sá það á vísi"

FRÉTTAVIÐTAL: Lára V. Júlíusdóttir formaður bankaráðs Seðlabankans

# Eðlilegt af Má að gera fyrirvara um laun miðað við aðstæðurnar

**Útlit er fyrir að ekki verði staðið við samkomulag sem gert var við Má Guðmundsson um laun. Lára V. Júlíusdóttir, formaður bankaráðs Seðlabankans, hefur sagt að henni hafi verið falið að efna samkomulagið. Á hinn bóginn hefur hún hvorki viljað upplýsa hver gerði samkomulagið við Má né hver fól henni að efna það.**



FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

**FORMAÐUR BANKARÁÐSINS** Lára V. Júlíusdóttir var aðstoðarmaður Jóhönnu Sigurðardóttur við upphaf ráðherraferils hennar árið 1987. Hún kveðst vera mikill aðdáandi Jóhönnu og telur að launamál seðlabankastjórans spilli ekki sambandi þeirra.

*Þú hefur ekki viljað segja hver gaf Má Guðmundssyni fyrirheit um að laun hans yrðu þau sömu og forvera hans. Hvers vegna ekki?*

„Ég kýs að tjá mig ekki um ástæður þess."

*Finnst þér þjóðin ekki eiga heimtingu á að vita hver gaf þetta fyrirheit?*

„Ekki frá mér."

*Hver bar þér þau boð að borga bæri Má sömu laun og forveri hans hafði?*

„Þegar gengið var frá því að hann kæmi til starfa þá gerði hann áskilnað um þetta atriði og því var vitað af því þegar hann hóf störf. Það var gengið frá þessu í júní eða júlí, hann kom til starfa í ágúst, en það var ekki fyrr en í febrúar að niðurstaða kom í kjararáði. Í framhaldi af því var nauðsynlegt að taka afstöðu til þess hvernig túlka eigi breytingu 28. greinar Seðlabankalaganna og finna út hvernig ætti að meðhöndla málið."

*Forsætisráðherra hefur hvað eftir annað neitað að Má hafi verið gefið eitthvert fyrirheit. Hvernig ber að skilja málið í því ljósi?*

„Ég kýs að skilja það þannig að ekki sé vilji til að fylgja þeim fyrirheitum eftir í ljósi ástandsins."

*Hvað finnst þér um að Má hafi verið gefið fyrirheit um tiltekin laun?*

„Ef ég á að vera hreinskilin þá finnst mér eðlilegt að hann hafi gert þennan fyrirvara miðað við það launaumhverfi sem hann kom úr. Það verður að skoða málið í því ljósi. Hann er að koma úr starfi sem er margfalt betur launað heldur en það starf sem hann er að taka við. Og það er ósköp eðlilegt að menn fari yfir slíkar breytingar bæði með sjálfum sér og sinni fjölskyldu.

Það verður líka að líta til þess að andrúmsloftið í samfélaginu er annað nú en það var fyrir ári. Það eru rúmar þrjár vikur liðnar frá því að rannsóknarskýrslan kom út og skýrslan er uppfull af dæmum um alls konar sukk og svínarí. Að sjálfsögðu tengjum við svona fréttir ekki öðru en sukki og svínarí og það er ósköp eðlilegt. Það er líka ósköp eðlilegt að fólk sé reitt."

*Finnst þér laun upp á tæpar þrettán hundruð þúsund of lág fyrir seðlabankastjóra?*

„Það fer eftir samhenginu. Miðað við laun alls þorra fólks eru þetta mjög há laun. Ef við berum þau hins vegar saman við laun annarra bankastjóra hér á landi þá eru laun seðlabankastjóra annaðhvort of lág eða laun annarra bankastjóra of há. Við getum líka sett þetta í alþjóðlegt samhengi og reiknað þetta út í evrum eða dollurum eða litið til þess að millistjórnendur í bönkunum voru gjarnan með á milli sex og sjö milljónir í mánaðarlaun.

Ég held að flestir myndu telja þessi laun mjög góð en ég er ansi hrædd um að þeir einstaklingar sem hér eiga í hlut geti fengið mun betri laun annars staðar. Við þurfum að skoða málið í því samhengi og spyrja hvort við eigum á hættu að missa besta fólkið okkar til útlanda eða til einkageirans."

*Telurðu þá að kjarastefna stjórnvalda sé í raun skaðleg ríkinu?*

„Ef þú ert að vísa til laganna um að láta kjararáð ákvarða laun 22 embættismanna þá lít ég ekki á þau sem kjarastefnu stjórnvalda heldur sértæka aðgerð sem beinist gegn tilteknum einstaklingum. Ég held að kjarastefna stjórnvalda þurfi að vera miklu víðtækari og að hana verði að kalla fram með öðru en valdboði. Ég hef efasemdir um að hægt sé að kalla fram svona breytingar með valdboði."

*Í ljósi ákvörðunar kjararáðs þarf þá bankaráðið eða eftir atvikum seðlabankastjóri að lækka laun annarra stjórnenda í Seðlabankanum til að eðlilegt jafnvægi sé á milli launa manna eftir því hvar þeir eru í valdapýramídanum?*

„Það kemur fram í lögum hvernig laun eru ákveðin innan bankans. Langflestir eru á samningsbundnum kjörum og í þeim kjarasamningum er tekið fram að þau megi ekki lækka. Stór hluti starfsmanna er því varinn af þeim samningum. Nokkrir æðstu embættismenn bankans taka laun í hlutfalli við laun seðlabankastjóra eða samkvæmt ákvörðun hans og það er þá hans að ráða fram úr þeim málum. Að sjálfsögðu hefur þetta áhrif á allt kerfið enda er þessum lögum ætlað að hafa slík áhrif. Mönnum er ætlað að þrýsta niður kaupinu í sinni stofnun."

*Er bankastjórinn ekki lengur launahæsti starfsmaður bankans?*

„Ég bara veit það ekki."

*Þú lagðir tillöguna fram á bankaráðsfundi í síðustu viku og þar spunnust um hana umræður. Telurðu að það hafi verið meirihluti fyrir henni innan ráðsins?*

„Ég vil í raun ekki velta því fyrir mér. Ég lít þannig á að bankaráðið eigi að rækja störf sín sameiginlega frekar en að í því séu meirihluti og minnihluti. Mér þykir vænt um að þar geti farið fram hreinskiptar umræður án þess að fólk bindi sig um of á klafa flokkanna.

Þótt fulltrúar í bankaráðinu séu kosnir af Alþingi eru þeir þar sem einstaklingar sem þingið velur til að gegna þessum störfum."

*Ertu búin að ákveða endanlega að draga tillöguna um kjarabætur Más til baka?*

„Mér sýnist einsýnt að ég geri það en það verður ekki fyrr en í lok maí þegar bankaráðið kemur næst saman. Enginn veit svosem ævina fyrr en öll er og ef einhver lausn kemur fram eða ný sýn þá mun ég fagna því."

*Gæti komið til greina að þú legðir fram nýja tillögu um einhverjar kjarabætur til handa seðlabankastjóra?*

„Ég held að það sé farsælast fyrir alla að setja málið í bið og lofa því að þroskast. Annað get ég ekki sagt um það."

*Óttastu að Már Guðmundsson kunni að láta af störfum í bankanum út af þessu máli?*

„Það er erfitt að segja en ég held þó að það komi ekki til þess. Hitt vil ég samt segja að það þarf ekki margar svona uppákomur til að skapa tortryggni og pirring og þess vegna ber að forðast svona lagað. Ég er vinnuréttarlögfræðingur og hef starfað sem slíkur í tæp 30 ár. Ég veit hversu viðkvæm kjaramál eru og þekki togstreituna sem getur komið upp vegna launa."

*Hvernig metur þú þína stöðu eftir þetta mál og samband þitt við forsætisráðherra sem valdi þig til formennsku í bankaráðinu?*

„Ég hef alltaf verið mikill aðdáandi Jóhönnu Sigurðardóttur, ég var aðstoðarmaður hennar um tíma, og mér þykir hún afar skelegg og staðföst. Ég lít á þetta eins og hverja aðra uppákomu í samskiptum tveggja einstaklinga sem eru að vinna vinnuna sína. Hvað mig áhrærir kemst ég auðveldlega yfir þetta."

*Í ljósi þess að fyrirheitið var gefið og málið virðist hafa verið undirbúið um nokkurt skeið lítur út fyrir að þú sért skilin eftir á köldum klaka. Finnst þér það allt í lagi?*

„Ég lít ekki svo á að ég hafi verið skilin eftir á köldum klaka, og barma mér ekki. Í lögmennskunni er ég vön því að taka því sem að höndum ber. Sum mál vinnast, önnur ekki. En svona er lífið, allir takast þar á við miserfið verkefni. Stundum gengur vel og stundum ekki. Það vill bara þannig til að þetta mál er á allra vörum. Ég geri ráð fyrir að við komumst í gegnum þennan skafl eins og aðra."



BJÖRN ÞÓR SIGBJÖRNSSON
bjorn@frettabladid.is

## Til stóð að hækka laun Más um 400.000

Lára V. Júlíusdóttir, formaður bankaráðs Seðlabankans, lagði fram tillögu í bankaráðinu í síðustu viku um að laun Más Guðmundssonar yrðu hækkuð um 400 þúsund krónur á mánuði. Morgunblaðið upplýsti um málið á mánudag. Tillagan var lögð fram í ljósi samkomulags sem gert var við Má í aðdraganda skipunar hans í embætti. Lára hefur ekki viljað upplýsa hver gerði samkomulagið við Má. Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra hefur alfarið neitað að hafa gert samkomulagið og að slíkt samkomulag hafi yfir höfuð verið gert.

Laun seðlabankastjóra voru lækkuð með ákvörðun kjararáðs í febrúar. Byggði sú ákvörðun á sérstökum lögum um kjör 22 embættismanna og forstjóra opinberra fyrirtækja. Ákvað kjararáð laun seðlabankastjóra tæplega þrettán hundruð þúsund. Forveri Más í embætti var með um sextán hundruð þúsund krónur á mánuði.

Vinstrihreyfingin - grænt framboð vill beita sér fyrir róttækum þjóðfélagsumbótum almenningi til hagsbóta, hefja vernd náttúru og umhverfis til vegs á Íslandi og treysta byggð um allt land. // sjá meira á www.vg.is/stefna/

Umræðufundur
um rannsóknarskýrsluna

Vinstri græn í Reykjavík kalla félagsmenn og kjörna fulltrúa til fundar um rannsóknarskýrsluna kl. 11-15 sunnudaginn 9. maí að Vesturgötu 7, Rvk. Umræður fara fram með þjóðfundarsniði og boðið verður upp á súpu um miðbik fundarins.

**Skráningu lýkur föstudaginn 7. maí kl. 18.00.**
Nánari upplýsingar á www.vgr.is.




VINSTRI GRÆN
–vegur til framtíðar

Suðurgata 10 | sími 517 0723 | reykjavik@vg.is | www.vg.is

Ný sending af SONY sjónvörpum komin í hús!



# LED sjónvörp - líka falleg á hlið

## Frábær verð, mögnuð gæði og einstök hönnun




**KDL22EX302 22"**
BRAVIA Engine 2
HD Ready 1366x768 punktar
Birtuskynjari
Stafrænn móttakari Mpeg4
USB tengi og DivX afspilun
Leiðbeiningar innbyggðar í tækið
Verð: 109.900




**KDL32EX402 32"**
BRAVIA Engine 2
BRAVIA Internet Video
Full HD 1920x1080 punktar
USB tengi og DivX afspilun
Leiðbeiningar innbyggðar í tækið
Möguleiki á þráðlausu neti
Verð: 159.900




**KDL37EX500 37" 100hz**
BRAVIA Engine 3
BRAVIA Internet Video
Full HD 1920x1080 punktar
USB tengi og DivX afspilun
Leiðbeiningar innbyggðar í tækið
Möguleiki á þráðlausu neti
Verð: 219.900




**KDL40EX700 40" LED 100hz**
BRAVIA Engine 3
BRAVIA Internet Video
Full HD 1920x1080 punktar
USB tengi og DivX afspilun
Leiðbeiningar innbyggðar í tækið
Möguleiki á þráðlausu neti
Verð: 299.900




**KDL46EX500 46" 100hz**
BRAVIA Engine 3
BRAVIA Internet Video
Full HD 1920x1080 punktar
USB tengi og DivX afspilun
Leiðbeiningar innbyggðar í tækið
Möguleiki á þráðlausu neti
Verð: 369.900




**KDL55EX500 55" 100hz**
BRAVIA Engine 3
BRAVIA Internet Video
Full HD 1920x1080 punktar
USB tengi og DivX afspilun
Leiðbeiningar innbyggðar í tækið
Möguleiki á þráðlausu neti
Verð: 499.900




**KDL40HX700 40" 200hz**
Glæsileg "Monolithic" hönnun
BRAVIA Engine 3
BRAVIA Internet Video
Full HD 1920x1080 punktar
USB tengi og DivX afspilun
Leiðbeiningar innbyggðar í tækið
Möguleiki á þráðlausu neti
Verð: 329.900




**KDL40NX700 46" LED 100hz**
Glæsileg "Monolithic" hönnun
BRAVIA Engine 3
BRAVIA Internet Video
Full HD 1920x1080 punktar
Edge LED - Deep Black Panel
Innbyggt WiFi þráðlaust net
USB tengi og DivX afspilun
Verð: 359.900

Sony Center
Kringlunni
103 Reykjavík
588-7669
www.sonycenter.is

**Sony Center**

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# LAMBAKJÖT FERSKT EÐA FORKRYDDAÐ !


998 KR.KG
K.S FROSIÐ LAMBALÆRI


2698 KR.KG
K.S FROSIÐ LAMBAFILLET



2918 KR.KG
SS GRAND ORAGNE LAMBAFILLET
*30% AFSLÁTTUR*
MERKT VERÐ 4168 KR.KG .
*EITT TONN Í BOÐI Á ÞESSU VERÐI*


1398 KR.KG
K.S LAMBALÆRI Í SNEIÐUM


1598 KR.KG
K.S LAMBAHRYGGUR Í SNEIÐUM



205 KR. FL
HUNTS BBQ SÓSA 612g



398 KR. FL
CAJ-P GRILLSÓSA 500ML


998 KR.KG
K.S FROSIÐ LAMBA-SIRLON

KRYDDIÐ SJÁLF
ÞAÐ ER ÓDÝRARA..



2398 KR.KG
KF KINDAFILLET KRYDDAÐ
. MERKT VERÐ 2998 KR.KG.
*20% AFSLÁTTUR*

# FERSKT GRÍSAKJÖT Á GÓÐU VERÐI


498 KR.KG
GV FERSKUR GRÍSABÓGUR



879 KR.KG
GV FERSKT GRÍSAGÚLLAS



879 KR.KG
GV FERSKUR GRÍSAHNAKKI



1498 KR.KG
GV FERSKAR GRÍSALUNDIR



879 KR.KG
GV FERSKT GRÍSASNITSEL



879 KR.KG
GV FERSKAR GRÍSAKÓTILETTUR

BÓNUS BÝÐUR BETUR

VISA

AFGREIÐSLUTÍMI
FÖSTUDAGUR
10:00-19:30

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# FERSKUR KJÚKLINGUR Á GÓÐU VERÐI




598 KR.KG

BÓNUS FERSKUR HEILL KJÚKLINGUR




1598 KR.KG

BÓNUS FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR

ÞARF AÐEINS AÐ HITA !




398 KR. STK

GRÍMS PLOKKFISKUR 400G



30% AFSLÁTTUR

K.S FROSIN LAMBASVIÐ

MERKT VERÐ 298 KR. 209 kr.kg.




139 KR.PK

BÓNUS XL HAMBORGARABRAUÐ 4 STK

1359 KR.KG

KF FROSNIR UNGNAUTA-HAMBORGARAR 10 X 120G




259 KR. 1 KG

BARILLA SPAGHETTI 1 KG

SPAGHETTI BOLOGNESE

NÚ ER GOTT VERÐ Á BARILLA SPAGHETTI OG NAUTAHAKKI!

FÍN UPPSKRIFT Á BONUS.IS

UPPSKRIFT/SPAGHETTI BOLOGNESE




898 KR.KG

N.V FERSKT HAKK

## BÓNUS SAMLOKA

+ 33 CL. GOSDÓS

198 KR.




TILBOÐ TILBOÐ TILBOÐ




79 KR. 1/2 LTR.

PEPSI OG PEPSI MAX 500 ML




179 KR. 2 LTR

EGILS MIX 2 LTR.

BÓNUS BÝÐUR BETUR

VISA

AFGREIÐSLUTÍMI
FÖSTUDAGUR
10:00-19:30

**FRÉTTASKÝRING:** Nýtt fjölmiðlafrumvarp menntamálaráðherra

# Uppnám vegna banns við auglýsingum

**Fjölmiðlafrumvarp menntamálaráðherra, sem nú liggur fyrir Alþingi, er fráleitt óumdeilt. Meðal þess sem þar stendur til að lögfesta er auglýsingabann við barnatíma og óljós ákvæði um evrópskt efni í sjónvarpi.**



SJÓNVARPSGLÁP Tveir ungir drengir horfa á sjónvarpsþáttinn um Pokémon. Samkvæmt frumvarpi menntamálaráðherra að nýjum fjölmiðlalögum eru sett takmörk á auglýsingar í kringum barnaefni og takmark á hvaða tíma sólarhringsins sjónvarpsstöðvum er heimilt að sýna efni sem er ætlað börnum. NORDICPHOTOS/GETTY

Í frumvarpi menntamálaráðherra að nýjum fjölmiðlalögum er talsvert fjallað um börn og sjónvarpsáhorf. Annars vegar eru þar sett takmörk á auglýsingar í kringum barnaefni, og hins vegar takmarkað á hvaða tíma sólarhringsins sjónvarpsstöðvum er heimilt að sýna efni sem ekki er ætlað börnum.

Verði frumvarpið að lögum verður sjónvarpsstöðvum, sem og reyndar útvarpsstöðvum, bannað að senda út efni sem „getur haft skaðvænleg áhrif á líkamlegan, andlegan eða siðferðilegan þroska barna,“ nema milli klukkan 21.00 að kvöldi og 5.00 að morgni. Um helgar eru mörkin frá 22.00 til 5.00.

Það á sérstaklega við um efni „sem felur í sér klám eða tilefnislaust ofbeldi“ samkvæmt frumvarpinu. Ekki er þar skilgreint nánar hvað átt er við með tilefnislaust ofbeldi, né hver munurinn sé á því hvort börn horfi á ofbeldi sem er tilefnislaust eða ofbeldi sem ríkt tilefni sé til að beita. Þar er þó gerð undantekning fyrir myndskeið í fréttatímum, en vara ber viðkvæma við óhugnanlegum fréttum.

Í umsögnum hagsmunaaðila er þetta ákvæði gagnrýnt. Til dæmis er til þess tekið að frumvarpið myndi leyfa sýningu bannaðs sjónvarpsefnis eftir klukkan 21 á föstudegi, en aðeins eftir klukkan 22 á sunnudagskvöldi, óháð því að börn fara gjarnan seinna að sofa á föstudögum en sunnudögum.

Samtök atvinnulífsins benda einnig á að hingað til hafi sjónvarpsstöðvar ekki sýnt efni sem bannað er börnum fyrir klukkan 20 á kvöldin, og varað sé við efni sem ekki sé við hæfi barna. Það kerfi hafi gengið vel og engin ástæða sé til að breyta því.

### Auglýsingabann kallar á styrki

Hagsmunaaðilar gagnrýna harðlega ákvæði í frumvarpinu um bann við auglýsingum í kringum barnatíma sem ætlaðir eru börnum yngri en 12 ára. Í frumvarpinu er lagt bann við auglýsingum fimm mínútum áður en útsending barnaefnis hefst, og stendur bannið þar til fimm mínútum eftir að útsendingu barnaefnisins lýkur.

Samband íslenskra auglýsingastofa (SÍA) leggst alfarið gegn frumvarpinu í núverandi mynd, og telur bann við auglýsingum í kringum barnaefni takmarka með ólögmætum hætti stjórnarskrárvarið tjáningarfrelsi auglýsenda. SÍA leggur til að bannið verði fellt úr frumvarpinu, og vill raunar einnig að fallið verði frá banni við auglýsingum á áfengi, sem einnig stangist á við stjórnarskrá.

SÍA telur að bann við auglýsingum tengdum barnaefni muni draga verulega úr tekjum sjónvarpsstöðva, og þar með fyrirsjáanlega draga úr framboði og gæðum á barnaefni.

Undir það taka forsvarsmenn fjölmiðlafyrirtækisins 365. Þeir segja slíkt bann munu leiða til tugmilljóna króna tekjutaps. Það muni óhjákvæmilega koma niður á þjónustunni, nema ríkisvaldið hyggist samhliða styrkja fleiri en Ríkisútvarpið til slíkrar dagskrárgerðar. Lagt er til í umsögn 365 um frumvarpið að annaðhvort verði komið á slíkum ríkisstyrk eða að auglýsingar verði leyfðar í kringum barnaefni, en hlutfallið verði takmarkað við fimm prósent á klukkustund.

Í umsögn Skjásins um frumvarpið er einfaldlega lýst yfir furðu á því að setja eigi takmörk um magn auglýsinga, það hljóti að vera frjálsum fjölmiðlum í sjálfsvald sett hvernig þeir hagi þeim málum. Samtök atvinnulífsins benda enn fremur á að með því að banna auglýsingar í fimm mínútur á eftir barnaefni sé verið að koma í veg fyrir að barnaefni sé raðað beint á undan fréttum í dagskrá sjónvarpsstöðvanna.

### Kröfur um evrópskt efni

Í frumvarpi að nýjum fjölmiðlalögum er ákvæði í útvarpslögum um áherslu sjónvarpsstöðva á evrópsk efni, sem margoft hefur verið gagnrýnt, látið halda sér. Þar segir að sjónvarps- og útvarpsstöðvar skuli „kosta kapps um“ að meirihluta útsendingartíma sé varið í dagskrárefni frá Evrópu. Þá er átt við heildarútsendingartíma að frádregnum tíma sem fer í fréttir, íþróttaviðburði, leiki, auglýsingar og textavarpsþjónustu.

Þeir fjölmiðlar sem miðla myndefni eftir pöntun skulu einnig „eftir því sem unnt er“ tryggja að evrópskt efni sé „áberandi hluti“ af framboði þeirra.

Í athugasemdum með frumvarpinu er tekið fram að með evrópsku efni sé einnig átt við íslenskt efni, enda stæðist það varla ákvæði samningsins um Evrópska efnahagssvæðið að tilgreina sérstaklega íslenska framleiðslu.

Orðalag þessara „evrópsku ákvæða“ þykir afar loðið orðalag í lagatexta, en er raunar tekið upp úr útvarpslögum, sem fjölmiðlafrumvarpið mun leysa af hólmi. Það hefur þrátt fyrir það sætt gagnrýni.

Til dæmis gerir fjölmiðlafyrirtækið 365 alvarlegar athugasemdir við þessi ákvæði í umsögn sinni um frumvarpið. Þar segir að það sé með öllu óskiljanlegt af hverju stjórnvöld finni sig knúin til að skipta sér af því hvaðan dagskrárefni einkarekinna fjölmiðla komi og hvernig það sé valið. Slíkt eigi að vera fjölmiðlunum í sjálfsvald sett, og þeir leggi val sitt á efni í dóm neytenda.



BRJÁNN JÓNASSON
brjann@frettabladid.is

## Orðfærið bæði „tyrfið og tilgerðarlegt“

Í nýju fjölmiðlafrumvarpi er talsvert notað af nýyrðum til að lýsa því sem þar er fjallað um, og ekki fyrir alla að átta sig á því hvað átt er við.

„Í upphafi er vert að vekja athygli á því að orðnotkun í frumvarpinu er mjög sérstök,“ segir í umsögn Sambands íslenskra auglýsingastofa um frumvarpið. Leitast sé við að finna nýyrði sem nái yfir ýmis hugtök. „Þetta verður til þess að frumvarpið verður jafnt tyrfið og tilgerðarlegt.“

Í stað þess að nota orðið fjölmiðill er notað hugtakið fjölmiðlaþjónustuveitandi, og í stað auglýsinga kemur nýyrðið viðskiptaorðsending. Í frumvarpinu er ekki notað orðið myndlykill, heldur aðgangskassi.

„Á Íslandi er til staðar vönduð ríkjandi málvenja og ekkert er því til fyrirstöðu að nota þau orð og hugtök í lagatexta sem eru almenningi töm,“ segir um þessi dæmi í umsögn Sambands íslenskra auglýsingastofa. „Vanti eitthvað upp á skýrleika hinna viðteknu íslensku hugtaka mætti einfaldlega árétta slíkt í orðskýringum laganna.“

## Engar hömlur á eignarhald í frumvarpi

Með umdeildari ákvæðum í fjölmiðlalögum fyrri ríkisstjórnar, sem forseti Íslands neitaði að staðfesta sumarið 2004, voru reglur um eignarhald á fjölmiðlum. Engin tilraun er gerð til að festa reglur um eignarhald í nýju frumvarpi menntamálaráðherra.

Í frumvarpinu eru þó ákvæði um að hin nýja ríkisstofnun Fjölmiðlastofa skuli fá upplýsingar um eignarhald allra íslenskra fjölmiðla, og birta um það upplýsingar á vef sínum. Verði frumvarpið að lögum verða því allir fjölmiðlar að gera fulla grein fyrir því hverjir eru eigendur þeirra, ólíkt því sem gerist nú þegar það er fjölmiðlunum í sjálfsvald sett að upplýsa um eignarhaldið.

Í bráðabirgðaákvæði í frumvarpinu er einnig lagt fyrir menntamálaráðherra að skipa við gildistöku laganna nefnd til að kanna samþjöppun á eignarhaldi á fjölmiðlamarkaði hér á landi.

Nefndin á að gera tillögur um „viðeigandi takmarkanir“ á eignarhaldi ef hún kemst að þeirri niðurstöðu að samþjöppunin sé óeðlileg. Í frumvarpinu kemur fram að nefndin eigi að skila niðurstöðu sinni fyrir 1. september næstkomandi, en líklegt er að lengt verði í frestinum áður en frumvarpið verður staðfest.

Persónuleg jógastöð
Nýtt 4 vikna byrjendanámskeið
hefst 10. maí. Skráning hafin í síma
695 8464 / 772 1025 eða á jogastudio.org
• Hot jóga • Hatha jóga • Byrjendanámskeið
• Krakkajóganámskeið
Sumartilboð 10.900 kr.
Innifalið í kortum eru allir opnir tímar ásamt þeirri þjónustu sem boðið er upp á í Veggsport.
JÓGA Stúdíó
Stórhöfði 17 (gengið inn um Veggsport)
Sími: 695 8464 og 772 1025
www.jogastudio.org

# Íslenskir tómatar í nýjum umbúðum

Nú hafa íslenskir tómatbændur pakkað afurðum sínum í nýjar, endurvinnanlegar umbúðir sem hafa að geyma upplýsingar um tegund og ræktendur ásamt uppskriftum og ýmsum fróðleik. Með þessu vilja íslenskir tómatbændur tryggja að neytendur séu fróðari um tómata, hollustu þeirra og uppruna.






**Konfekttómatar**
eru mjög bragðgóðir, sætir og mildir. Þeir eru minni en hefðbundnir tómatar en stærri og kjötmeiri en kirsuberjatómatar. Konfekttómatar sem og aðrir tómatar eru einnig hollt og gott snakk.

**Kirsuberjatómatar**
eru smávaxnir, bragðmiklir og sætir. Þeir henta mjög vel til að bragðbæta og skerpa salöt. Upphaflega voru tómatarnir mun minni en þeir eru í dag eða á stærð við kirsuber og þaðan er nafnið komið.

**Heilsutómatar**
innihalda þrefalt meira magn af lýkópeni sem er í flokki karótínóíða. Það gefur tómötum rauða litinn og er einnig öflugt andoxunarefni. Heilsutómatar eru ræktaðir bæði stórir og smáir.

**Plómutómatar**
einkennast af góðu, kröftugu bragði. Þeir eru kjötmiklir og henta því vel í salöt, sem álegg og í hvers konar matreiðslu. Lögun plómutómata gerir þá ennfremur frábrugðna öðrum tómötum í útliti.

**Íslenskir tómatar**
eru einstaklega bragðgóðir og spila stórt og mikilvægt hlutverk í hvers konar matargerð. Bragðgæði allra íslenskra tómata eru m.a. tilkomin af því að þeir fá að fullþroskast á plöntunni.




Endurvinnanlegar umbúðir

Lífrænar varnir við ræktun

Vistvæn landbúnaðarafurð

íslenskt grænmeti

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Full ástæða er til að taka hart á bótasvikum í almannatryggingakerfinu.

## Stolið úr vasa náungans

Fréttablaðið sagði frá því í fyrradag að bótasvikamálum, sem Tryggingastofnun kemur upp um, hefði fjölgað þrefalt eftir að stofnunin tók upp hert eftirlit í fyrra. Sigríður Lillý Baldursdóttir, forstjóri stofnunarinnar, tiltók dæmi af fimm barna fjölskyldu, þar sem faðirinn skráði sig til málamynda utan heimilis og fjölskyldan fékk fyrir vikið um 170 þúsund krónur í bætur á mánuði, sem hún átti ekki rétt á. Bætur fjölskyldunnar frá Tryggingastofnun námu samtals yfir 700 þúsund krónum, sem er meira en margir launþegar á vinnumarkaði hafa í fjölskyldutekjur.

SKOÐUN



Ólafur Þ. Stephensen
olafur@frettabladid.is

Upp um svikin komst þegar fjölskyldan birti myndir af sér á samskiptavefnum Facebook og starfsfólk Tryggingastofnunar fór fyrir vikið að spyrja spurninga. Fjölskyldan var svipt bótunum sem hún átti ekki rétt á, en verður ekki beitt neinum öðrum viðurlögum. Í blaðinu í gær kemur fram að í félagsmálaráðuneytinu séu nú til skoðunar tillögur frá Tryggingastofnun um að viðurlögum verði beitt við bótasvikum, líkt og öðrum fjársvikum.

Viðbrögðin við fréttinni um hvernig Facebook varð bótasvikurunum að falli hafa verið á ýmsa vegu. Tryggingastofnun bárust strax í kjölfarið um tuttugu ábendingar um sambærileg svik, sem stofnunin telur trúverðugar. Á bloggsíðum og í almennum umræðum hafa hins vegar tvö gagnrýnin sjónarmið komið fram: annars vegar að Tryggingastofnun beiti einhvers konar stórabróður-eftirliti, þar sem fólk fái ekki að vera í friði á eigin samskiptasíðu, og hins vegar að það skjóti skökku við að elta smælingjana þegar stórsvindlarar sem komu við sögu í bankahruninu gangi enn þá lausir.

Tryggingastofnun hlýtur að sjálfsögðu að fylgja eftir ábendingum um bótasvik. Þau eru lögbrot og enginn munur á því að stela peningum af ríkinu og af einhverjum öðrum. Peningarnir, sem greiddir eru í velferðarbætur, koma úr vasa skattgreiðenda. Þeir sem beita blekkingum til að fá meira af þeim peningum en þeim ber samkvæmt lögum eru að stela úr vasa samborgara sinna. Sama á við um þá sem skjóta undan skatti. Það er sjálfsagt að taka hart á þeim brotum eins og öðrum þjófnaði.

Afstæðishyggja er varasöm þegar glæpur og refsing eru annars vegar. Það er ekki ástæða til að refsa ekki fyrir lítinn glæp þótt einhver komist upp með stærri glæp. Atburðir gærdagsins sýndu reyndar að stórlaxar viðskiptalífsins, sem grunaðir eru um afbrot, eru ekki utan seilingar laganna arms.

Rétt er að hafa í huga að í samfélagi, þar sem siðferðileg afstaða fólks er sú að það sé í lagi að stela litlum peningum, er veruleg hætta á að fólki fari líka að finnast í lagi að stela miklum peningum.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI: Ari Edwald RITSTJÓRI: Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.
Issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Atvinna í boði

Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra hefur komið á fót nefnd sem á að fara yfir ráðningarmál stjórnarráðsins. Athugasemdir hafa verið gerðar við fjölda „tímabundinna" starfa hjá hinu opinbera, sem ráðið er í án auglýsingar. Þykir mörgum þetta fyrirkomulag lykta af frændhygli, þar sem dyggum flokksmönnum sé raðað á garðann. Umboðsmaður Alþingis hefur meðal annars gagnrýnt þetta fyrirkomulag og kallar það tímaskekkju. Ekki liggur fyrir hver fer fyrir rannsóknarnefndinni en líklegt má teljast að hann verði skipaður án auglýsingar.

### Fjörbaugur?

Hreiðar Már Sigurðsson, fyrrverandi forstjóri Kaupþings, var handtekinn í gær. Ófáir útrásarvíkinganna svokölluðu búa erlendis og telja sumir að þetta verði til þess að þeir munu ekki láta sjá sig á Íslandi í bráð. Útrásarvíkingarnir gætu með öðrum orðum reynt að freista þess að taka út refsingu eins og alvöru víkingar, með fjörbaugsgarði.



### Skrípaleikur

Besti flokkur Jóns Gnarr hefur hlotið meiri meðbyr en menn bjuggust við og ljóst að andstæðingum hans er farið að þykja gamanið grátt. Sumir þeirra halda því á lofti að það yrði dýrkeypt að greiða Besta flokknum atkvæði; borgarmálin myndu jú bara breytast í skrípaleik. Á móti má benda á að kjörtímabilið sem nú er að renna sitt skeið var farsakennt í meira lagi og þurfti enga grínara til þess.



bergsteinn@frettabladid.is

## HALLDÓR



# Grínlaust

Borgarmál



Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir
borgarfulltrúi

Það er ekki sjálfgefið að rekstur Reykjavíkurborgar skili afgangi. Öll árin 2002 til 2006, á sama tíma og mikill uppgangur var í þjóðfélaginu, var borgin rekin með halla. Á árinu 2007 snerist þetta við og hefur borgin verið rekin með afgangi síðustu 3 árin. Það er mjög góður árangur, ekki síst í ljósi þeirra hremminga sem hafa gengið yfir efnahagskerfi landsmanna síðustu 2 árin.

Rekstrarafgangur á árinu 2009 upp á rúma 3 milljarða er eftirtektarverður árangur fyrir margra hluta sakir. Hvorki skattar né gjaldskrár fyrir grunnþjónustu voru hækkaðar á árinu. Útsvarshlutfall í borginni er lægra en lögbundið hámark segir til um. Gengisþróun var óhagstæðari og verðlag var hærra en áætlun gerði ráð fyrir. Líklegri niðurstaða fyrir árið 2009 hefði sjálfsagt verið sú að eftir hækkun skatta, hækkun gjaldskráa, og eftir hækkun útsvarshlutfalls í hæstu leyfilegu mörk hefði rekstur borgarinnar samt komið út í mínus. Þessu spáði m.a. Samfylkingin. Ekkert af þessu gerðist.

Niðurstöðuna má þakka nýjum vinnubrögðum við fjármálastjórn Reykjavíkurborgar. Gott samráð meiri- og minnihluta var um vinnu við fjárhagsáætlun í borgarstjórn. Þunginn í aðgerðaráætlun okkar var að standa vörð um grunnþjónustuna, störfin og gjaldskrár. Við þetta allt hefur verið staðið. Starfsmenn borgarinnar komu með um 300 tillögur um sparnað sem voru nýttar á árinu. Niðurstaðan er afgangur upp á rúma 3 milljarða.

Staða borgarsjóðs og dótturfyrirtækja er allt annað en auðveld. Skuldir Orkuveitu Reykjavíkur vega þar þyngst en fjárfestingar síðustu ára hafa enn ekki skilað þeim tekjum sem þarf til að staða félagsins sé viðunandi.

Grundvallaratriði í því að viðhalda þáttum eins og lánshæfismati er að rekstur borgarinnar sé í lagi. Hallarekstur ofan á erfiða skuldastöðu er nefnilega óskemmtileg blanda eins og Grikkland og fleiri ríki fá að kenna á um þessar mundir.

Það eru því mjög ánægjulegar fréttir að borgarsjóður sé rekinn með afgangi. Annars konar niðurstaða væri ekkert annað en dauðans alvara. Grín og glens við stjórn borgarinnar væri mikið ábyrgðarleysi. Hallarekstur eins og stundaður var á árum áður væri mikið ábyrgðarleysi.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík SÍMI: 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
MENNING: Páll Baldvin Baldvinsson fulltrúi ritstjóra *pbb@frettabladid.is* HELGAREFNI: Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* ALLT OG SÉRBLÖÐ: Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
ÍÞRÓTTIR: Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* LJÓSMYNDIR: Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* FRAMLEIÐSLUSTJÓRI: Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Aðskilnaðarstrætó

Í DAG
Pawel Bartoszek
stærðfræðingur



Pólitísk afskipti af strætókerfinu þurfa ekki alltaf að vera af hinu vonda. Stjórnmálamennirnir eru, jú, fulltrúar almennings og ein boðleiðin til að koma hugmyndum okkar um almenningssamgöngur er án efa í gegnum þá. Vandinn er hins vegar að þeir sem tjá sig um strætó eru oft menn sem hvorki nota það né gætu hugsað sér að gera það. Hættan við pólitísku afskiptin er því sú að snautt skömmtuðu fé verði frekar varið til verkefna sem hljóma vel heldur en til verkefna sem myndu nýtast fleirum betur.

Nýlega var til dæmis samþykkt í borgarstjórn tillaga Samfylkingarinnar um að taka upp 10 mínútna tíðni á stofnleiðum. Eins kærkomið og mér, sem öðrum farþegum þætti að aukna tíðni stofnleiða úr 15 mínútum í 10, þá er bæði einfaldara og betra fyrir notendur að taka aftur upp margar þær ferðir sem felldar voru út fyrir nokkrum árum. Þannig ætti að þétta tíðnina innan núverandi kerfis: hafa hana 15 mínútur í stað hálftíma yfir miðjan dag, hálftíma í stað klukkutíma um kvöld og helgar, og taka upp akstur á sunnudagsmorgnum og stórhátíðum.

Segjum svo að skyndilega dyttu 100 milljónir í þágu almenningssamgangna af himnum ofan og á borð borgarstjórans.

Skynsamlegast væri að setja stærsta hluta þess fjár beint inn í strætókerfið og leyfa sérfræðingum Strætó að finna út hvar þeir nýttust best, á sama hátt og sérfræðingar Strætó þurfa að móta tillögur um niðurskurð, þegar hagræða þarf í rekstri. En það er alltaf heilmikill þrýstingur á að setja féð frekar í einhver auðhampanleg verkefni eins og „frístundastrætó“, „smartkort“ eða einhverjar byltingar á strætókerfinu.

Þegar rætt er um svokallaða frístundavagna skiptir útfærslan höfuðmáli. Í Grafarvogi mun frístundastrætóinn þannig vera einfaldlega hluti af leiðakerfi Strætó. Það er hugmynd sem vit er í. Að auki mættu sveitarfélög gera meira af því að krefja íþróttafélögin sjálf um árangur í vistvænum samgöngum. Til dæmis að skilyrða greiðslur eða umbuna þeim félögum sérstaklega þar sem ákveðinn hluti barna kemur á æfingu gangandi, hjólandi eða í strætó. Það verður ekki hægt að brjótast út úr vítahring skutlsins nema koma því inn hjá börnum og foreldrum að hjólreiðar séu ekki bara útivist heldur samgöngumáti, og að strætó sé ekki bara fyrir aumingja.

Í Hafnarfirði hafa menn því miður ekki borið gæfu til að hugsa málið með jafnheildrænum hætti. Þar hefur þannig verið komið á laggirnar sérstöku almenningssamgöngukerfi, einungis fyrir börn og fólk undir tvítugu. Sem sagt aðskilið strætókerfi, bara fyrir ungmenni á leið í íþróttir og tómstundastarf. Þótt það sé nú kannski ekki góður siður að draga mátt úr fólki sem vill vel og reynir eflaust sitt besta, þá má draga í efa hagkvæmnina og skynsemina við það að beint á eftir hálftómri hverfisleið Strætó fyrir fullorðna, keyri sérstök hverfisleið fyrir börn og unglinga.

Strætókerfið er eins og vegakerfið. Hinum takmörkuðu fjármunum sem varið er í almenningssamgöngur á ekki að splitta upp í mörg lítil strætókerfi fyrir ólíka þjóðfélagshópa. Mundi það annars hljóma skynsamlega að búa til sérstaka frístundavegi sem málaðir væru í skærum litum og einungis börn og ungmenni á leið í fótbolta mættu nota? Allir sjá sóunina sem í því fælist.

Margt af því sem tekið hefur verið upp á í umræddu barna- og unglingastrætókerfi Hafnarfjarðar er raunar ekki ósniðugt, til dæmis það að hafa starfsmann um borð í vögnunum til að fylgjast með blessuðum börnunum. Öll skref sem auka traust foreldra á strætó sem ferðamáta eru af hinu góða og tilvalið að halda þessum strætóvörðum áfram þegar að kerfið verður sameinað hinu almenna strætókerfi, sem verður vonandi sem fyrst. Annað sem er af hinu góða er að foreldrum býst að kaupa passa fyrir heilan vetur og þurfa að því búnu ekki að telja strætómiða ofan í litlu krílin. Að sjálfsögðu á að koma upp slíkum strætópössum upp í almenna strætókerfinu sem allra fyrst.

Strætómiðarnir kenna börnum nefnilega að strætó kostar, en ferðin með bílnum hennar mömmu sé alltaf ókeypis. Það er vondur lærdómur.

# Ég er ekki grínisti

Borgarmál
Hjördís Sjafnar Ingimundardóttir
frambjóðandi Besta flokksins í Reykjavík



Framboð Besta flokksins hefur farið hátt undanfarið og sitt sýnist hverjum eins og gefur að skilja þegar umræða um stjórnmál er annars vegar.

Þegar skoðaðar eru nýlegar kannanir um fylgi flokkanna kemur berlega í ljós að kallað er eftir breytingum frá því sem verið hefur. Eðlilega. Þetta sýnir fylgi hins unga og síkáta Besta flokks svo ekki verður um villst. Besti flokkurinn er, þrátt fyrir ungan aldur, hlaðinn reynslu þeirra sem að honum standa, hann gefur fyrir afli umbreytinga, blæs frá sér kjarki og gefur leyfi til að hugsa hlutina upp á nýtt. Besti flokkurinn stundar heiðarleg stjórnmál og skemmtileg. Hann kynnir nýjar og ferskar áherslur og boðar öðruvísi Reykjavík – allskonar Reykjavík.

Það felast tækifæri í því að komast til valda í batteríi eins og borginni. Því fylgir einnig ábyrgð. Frambjóðendur Besta flokksins vita að öllu gamni fylgir nokkur alvara.

Mig langar að leggja að kjósendum að líta til baka og spyrja sig hvort þeirra þörfum hafi verið mætt af núverandi borgarstjórn, hverjar svo sem þær kunna að hafa verið. Hefur einhver talað þínu máli, hafa þau málefni sem verið hafa í forgrunni átt samhljóm með því sem hefur verið ofarlega á baugi hjá þér og þínum? Er einhver að hlusta?

Besti flokkurinn hlustar á fólk, menn og líka konur. Þess vegna mun nýr og kynbættur framboðslisti Besta flokksins verða kynntur föstudaginn 7. maí. Mun þá enn bætast í góðan flokk fólks sem er í stakk búið að umfaðma Reykjavík og byggja upp samfélag þar sem fólki má meira að segja langa til að geta skoðað ísbjörn… og hafa gaman. Það er kominn tími á breytingar, það eru nýir tímar. Við stöndum frammi fyrir því að horfast í augu við breyttar aðstæður og við megum ulla á þá sem vilja slá Besta flokkinn út af borðinu sem eitthvað djók.

Það felast tækifæri í því að komast til valda í batteríi eins og borginni. Því fylgir einnig ábyrgð. Frambjóðendur Besta flokksins vita að öllu gamni fylgir nokkur alvara.



# Er evrunni viðbjargandi?

Evran

Joseph Stiglitz
Nóbelsverðlaunahafi í hagfræði



Efnahagshrunið í Grikklandi hefur teflt framtíð evrunnar í tvísýnu. Þegar evran var sett á laggirnar höfðu margir áhyggjur af því hversu lengi hún myndi endast. Þegar allt lék í lyndi gleymdust þær áhyggjur. En spurningunni um hvernig yrði brugðist við ef áfall dyndi yfir evrusvæðið var enn ósvarað. Með því að festa gengið og færa umsjón peningastefnunnar til Seðlabanka Evrópu voru yfirvöld í evrulöndunum svipt tveimur grunnleiðum til að örva hagkerfið og afstýra kreppu. Hvað gat komið í stað þeirra?

Nóbelsverðlaunahafinn Robert Mundell setti fram kenninguna um við hvaða skilyrði einn gjaldmiðill gæti þrifist á stóru svæði. Evrópa uppfyllti þau skilyrði ekki á sínum tíma og gerir það ekki enn. Fjórfrelsið svonefnda kom á frjálsu flæði vinnuafls en ólík tungumál og menningarmunur komu í veg fyrir að það myndaðist einn sameiginlegur vinnumarkaður að bandarískri fyrirmynd.

### Að bjarga banka en ekki landi

Evrópa hefur heldur engin úrræði til að létta undir með verst stöddu ríkjunum. Tökum Spán sem dæmi. Þar er 20 prósenta atvinnuleysi – rúmlega 40 prósent hjá ungu fólki. Ríkið skilaði tekjuafgangi fyrir kreppu; eftir hrun varð fjárlagahallinn rúm ellefu prósent af vergri landsframleiðslu. Samkvæmt reglum Evrópusambandsins verða Spánverjar að skera niður ríkisútgjöld, sem mun að líkindum auka atvinnuleysi. Því meira sem hægir á hagkerfinu þeim minni verður efnahagsbatinn.

Margir vonuðu að harmleikurinn í Grikklandi færði ráðamönnum heim sanninn um að evran er ekki gjaldmiðill til framtíðar nema til komi enn umfangsmeira samstarf (þar á meðal fjárhagsaðstoð). En í Þýskalandi eru stjórnvöld (og stjórnlagadómstóllinn þar í landi) á móti því að veita Grikkjum þá aðstoð sem þeir þarfnast.

Þessi afstaða kom mörgum á óvart, jafnt innan Grikklands sem utan: eftir að mörgum milljörðum hafði verið eytt í að bjarga bönkum frá falli virtist ekki hægt að koma ellefu milljóna þjóð til bjargar. Og það er ekki eins og um neyðaraðstoð hefði verið að ræða; þegar háum upphæðum var dælt í tryggingarisann AIG voru litlar líkur á því að þeir peningar myndu skila sér aftur. Allar líkur eru aftur á móti á því að lán til Grikklands á sanngjörnum vöxtum yrði endurgreitt.

### Vondir kostir

Nokkur óskýr tilboð og loðin loforð voru lögð fram til að koma ró á markaðinn en án árangurs. Rétt eins og Bandaríkin klömbruðu saman efnahagsáætlun fyrir Mexíkó í samstarfi við AGS og sjö stærstu iðnríkin fyrir fimmtán árum, hafa ESB og AGS sett saman áætlun fyrir Grikkland. Spurningin var hvaða skilyrði ætti að setja Grikkjum og hversu mikil öndverðu áhrifin yrðu.

Fyrir minni lönd innan ESB er lærdómurinn skýr: ef þau vinna ekki á fjárlagahallanum er hætta á árás frá spákaupmönnum og lítil von á nægjanlegri aðstoð frá nágrannaríkjum, að minnsta kosti ekki án strangra krafna um niðurskurð sem hafa gagnstæð áhrif. Ef Evrópuríkin fara þessa leið mun hagkerfi þeirra líklega veikjast og það bitnar á efnahagsbatanum um allan heim.

> En til er önnur lausn: að Þýskaland gangi úr myntsamstarfinu eða að evrusvæðinu yrði skipt í tvö svæði.

### Alþjóðlegt samhengi

Það er gagnlegt að líta á vanda evrunnar í alþjóðlegu samhengi. Bandaríkin hafa kvartað yfir miklum viðskiptaafgangi Kínverja. Miðað við verga landsframleiðslu er viðskiptaafgangur Þjóðverja aftur á móti mun meiri. Segjum sem svo að gengi evrunnar hafi verið miðað við að nokkurt jafnvægi ríkti í viðskiptum á evrusvæðinu. Þá þýðir viðskiptaafgangur Þjóðverja viðskiptahalla hjá öðrum Evrópulöndum. Sú staðreynd að þessi lönd flytja meira inn en út veikir hagkerfi þeirra.

Bandaríkin hafa kvartað yfir því að Kínverjar leyfi júaninu ekki að styrkjast gagnvart dollaranum á fljótandi gengi. En út af evrunni styrkist gengið í Þýskalandi ekki gagnvart öðrum löndum á evrusvæðinu. Ef gengið í Þýskalandi styrktist myndi draga úr útflutningi og það myndi reyna á efnahagsstefnu landsins, þar sem höfuðáhersla er lögð á útflutning. Í öðrum Evrópuríkjum myndi útflutningur að sama skapi aukast, sem og verg landsframleiðsla og það drægi úr atvinnuleysi.

Þýskaland lítur (eins og Kína) á ríkissparnað og viðskiptaafgang sem dyggð en ekki löst. John Maynard Keynes benti hins vegar á að viðskiptaafgangur leiðir til minnkandi eftirspurnar eftir vörum og þjónustu á heimsvísu – lönd með mikinn viðskiptaafgang hefðu „neikvæð ytri áhrif" á viðskiptalönd þeirra. Keynes hélt því jafnvel fram að hagsæld heimsins stafaði meiri hætta af löndum með mikinn viðskiptaafgang, frekar en þeim þar sem viðskiptahalli var við lýði. Hann gekk svo langt að leggja til að viðskiptaafgangur ríkja yrði skattlagður.

### Hvað er til ráða?

Félagslegar og efnahagslegar afleiðingar núverandi kerfis ættu að vera með öllu ólíðandi. Lönd sem glíma við himinháan viðskiptahallla eftir hrun ættu ekki að vera neydd í vítahring – eins og gert var við Argentínu fyrir áratug.

Ein tillaga gengur út á að löndin sem um ræði komi sér upp ígildi gengisfellingar – með öðrum orðum dulbúna launalækkkun. Þetta er ógjörningur að mínu mati og hefði alltof neikvæðar afleiðingar, með tilheyrandi spennu og samfélagsróstri.

En til er önnur lausn: að Þýskaland gangi úr myntsamstarfinu eða að evrusvæðinu yrði skipt í tvö svæði. Evran var áhugaverð tilraun. En eins og hið næstum gleymda ERM-kerfi á undan sem liðaðist í sundur þegar spákaupmenn réðust á breska pundið árið 1992, skortir hana almennilegan, stofnanalegan bakhjarl til að virka sem skyldi.

Enn önnur leið er líka til og er mögulega vænlegust til árangurs: að innleiða þær stofnanalegu umbætur, þar með talið regluverk fyrir ríkisútgjöld, sem hefði þurft að innleiða þegar evrunni var ýtt úr vör.

Það er ekki of seint fyrir Evrópu að gera þessar umbætur og uppfylla hugsjónina um sameinaða Evrópu, sem lá að baki evrunni. Reynist það Evrópu ofraun er aftur á móti kannski best að játa ósigur frekar en að bíta úr nálinni með atvinnuleysi og minnkandi lífsgæðum af völdum gallaðrar efnahagsstefnu.

*©Project Syndicate.*
*Millifyrirsagnir eru blaðsins.*


## Aðalfundur Bakkavör Group ehf.

**Aðalfundur Bakkavör Group ehf. verður haldinn föstudaginn 14. maí nk. kl. 10:00 á Hótel Sögu, Hagatorgi, 107 Reykjavík.**

Eftirtalin mál eru á dagskrá fundarins samkvæmt samþykktum félagsins:

1. Skýrsla stjórnar félagsins um starfsemi þess síðastliðið ár.
2. Ársreikningur fyrir liðið starfsár, ásamt áritun endurskoðanda, lagður fram til samþykktar.
3. Ákvörðun um greiðslu arðs og jöfnun taps fyrir síðastliðið reikningsár.
4. Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna.
5. Kosning stjórnar félagsins samkvæmt 17 gr. samþykkta félagsins.
6. Kosning endurskoðunarfélags.
7. Tillögur stjórnar um starfskjarastefnu.
8. Önnur mál.

Dagskrá, endanlegar tillögur og ársreikningur félagsins munu liggja frammi á skrifstofu félagsins hluthöfum til sýnis sjö dögum fyrir aðalfund. Hluthafar sem óska eftir að fá endanlegar tillögur og dagskrá sendar geta sent tölvupóst á fjarfestatengsl@bakkavor.com

Tillögur frá hluthöfum sem bera á upp á aðalfundi skulu vera komnar í hendur stjórnarinnar eigi síðar en sjö dögum fyrir aðalfund. Sérstaklega er bent á að þeir sem hyggjast gefa kost á sér til setu í stjórn félagsins skulu tilkynna það skriflega til stjórnar félagsins að minnsta kosti fimm sólarhringum fyrir upphaf aðalfundar. Upplýsingar um framboð til stjórnar skulu vera aðgengilegar hluthöfum á skrifstofu félagsins eigi síðar en tveimur dögum fyrir aðalfund.

Atkvæðaseðlar og önnur fundargögn verða afhent á aðalfundardaginn frá kl. 9:00 á fundarstað. Athygli er vakin á að atkvæðisréttur miðast við hluthafaskrá að morgni 12. maí 2010.

Reykjavík 6. maí 2010

Stjórn Bakkavör Group ehf.

TUNGLIÐ

BAKKAVÖR
www.bakkavor.com


# Lesið í snjóinn sem aldrei kom

Skíðaiðkun

Anna Laufey Sigurðardóttir
formaður skíðadeildar KR



Allir þeir sem áhuga hafa á skíðaíþróttinni vita að síðasti vetur var einn sá allra versti sem við skíðaáhugamenn á suðvesturhorninu höfum upplifað. Skálafell opnaði aldrei og Bláfjöll voru einungis opin í fjóra daga. Fjóra daga. En það vita líka þeir sem hafa einhvern áhuga á skíðaíþróttinni að ekki er eitt einasta skíðasvæði sem er í sambærilegri hæð í Evrópu rekið án snjóframleiðslu. Þetta vita þeir líka fyrir norðan. Það er snjóframleiðsla í Hlíðarfjalli, það er snjóframleiðsla á Dalvík, það er snjóframleiðsla í Tindastól en ekki í Reykjavík. Spyrja má hvað við erum að gera með skíðasvæði sem ekki hefur snjó?

Við getum engu ráðið um veðrið, hvorki hér í Reykjavík né annars staðar. Skíðasvæði hafa verið byggð upp víða um land og þau hafa verið byggð upp þar sem aðstæður voru heppilegar með tilliti til snjóalaga í venjulega árferði og aðgengi almennings. Á undanförnum árum hafa orðið töluverðar breytingar og þar sem áður voru aðalaðar snjóakistur eru nú berrassaðir balar vetur eftir vetur. Þetta vandamál er vel þekkt víða um heim og lausnin á vandamálinu er einnig vel kunn. Snjóbyssur eru notaðar til að framleiða snjó á nær öllum stærri skíðasvæðum í Evrópu og Ameríku. Þetta er gert til að lengja skíðatímabilið og tryggja öruggan skíðasnjó allt tímabilið, því þar eins og hérlendis geta komið hlýviðriskaflar á miðjum vetri.

### Snjóframleiðsla nauðsynleg

Fyrir nokkrum árum fór hópur Akureyringa til Austurríkis að kynna sér snjóframleiðslu á þekktu skíðasvæði. Það vildi svo einkennilega til að þegar þeir komu til Austurríkis var allt á kafi í snjó og för þeirra seinkaði vegna þess en loksins komust þeir á áfangastað. Þeir spurðu forstöðumann skíðasvæðisins að því hvort skynsamlegt væri að framleiða snjó og hann svaraði „only idiots don´t make snow". Eftir þessa heimsókn voru Akureyringar sannfærðir um að snjóframleiðsla væri nauðsynleg ef skíðasvæðið í Hlíðarfjalli ætti að eiga einhverja framtíð fyrir sér enda höfðu undangengnir vetur verið skíðamönnum þar erfiðir. Snjóframleiðsla hófst í Hlíðarfjalli árið 2005 og hefur farið vaxandi síðan. Nú er snjóframleiðsla í Hlíðarfjalli talin nauðsynleg og þar hefur varla fallið úr dagur vegna snjóleysis á undanförnum árum. Skíðatímabilið hefur verið lengt og stendur frá því seint í nóvember til loka apríl.

Það bara dugar ekki til. Ef á að nýta þá fjárfestingu sem þegar hefur verið sett í skíðasvæðin verður að hefja snjóframleiðslu. Veðurfarsmælingar sýna að á síðastliðnum vetri hefðu veðurskilyrði verið hagstæði í um 35% tímabilsins frá lokum nóvember til loka mars til þess að framleiða snjó. Hagstæðasti tíminn var í desember og gera má ráð fyrir að framleiðslan þá hefði dugað til að halda skíðasvæðunum opnum í hlýindunum í janúar. Gera má ráð fyrir að snjóframleiðsla í tiltölulega fáa daga þurfi til að halda skíðasvæðunum opnum allt tímabilið.

nágrenni við skíðasvæðið.

### Fjölskylduíþrótt

Í vetur fór ég og fjölmargir aðrir skíðamenn á höfuðborgarsvæðinu norður helgi eftir helgi og eyddum sparipeningnum í bensín, mat, gistingu, sund og fleira fyrir norðan. Já, við skíðamenn berum ábyrgð á því að spæna upp malbikið og við eigum líka þátt í því að efla ferðaþjónustuna á Norðurlandi yfir vetrarmánuðina.

> Það má líkja þessu ástandi á skíðasvæðunum við að allar sundlaugarnar okkar væru hafðar tómar og stólað væri á rigningarvatn ef fólk vildi koma þangað og synda.

### Bláfjöll og Skálafell

Hvers vegna er ekki snjóframleiðsla á skíðasvæðum höfuðborgarsvæðisins? Á undanförnum árum hafa orðið miklar breytingar á skíðasvæðunum í Bláfjöllum og Skálafelli og miklir fjármunir voru lagðir í öryggismál, nýjar lyftur í Bláfjöllum, snjógirðingar o.fl. en því miður hefur snjóinn oft vantað. Þeir peningar sem hafa verið settir í þessa uppbyggingu nýtast ekki ef enginn er snjórinn. Það má líkja þessu ástandi á skíðasvæðunum við að allar sundlaugarnar okkar væru hafðar tómar og stólað væri á rigningarvatn ef fólk vildi koma þangað og synda. Bæði í Skálafelli og Bláfjöllum er fullkominn útbúnaður og starfsfólk á vakt og tilbúið að fanga hvert einasta snjókorn sem fellur í

Er ekki kominn tími til að ljúka verkinu og hefja snjóframleiðslu? Þá er hægt að hafa skíðasvæði höfuðborgarsvæðisins opin og hafa arð af þeirri fjárfestingu sem lögð hefur verið í þau. En þetta snýst ekki bara um fjárfestingu í tækjum og tólum. Skíðaíþróttin er ein af fáum íþróttagreinum sem öll fjölskyldan getur stundað saman, á sama tíma og sama stað. Gott skíðasvæði í nágrenni höfuðborgarsvæðisins eflir og styrkir skíðaíþróttina, útivist almennings og ferðaþjónustu.

# Hvatning til atvinnuleitenda í Reykjavík

Atvinnuleysi

Þórarinn Þórsson
félagsráðgjafi



Fjöldi þeirra sem eru án atvinnu á Íslandi er í sögulegu hámarki um þessar mundir og er þessi staða framandi fyrir flesta Íslendinga þar sem atvinnustig í landinu hefur verið mjög hátt um langan tíma. Áhrifin af langtíma-atvinnuleysi, á bæði starfsgetu og félagslega stöðu fólks, geta verið mikil ef ekki er brugðist við og leitað leiða til að viðhalda virkni og starfsgetu. Í þessari grein er ætlunin að kynna þá þjónustu sem Reykjavíkurborg býður á þjónustumiðstöðvum fyrir einstaklinga sem eru án bótaréttar og eiga rétt á fjárhagsaðstoð.

**Viðhorfið skiptir miklu máli**

Það er ekki alltaf hægt að velja aðstæður en það er hægt að velja viðhorf til þeirra aðstæðna sem upp koma. Í dag gengur þjóðin í gegnum kreppu og er komin í aðstæður sem hún hefur ekki valið sér. Viðhorf til þessara breyttu aðstæðna getum við hins vegar valið okkur. Í nýjum aðstæðum geta falist tækifæri til þess að gera hluti sem mann hefur alltaf langað til að gera en ekki haft tíma eða tækifæri til. Dæmi um þetta gætu verið að fara í nám, sinna fjölskyldu og áhugamálum betur eða taka þátt í félags- og sjálfboðaliðastarfi. Viðbrögð okkar og viðhorf geta gegnt lykilhlutverki í því hvernig við komum sterkari út úr þessu ástandi þegar því lýkur.

**Atvinnuleit og virkni**

Það er mikilvægt fyrir þá sem eru án atvinnu að viðhalda virkni sinni til þess að koma í veg fyrir afleiðingar sem geta fylgt því að vera án atvinnu yfir lengri tíma. Að hafa markmið og hlutverk í samfélaginu er okkur öllum mikilvægt. Þess vegna er ákjósanlegast að fara strax af stað, líta í kringum sig og koma auga á þau tækifæri sem standa atvinnuleitendum til boða.

**Virkniráðgjafar**

Reykjavíkurborg hefur ráðið sex virkniráðgjafa sem starfa á þjónustumiðstöðvum borgarinnar. Hlutverk þeirra er að aðstoða og leiðbeina atvinnuleitendum, sem ekki eiga bótarétt hjá Vinnumiðlun, um hvernig þeir geta viðhaldið og jafnvel bætt starfsgetu og færni sína. Hluti af þjónustu virkniráðgjafa er að aðstoða atvinnuleitendur við að búa sér til persónulega virkniáætlun. Við gerð áætlunarinnar kemur atvinnuleitandinn á framfæri því sem hann telur vera heppilegustu virkni fyrir sig og ráðgjafinn leggur til úrræði sem koma til móts við það. Auk þessa getur virkniáætlun viðhaldið reglusemi sem er okkur svo mikilvæg og komið í veg fyrir að óregla komist á svefn og jafnvel mataræði.

**Kynningarnámskeið**

Öllum atvinnuleitendum sem eiga rétt á fjárhagsaðstoð frá Reykjavíkurborg er boðið á kynningarnámskeið. Nú þegar hafa verið haldin tvö slík námskeið og hafa sótt þau um sjötíu einstaklingar. Á þeim er farið yfir mögulegar óæskilegar afleiðingar þess að vera án atvinnu og leiðir til að koma í veg fyrir þær. Þá eru kynntar reglur um fjárhagsaðstoð Reykjavíkurborgar, réttindi og skyldur. Kynnt eru úrræði og stuðningur sem atvinnuleitendum stendur til boða og þátttakendum námskeiðsins er að lokum boðið að koma í einstaklingsviðtal til virkniráðgjafa á þjónustumiðstöð í sínu hverfi. Þátttakendur gera mat í lok hvers námskeiðs og í stuttu máli má segja að það hafi mælst mjög vel fyrir meðal þeirra.

> Að hafa markmið og hlutverk í samfélaginu er okkur öllum mikilvægt. Þess vegna er ákjósanlegast að fara strax af stað, líta í kringum sig og koma auga á þau tækifæri sem standa atvinnuleitendum til boða.

**Úrræðin**

Fjölmörg úrræði standa atvinnuleitendum til boða og má þar nefna Rauðakross-húsið og Hlutverkasetur sem eru öllum opin og þar er boðið upp á fjölda námskeiða og verkefna sem ætlað er að stuðla að virkni og auka færni atvinnuleitenda.

Reykjavíkurborg hefur sett á laggirnar átta ný úrræði og námskeið fyrir þá sem eiga rétt á fjárhagsaðstoð og eru án bótaréttar.

Námskeiðin eru fjölbreytt og þar ættu allir að geta fundið sér námskeið við hæfi.

**Allar skúrir styttir upp um síðir**

Atvinnuleitendur, sem ekki eiga rétt á atvinnuleysisbótum, eru eindregið hvattir til að leita til virkniráðgjafa á þjónustumiðstöð í sínu hverfi. Þar er hægt að fá stuðning og leiðbeiningar til að fást við þá stöðu að vera án atvinnu, stöðu sem er framandi fyrir marga.

VISIR.IS
„...ég sá það á vísi"





†

*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Victor Hans Halldórsson**

Fellsmúla 16, Reykjavík,

andaðist á líknardeild Landspítalans Landakoti laugardaginn 1. maí. Útför hans fer fram frá Fossvogskirkju mánudaginn 10. maí kl. 15.00.

**Jóhanna Guðjónsdóttir,**
**Vigdís Victorsdóttir,** **Sigurður Þorvarðarson,**
**Lilja Dóra Victorsdóttir,** **Halldór Frímannsson,**
**Bergþóra Victorsdóttir,** **Ævar Sch. Valgeirsson,**
**Guðjón Þór Victorsson,** **Aðalbjörg Benediktsdóttir,**
**barnabörn og langafabörn.**



†

*Móðir okkar, tengdamóðir og amma,*

**Guðrún Þórey Jónsdóttir**

frá Bessastöðum í Fljótsdal,
Snorrabraut 56b,

lést þann 30. apríl síðastliðinn. Útförin fer fram í Dómkirkjunni þann 12. maí klukkan 13.00.

**Auður Bergsteinsdóttir,** **Ólafur Árni Traustason,**
**Soffía Sigríður Karlsdóttir,** **Sigurður Jónasson,**
**Hilmar Karlsson,** **Brynja Kjærnested,**
**Guðrún Árný Karlsdóttir,** **Sveinbjörn Enoksson,**
**Bergsteinn Karlsson,**
**Ólafur Finnbogi Ólafsson.**

**Jón Bergsteinsson,**
**Bergsteinn Jónsson,** **Bára Hólmgeirsdóttir.**

**Anna Bergsteinsdóttir,** **Ólafur Sigurðsson,**
**Oddrún Ólafsdóttir,**
**Björg Ólafsdóttir,** **Svavar Ingi Ríkharðsson.**



†

*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Ólafur Helgi Frímannsson**

bankamaður, Hagamel 37, Reykjavík,

lést á líknardeild Landspítala Landakoti fimmtudaginn 29. apríl. Útförin fer fram frá Neskirkju þriðjudaginn 11. maí kl. 15.00. Blóm og kransar afþakkaðir en þeir sem vildu minnast hins látna, vinsamlegast láti líknarfélög njóta þess.

**Guðlaug Kristín Runólfsdóttir**
**Frímann Ólafsson** **Margrét Þórarinsdóttir**
**Kristín Ólafsdóttir** **Karl Óskar Hjaltason**
**Runólfur Ólafsson** **Anna Dagný Smith**
**Ólafur Haukur Ólafsson** **Guðbjörg Erlendsdóttir**
**Kjartan Ólafsson** **Ragnheiður Guðjónsdóttir**
**afa- og langafabörn.**

†



*Innilegar þakkir til þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför elskulegs föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,*

**Ólafs Friðriks Ögmundssonar**

Grænumörk 5, Selfossi.

**Ögmundur Ólafsson** **Helga Halldórsdóttir**
**Alda Guðlaug Ólafsdóttir**
**Lilja Guðrún Ólafsdóttir** **Björn Friðriksson**
**Erna Ólafsdóttir** **Eyjólfur Sigurjónsson**
**Guðlaugur Jón Ólafsson** **Angela Rós Sveinbjörnsdóttir**
**Baldur Ólafsson** **Kristín Erna Leifsdóttir**
**Halla Ólafsdóttir** **Guðni Einarsson**
**Jón Geir Ólafsson** **Ólöf Ragna Ólafsdóttir**
**og fjölskyldur**



†

*Elskuleg eiginkona mín, móðir, amma og langamma,*

**Martha María Aðalsteinsdóttir,**

Þorvaldsstöðum, Breiðdal,

lést á heimili sínu 2. maí.

Jarðarförin fer fram frá Heydalakirkju laugardaginn 8. maí kl. 14.00. Fyrir hönd aðstandenda,

**Pétur Jónsson**
**Bjarki Pétursson**
**Viðar Pétursson**
**Hlíðar Pétursson**
**tengdabörn, barnabörn og barnabarnabörn.**



†

*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Sigurbjörg Hjálmarsdóttir**

Hjúkrunarheimilinu Sunnuhlíð, áður Gullsmára 8, Kópavogi,

sem lést á hjúkrunarheimilinu Sunnuhlíð í Kópavogi laugardaginn 1. maí, verður jarðsungin frá Kópavogskirkju þriðjudaginn 11. maí kl. 15.00.

Þeim sem vilja minnast hennar er bent á FAAS, Félag áhugafólks og aðstandenda Alzheimerssjúklinga.

**Hjálmar Viggósson** **Ragnheiður Hermannsdóttir**
**Magnea Viggósdóttir** **Kenneth Morgan**
**Erna Margrét Viggósdóttir** **Kristján Þ. Guðmundsson**
**Helen Viggósdóttir** **Þórarinn Þórarinsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

*Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Ágúst J. Gíslason**

vélstjóri, Sóltúni 13, Reykjavík,

lést á Hjúkrunarheimilinu Sóltúni 6. maí.

**Inger Schweitz Winterhalter Gíslason**
**Jörgen Winterhalter Ágústsson** **Else-Marie Christensen**
**Erik Schweitz Ágústsson** **Jónína Guðjónsdóttir**
**Einar Schweitz Ágústsson** **Linda Ágústsdóttir**
**Inger María Schweitz Ágústsdóttir** **Bergsveinn Ólafsson**
**Guðrún Steingrímsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

*Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Þór Jóhannsson**

húsgagnabólstrari
Efstasund 19,

verður jarðsunginn mánudaginn 10. maí kl. 13.00 frá Áskirkju.

**Elín Rannveig Eyfells**
**Anna Kristín Þórsdóttir**
**Sólveig Þórsdóttir**
**Ingibjörg Eyja Þórsdóttir Eyfells**
**Jóhann Garibaldi Þórsson**
**tengdabörn, barnabörn og barnabarnabörn.**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **512 5000.**

**EVA PERÓN (1919-1952) FÆDDIST ÞENNAN DAG.**

*„Minn versti ótti í lífinu er að gleymast.“*

***María Eva Duarte de Perón var argentísk leikkona, söngkona og forsetafrú, gift Juan Domingo Perón.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is



**UPPRENNANDI LISTAMENN** Nemendur geta hafið nám í forskóla Tónlistarskóla Hafnarfjarðar eftir að fyrsta bekk í grunnskóla lýkur. MYND/TÓNLISTARSKÓLI HAFNARFJARÐAR

## TÓNLISTARSKÓLI HAFNARFJARÐAR: FAGNAR 60 ÁRA STARFSAFMÆLI

# Öflugt tónlistarstarf í bænum

„Maímánuður er yfirleitt undirlagður hjá okkur af tónleikahaldi allra deilda en nú höldum við upp á afmælið með þrennum tónleikum og sláum öllum deildum saman,“ segir Gunnar Gunnarsson, skólastjóri Tónlistarskóla Hafnarfjarðar.

Afmælistónleikarnir hefjast klukkan 12 á morgun í Hásölum með píanóleik nemenda sem lengst eru komnir. Klukkan 14 hefjast fyrri hátíðartónleikar en að þeim loknum verður boðið upp á kaffi og með því, áður en seinni hátíðartónleikarnir hefjast klukkan 16.

Tónlistarskóli Hafnarfjarðar er einn af stærstu tónlistarskólum landsins en hann var stofnaður árið 1950 upp úr Tónlistarfélagi Hafnarfjarðar sem sett hafði verið á fót fjórum árum áður. Sextán nemendur hófu nám í skólanum fyrsta veturinn undir stjórn Páls Kr. Pálssonar organista, en í dag eru nemendur um 650 talsins og 50 kennarar.



**MIKILVÆGT OG ÖFLUGT STARF** Gunnar Gunnarsson, skólastjóri Tónlistarskólans í Hafnarfirði, segir skólann gegna mikilvægu hlutverki í menningarlífi bæjarins. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

„Það fer fram mjög öflugt starf í tónlistarskólanum og við höfum bryddað upp á ýmsum nýjungum við kennsluna. Þótt nemendur sleppi ekki við að fara í gegnum strangt klassískt hljóðfæranám þá höfum við undanfarin ár þróað nýja deild við skólann, svokallaðan hrynskóla. Þar leggjum við áherslu á djass, rokk og popp.“

Eins segir Gunnar að aukin áhersla sé lögð á að nemendur spili eftir eyranu og spili jafnvel lög eftir sjálfa sig í prófum eða finni lög og flytji með sérstökum hætti.

„Það er mjög spennandi lína og svo spanna bækur nemenda í dag líka mjög vítt svið, allt frá Bach og Mozart til laga úr Disney-kvikmyndum. Þeim fylgir gjarnan geisladiskur með undirleik og þá getur nemandinn spilað lög með undirleik hljómsveitar.“

Tónlistarskóli Hafnarfjarðar er enn fremur einn aðalþátttakandi Sinfóníuhljómsveitar tónlistarskólanna en þá koma saman nemendur úr öllum tónlistarskólum höfuðborgarsvæðisins og spila í sinfóníuhljómsveit. Eins stendur Sinfóníuhljómsveit Íslands fyrir námskeiðum fyrir nemendur tónlistarskólans þar sem Rumon Gamba, aðalhljómsveitarstjóri Sinfóníuhljómsveitarinnar, stjórnar krökkunum.

„Það er gaman að segja frá því að það námskeið tókst vel og verður vonandi framhald á. Við vonumst auðvitað til að tónlistarskólarnir fái að lifa í öllum þessum niðurskurði og hremmingum en Tónlistarskóli Hafnarfjarðar vinnur mikilvægt starf hér í bænum. Við finnum fyrir ánægju með starfið og vonumst til að sjá sem flesta á afmælistónleikunum á morgun.“

**heida@frettabladid.is**



**KVENLEG STEF** í verkum Ásmundar Sveinssonar eru til skoðunar á nýrri sýningu í Ásmundarsafni. Ásdís Ásmundsdóttir, dóttir listamannsins, verður með leiðsögn um safnið á sunnudag klukkan 14.



FRÉTTABLAÐIÐ **Sölufulltrúar Henný Árnadóttir** henny@365.is 512 5427 **Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Þórdís Hermannsdóttir** thordish@365.is 512 5447




Gjafabréf Perlunnar
Góð tækifærisgjöf!

# Nýr A la Carte



Elmar Kristjánsson, yfirmatreiðslumaður Perlunnar

HUMARSÚPA
rjómalöguð, með Madeira og grilluðum humarhölum

Við mælum með Macon Chanes Domaine de Lalande með þessum rétti.

4ra rétta tilboðsseðill
Verð aðeins 7.290 kr.

PERLAN

Veitingahúsið Perlan - *Sími* 562 0200 - *Fax* 562 0207
*Netfang* perlan@perlan.is - *Heimasíða* www.perlan.is

Hringbrot

Auglýsingasími
512 54 01
FRÉTTABLAÐIÐ
Allt sem þú þarft...




Á Piri piri er að finna uppáhaldsrétti þeirra Stefaníu og Josue. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Lífga upp á hafnarbakkann

**Hjónin Stefanía Ingvarsdóttir og Josue Martins leggja sitt af mörkum til að lífga upp á hafnarbakkann í Reykjavík. Þar reka þau tvo veitingastaði og elda japanskan og portúgalskan mat í löngum bunum.**

Þau Stefanía Ingvarsdóttir og Josue Martins sjá til þess að það sé líf og fjör á hafnarbakkanum í Reykjavík en þar reka þau tvo veitingastaði nánast hlið við hlið. Sushismiðjuna hafa þau starfrækt í fjögur ár en portúgalski veitingastaðurinn Piri piri var opnaður fyrir nokkrum vikum.

„Josue er portúgalskur og við erum afar hrifin af portúgölskum mat. Við höfum gert mikið af því að grilla piri piri-kjúkling, sem er þjóðarréttur Portúgala, og langaði að bjóða fleirum að deila ánægjunni með okkur. Aðrir réttir á matseðlinum, eins og piri piri-rækjurnar, baunasalatið og Caldo Verde-grænkálssúpan með chorizo-pulsu eru allt réttir sem hafa lengi verið í uppáhaldi á heimilinu og við deilum nú með öðrum,“ segir Stefanía.

Piri piri-kjúklingurinn á staðnum er marineraður, heilgrillaður og klipptur niður á fat í misstórum skömmtum. Hann er svo borinn fram með baunasalati, hrísgrjónum eða frönskum og segir Stefanía um að ræða sérstaklega fjölskylduvænan mat. Þau hjónin hafa auk þess lagt upp úr því að innrétta staðinn með tilliti til barnafjölskyldna og eru með stórt leikherbergi á staðnum. „Ég fékk að heyra það frá viðskiptavini um daginn að hún og maðurinn hennar hefðu náð að tala saman fyrir margar vikur á meðan börnin léku sér og er gaman að geta stuðlað að því,“ segir Stefanía glöð í bragði. Sushismiðjan er til húsa að Geirsgötu 3 en Piri piri að Geirsgötu 9. *vera@frettabladid.is*

## PIRI PIRI KJÚKLINGUR OG SVARTAUGABAUNASALAT

**Piri piri-kjúklingur á úti-grillið**
1 msk. paprikuduft
2 hvítlauksrif rifin
3 msk. piri piri-olía (fæst í matvöruverslunum)
salt
pipar

*Kjúklingur skorinn í bita og lagður í marineringu í 1 klst. Skellt á grillið og grillað þar til hann er eldaður í gegn og vel ristaður að utan.*

**Svartaugabaunasalat**
400 g svartaugabaunir, soðnar
3 tómatar
2 hvítlauksrif
1 græn paprika
1 rauður chili
1 laukur
2 msk. sítrónusafi
2 msk. hvítvíns-vinegar
4 msk. ólífuolía
gróft salt
svartur pipar

*Sjóðið baunirnar, skerið grænmetið niður, hellið salatsósunni út á og blandið saman. Berið fram með kjúklingnum.*


Hefur þú prófað Heilsurétti Nings?



Þeir eru fullir af trefjum, próteinum og góðum kolvetnum. Kryddaðir með ferskum hvítlauk, engifer og chilli. Án salts og sykurs.

NINGS

Suðurl.br. 6 • Stórhöfða 17 • Hlíðasmára 12
Sími 588 9899 • www.nings.is

*Sýnishorn úr fjölbreyttum matseðli Nings*

60. Tofukjöt og blandað grænmeti með sósu að eigin vali. **995 kr.**
61. Grillaðar kjúkl.bringur með ristuðum brúnum grjónum, eggjum og grænm. **1050 kr.**
62. Lífrænt ræktuð brún hrísgrjón með túnfiski, eggjum og grænmeti. **790 kr.**
63. Ristaðar bókhveitinúðlur með kjúklingi, eggjum og grænmeti. **950 kr.**
64. Ristaðar Green tea núðlur með kjúklingi, eggjum og grænmeti. **950 kr.**
65. Steiktar eggjanúðlur með kjúklingi, eggjum og grænmeti. **790 kr.**
66. Lífrænt ræktuð brún hrísgrjón með kjúklingi, eggjum og grænmeti. **790 kr.**
67. Ristaðar kjúklingabringur með tofu og grænmeti. **1050 kr.**
68. Ristaðar hrísgrjónanúðlur með kjúklingi, eggjum og grænmeti. **790 kr.**

Sýnishorn úr matseðli. Alla heilsurétti má fá bæði litla og stóra, verð hér að ofan er á minni réttunum.

# Óperan kemur á óvart

**Borgarbúar geta átt von á óvæntum glaðningi á morgun þegar nokkrir af ástsælustu óperusöngvurum þjóðarinnar fara á stjá í tilefni evrópska óperudagsins og flytja valinkunn verk í Reykjavík og nágrenni.**

„Við höfum áður haft opið hús þar sem gestir og gangandi geta kynnst starfsemi óperunnar en ákváðum nú að gera eitthvað allt öðruvísi og niðurstaðan varð sú að koma fólki skemmtilega á óvart með söng í og utan við borgina. Það er í takt við þemað í ár sem er að byggja brýr til áhorfenda,“ segir Stefán Baldursson óperustjóri um þátttöku Íslensku óperunnar í evrópska óperudeginum, árlegum viðburði Samtaka óperuhúsa og -hátíða í Evrópu sem fer fram í fjölda evrópskra óperuhúsa á morgun.

Mikil leynd hvílir yfir deginum en Stefán fæst þó til að ljóstra upp að nokkrir af ástsælustu óperusöngvurum þjóðarinnar munu taka lagið í tilefni dagsins. „Jóhann Friðgeir Valdimarsson tenór, Gissur Páll Gissurarson tenór, Hulda Björk Garðarsdóttir sópran og Gréta Hergils Valdimarsdóttir sópran eru á meðal söngvaranna sem munu skjóta upp kollinum og flytja kunnugleg og upplífgandi lög,“ nefnir hann en fæst alls ekki til að gefa upp staðsetningar.

„Þetta kæmi náttúrlega ekkert á óvart ef ég gæfi þær upp,“ segir hann og hlær. „Þó get ég sagt að þetta eru bæði staðir í og utan Reykjavíkur. Við reyndum að velja ólíkar staðsetningar sem eiga það eitt sameiginlegt að vera bæði skemmtilegar og fjölfarnar, til dæmis þar sem fólk verslar eða sækir í einhverja afþreyingu,“ bendir hann á og bætir við að söngvararnir verði á ferðinni eftirmiðdaginn á morgun milli klukkan 14 til 18.

Stefán segist vona að uppátækið eigi eftir að vekja athygli á starfsemi Íslensku óperunnar, sem er um þessar mundir að skipuleggja dagskrána í haust. „Við erum núna á síðustu metrunum, en verkefnin sem eru fram undan ráðast meðal annars af samningum við söngvara sem núna er verið að ganga frá.

Þangað til geta óperuunnendur meðal annars gert sér góðan dag með tónleikum Óp-hópsins þann 18. maí. Þetta eru lokatónleikar hópsins sem samanstendur af nokkrum ungum og hæfileikaríkum söngvurum sem hafa komið fram á hádegistónleikum mánaðarlega í vetur. Að þessu sinni ætla þeir að flytja íslensk sönglög og lög úr íslenskum óperum,“ segir hann. *roald@frettabladid.is*




„Við ætlum að koma fólki á óvart með sönggleðningi á nokkrum völdum stöðum á morgun,“ segir Stefán Baldursson, óperustjóri Íslensku óperunnar sem tekur þátt í evrópska óperudeginum á morgun. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Sjöfn Har.
Íslensk myndlist í gjafapakkann þinn.
Útskriftargjafir.
Brúðargjafir.
Vinargjafir.
Listaverkakort.
ath. (innifalið)
Opið virka daga kl.12.00–18.00. laugard. kl.12.00–18.00
Ísland „Álfhóll“
Art & design / Sjöfn Har / Skólavörðustígur 41 101 Reykjavík,
Sími: 551 0606 / 894 0367 • sjofnhar.is • sjofnhar@sjofnhar.com

ANNA MARÍA DESIGN GULLSMIÐUR
Handsmíðað
Skólavörðustígur 3
Sími 551 0036
www.annamariadesign.is

FÖSTUDAG og LAUGARDAG
15% afsláttur af joggingbuxum og náttfötum
IANA Laugavegi 53 • s. 552 3737
Opið mánudag til föstudag 10-18, laugardag 10-17

JANUSBÚÐIN
ULLARFATNAÐUR Á ALLA FJÖLSKYLDUNA!
JANUS
IRIS
100 % MERINO ULL
LAUGAVEGI 25 REYKJAVÍK S. 552-7499
HAFNARSTRÆTI 99-101 AKUREYRI S. 461-3006

Sumarklútarnir komnir
Mikið úrval
Frá 2.500 kr.
SKARTHÚSIÐ • LAUGAVEGI 44 • SÍMI 562 24 66

vera
NÝJAR VÖRUR
EINNIG TILBOÐSSLÁR
vera • Laugavegi 49
Sími 552 2020

“Spennandi útilífsævintýri - fjör og hópefli”
Kassaklifur - GPS ratleikir - Bátasiglingar - Vatnaleikir - Frumbyggjastörf
Fyrir stráka og stelpur 8-12 ára - skipt í hópa eftir aldri
Upplýsingar og skráning á netinu - www.ulfljotsvatn.is
INNRITUN ER HAFIN
Opið virka daga kl 10-16 - sími 550 9800 - sumarbudir@ulfljotsvatn.is
SUMARBÚÐIR SKÁTA ÚLFLJÓTSVATNI

# Hin mestu móðurdjásn

**Ást móður og barns er fölskvalaus, hvort sem afkvæmið er halur eða drós. Tengslin haldast sterk yfir gröf og dauða, en í þeim lifir gegnheil gleði og hamingja í bland við óhjákvæmilega ósigra tilverunnar.**



Apríl 1964, Guðrún Ásmundsdóttir leikkona hellir upp á kaffi. Við hlið hennar situr Sigrún Edda Björnsdóttir dóttir hennar og síðar leikkona.
MYND/LJÓSMYNDASAFN REYKJAVÍKUR



Maí 1943, Beta og Didda sitja á tröppum Landsbókasafnsins við Hverfisgötu. Didda er klædd í hvítan slopp.
MYND/SKAFTI GUÐJÓNSSON

„Það leikur nú allt á minn tilfinningaskala, og vissulega brynnti ég músum og hló mig máttlausa yfir mæðgnasögunum því í reynsluheimi kvenna leynist bæði gleði og sorg. Það snart mig hversu margar konur höfðu samband til að segja að kall mitt hefði hreyft við þeim, því það gaf tækifæri til að hugsa um það einstaka samband sem við tökum oftast sem sjálfsögðum hlut," segir Sunna Dís Másdóttir, sem á morgun opnar sýninguna „Augun mín í augum þínum – mæðgur tala saman" í bakrými gamla Hljómalindarhússins við Laugaveg 23. Sýningin er afsprengi lokaverkefnis Sunnu í meistaranámi hagnýtrar menningarmiðlunar frá Háskóla Íslands.

„Ég hafði smá áhyggjur af því að sýningin yrði of konumiðuð en fannst ágætt þegar kennarinn benti mér á að körlum gæfist nú einstakt tækifæri til að fá innsýn í lokaðan heim kvenna og ætlar sjálfur að mæta í rannsóknarerindum til að öðlast betri skilning á konum, mæðrum og dætrum," segir Sunna sem fékk hugmyndina að mæðgnasögunum þegar móðir hennar varð fimmtug.

„Mæðgnasambönd eru svolítið óvenjuleg en nokkurn veginn alþjóðleg líka. Ég lagðist í heimildarvinnu og sá að mæðgnasambönd eru álitin merkileg hvort sem það er á Filippseyjum, í San Fransisco eða á Íslandi. Rithöfundurinn Patty Davis lýsir þeim best, en hún segir allt vera í yfirstærð í mæðgnasamböndum og þar finnst mér hún hitta naglann á höfuðið því gleðin verður svo rosaleg, eins og nándin, sorgin og dramað. Allt verður í stækkaðri mynd því mæðgur eru náskyldar, sama kyns, flóknar sem kvenverur og skilja hvor aðra til fulls."

Á sýningu Sunnu verður hægt að sjá heimildarmyndir af viðtölum sem hún tók við mæðgur, en þau verða síðan afhent Miðstöð munnlegrar sögu til varðveislu.



Sunna Dís Másdóttir ákvað að opna sýningu sína sem næst hæstvirtum mæðradeginum sem haldinn er á sunnudaginn. Hér er hún við inngang forvitnilegs sýningarhússins í gömlu, sjarmerandi porti við Laugaveg 23.
FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

„Þá verða til sýnis ótrúlega fagrar myndir frá Ljósmyndasafni Reykjavíkur af mæðgum fyrri tíma, en elsta myndin er frá 1890 og sú yngsta 1980. Að auki verð ég með sögurnar sem ég safnaði á Netinu en úr þeim útbjó ég sameiginlegt mæðgnafjölskyldualbúm sem fólk getur tyllt sér með yfir kaffisopa, skoðað það sem fyrir augu ber og haldið svo áfram ferð sinni um miðbæinn."

Í náminu hefur Sunna áður tekið fyrir ástarbréf Íslendinga, en hagnýt menningarmiðlun snýst um að miðla áfram hvers kyns menningarverðmætum.

„Menning er óskaplega vítt hugtak en það sem heillar mig mest er persónuleg menning. Ef maður þorir að miðla hinu persónulega græða allir. Maður vex af því að deila með sér, og með því að taka þátt í reynsluheimi annarra stækkar manns eigin heimur og maður verður mannlegri. Þess vegna vil ég ná fólkinu sem finnst það almennt ekki eiga heima á sýningum en er hafsjór fróðleiks, minninga og lífsreynslu," segir Sunna sem eyða mun sumri komanda vestur á fjörðum með sínum heittelskaða.

„Hann réði sig sem kokkur á Flateyri og það hittist svo skemmtilega á að þar er gömul krambúðarfílings-bókabúð sem þarf að hafa umsjón með. Hinum megin í húsinu stendur íbúð kaupmannshjónanna óhreyfð og nú er verið að gera hana að safni.

Ég er svo ættuð að vestan og eyddi sumrum æskunnar á Patreksfirði en er ofsa spennt að fara aftur og kynnast enn fleiri vestfirskum hnútum." *thordis@frettabladid.is*




# Bollaleggingar



» Bolli er ekki bara bolli og rétta útlitið getur breytt öllu. Smekkur manna er mismunandi og bollarnir frá Kahla eru misstórir, mislitir og fjölbreyttir í laginu svo flestir geta fundið þann rétta fyrir sig. Spáðu í bollana hjá Kokku, í verslun okkar eða á kokka.is

kokka laugavegi 47

laugavegi 47 opið mán.-fös. 10-18, lau. 10-16 | www.kokka.is kokka@kokka.is

JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA




Æðislegur klútur í fallegum bláum litatónum. Sigurboginn, Laugavegi 80. Verð: 6.900 krónur.



Stungnar snyrtitöskur, mattar og glansandi. Sigurboginn, Laugavegi 80. Verð: 4.500 krónur og 3.500 krónur.

# Gjafir handa mömmu

**Mæðradagurinn er næstkomandi sunnudag. Í tilefni þess og Langs laugardags á morgun leit Fréttablaðið inn í þrjár búðir í miðbænum og fann til fallegar gjafir handa eldri og yngri mæðrum.**

Fyrsti mæðradagurinn var haldinn 27. maí árið 1934 þegar Mæðrastyrksnefnd ákvað að efna til árlegs mæðradags. Síðan þá hefur mæðradagurinn verið haldinn árlega, að vísu annan sunnudag í maí, en ekki fjórða eins og í fyrstu. Hefð hefur verið fyrir blómagjöfum frá byrjun og í seinni tíð hafa gjafirnar þróast í aðrar áttir.

*juliam@frettabladid.is*



Postulínsbolli fyrir mömmukaffið. Kirsuberjatréð, Vesturgata 4. Verð: 4.000 krónur.



Hamingjueyrnalokkar með klemmum. Kirsuberjatréð, Vesturgata 4. Verð: 2.500 krónur.



Dásamleg sundhetta úr Lífstykkjabúðinni, Laugavegi 81. Verð: 3.900 krónur.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



Ástarjátning í lyklakippuformi. Kirsuberjatréð, Vesturgata 4. Verð: 1.250 krónur.


ANTI-AGING ANTI-WRINKLE EYE LINE FILLER

Fyllir samstundis upp í hrukkur í kringum augun

Vertu velkomin á kynningu í Sigurboganum föstudaginn 7. maí kl. 13 – 17



Bjóðum 15% kynningarafslátt og kaupauka

la prairie SWITZERLAND

SIGURBOGINN



# fös dagur

FYLGIRIT FRÉ 7. maí 2010

Ágústa Eva ræðir um borgríkið, undirheima Reykjavíkur og ástríðu fyrir bardagalistum

## REYNDI AÐ JARÐA SKINKUNA OG EUROVISION

+ NEMENDUR Í TÍSKUTEIKNUN MEÐ SÝNINGU Í DAG + UNNUR ANDREA LEIKUR BRÚÐUR Í KVIKMYND + SAMFESTINGAR Í TÍSKU + HEITUSTU SUMARKJÓLARNIR


1 TB HARÐDISKUR • GRÆNN OG HLJÓÐLÁTUR

Kr. 13.950

SAMSUNG



Samsung HD105SI
1TB EcoGreen F3 harðdiskur
Serial ATA 3.0 Gbps
32 MB buffer minni

SÆKTU EÐA FÁÐU SENT • SENDINGARKOSTNAÐUR AÐEINS KR. 750 HVERT Á LAND SEM ER • VERSLUN Í BÆJARLIND 1-3 • 201 KÓPAVOGI • SÍMI 569 0700 • WWW.ATT.IS

@tt.is
Allt tölvutengt á betra verði

# núna
✻ helgin og fólkið

## BÓAS KRISTJÁNSSON FATAHÖNNUÐUR

Ég og Geir Helgi, félagi minn, ætlum að spila sem „two brains and these fists“ á skemmtistaðnum Venue á laugardagskvöldið. Afgangurinn af helginni fer í snið, teikningar og tölvupóst.

helgin MÍN





### Blómlegar konur

Konur, kvenímyndir og tákngervingar kvenna eru viðfangsefni nýrrar sýningar í Ásmundarsafni við Sigtún þar sem sjónum er beint að kvenlægum stefjum í verkum Ásmundar Sveinssonar. Næstkomandi sunnudag, 9. maí kl. 14, verður Ásdís Ásmundsdóttir, dóttir listamannsins, með í för í leiðsögn um sýninguna, sem ber yfirskriftina „Ég kýs blómlegar konur…“ Konan sem tákn í list Ásmundar Sveinssonar.

### Pop Up á Akureyri



PopUp Verzlun heldur nú út fyrir höfuðborgina og opnar dyr sínar í hjarta Akureyrar að Hafnarstræti 99-101 (í AMARO-húsinu) yfir helgina. Hönnuðir sem taka þátt í þetta sinn eru A.C.Bullion, Anna Soffía, Dýrindi, Eight Of Hearts, Elva, Hring eftir hring, IBA, Jana Rut hönnun, Sonja Bent og Variu. Aðstandendur vilja biðja fólk að koma með reiðufé þar sem engir posar eru á svæðinu. Afgreiðslutími er frá klukkan 13.00-18.00 báða dagana.

þetta HELST

Listakonan Unnur Andrea Einarsdóttir lék grátandi brúður:

# HLJÓP UM Í BRÚÐARKJÓL Í HRAUNINU

Listakonan Unnur Andrea Einarsdóttir fer með hlutverk brúður í stuttmynd eftir hollenska leikstjórann Kris Kristinsson. Að sögn Unnar Andreu er myndin eins konar samblanda af heimildarmynd og skáldskap, en hún fjallar um unga brúður sem hleypur grátandi frá kirkju á brúðkaupsdaginn.

„Kris bað fólk um að ímynda sér brúður sem hleypur grátandi frá eigin brúðkaupi. Hann bað svo fólk um að segja sér söguna á bak við brúðurina og reynir svo að skjóta myndina svolítið í samræmi við frásögn fólksins. Sumar sögurnar eru mjög klisjugjarnar en fallegar á meðan aðrar eru langsóttari og fjalla um geimverur og annað slíkt,“ útskýrir Unnur Andrea. Leikstjórinn hefur tekið aðrar eins myndir í Marokkó, á Indlandi og í Perú og að sögn Unnar Andreu er því um hálfgerða mannfræðistúdíu að ræða. „Þegar myndirnar eru sýndar á eftir hver annarri sést vel munurinn á milli þessara ólíku menningarheima, sem mér finnst mjög áhugavert. Munurinn á myndinni frá Marokkó og þessari íslensku er til dæmis mjög mikill.“

Aðspurð segir Unnur Andrea það hafa verið gaman að taka þátt í þessu verkefni en að það hafi stundum tekið á að hlaupa um í skósíðum kjól í grýttri íslenskri náttúru. „Þetta var mjög gaman, en ég er öll marin eftir að hafa hlaupið um í hrauninu og mér var skítkalt allan tímann,“ segir hún að lokum og hlær. *- sm*



**Grátandi brúður** Unnur Andrea Einarsdóttir listakona fer með hlutverk í stuttmynd eftir hollenska leikstjórann Kris Kristinsson. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI


VORUM AÐ TAKA UPP NÝJA SENDINGU AF GALLAJÖKKUM OG SKOKKUM.



Kjólar frá 7.990 kr.

Allir sem versla fyrir 8.000 kr. eða meira fá belti í kaupbæti.

Við erum á fyrstu hæðinni í Firði.

MIND
Smart verslun fyrir konur - Firði Hafnarfirði
Sími 534 0073
Erum með opið á lau. kl. 11–16
FJÖRÐUR
www.fjordur.is


Versluninni Mundi's Boutique lokað tímabundið:

# Fluttur um set

Versluninni Mundi's Boutique við Laugaveg var lokað fyrir skemmstu. Mundi hyggst þó opna nýja verslun með haustinu en þangað til verður hönnun hans fáanleg í tískuversluninni GK Reykjavík.

„Það á að opna veitingastað í öllu húsinu og þess vegna misstum við húsnæðið. Við vissum reyndar frá upphafi að við gætum ekki verið mjög lengi í þessu plássi þannig að þetta kom okkur ekkert á óvart. Við stefnum á að opna nýja verslun í haust og það verður bara góð tilbreyting að skipta um húsnæði,“ útskýrir Mundi og bætir við að rekstur verslunarinnar hafi gengið vonum framar frá því hún var opnuð síðasta haust.

Hinn 12. maí verður ný sumarlína frá Munda kynnt í versluninni GK Reykjavík og í tilefni þess verður efnt til veislu. „Línan mun innihalda létta kjóla, jakkaföt og aðrar sumarlegar flíkur. Við ætlum að halda upp á þetta á miðvikudaginn næsta, boðið verður upp á léttar veitingar og plötusnúðurinn DJ Sexy Lazer mun þeyta skífum fyrir gesti,“ segir Mundi, en þessa dagana er hann önnum kafinn við að hanna nýja línu fyrir sumarið 2011. *- sm*



**Lokar tímabundið** Hönnuðurinn Mundi lokar verslun sinni tímabundið. Hönnun hans fæst þó áfram í GK Reykjavík. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓRA

✻ augnablikið



**SKONDIN** Leikkonan Chloé Sevigny sýnir af hverju hún er sífellt valin ein best klædda kona heims. Hér er hún í „vintage“ blúndukjól með opnu baki og víðu pilsi á góðgerðakvöldverði í New York á miðvikudag.


föstudagur
**Útgáfufélag** 365 miðlar ehf. **Forsíðumynd** Stefán Karlsson **Útlitshönnun** Kristín Agnarsdóttir **Auglýsingar** Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir **Ritstjórn** Anna Björnsson
sigridurdagny@365.is sími 512 5462 **Föstudagur** Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000

# Tiltekt



Við tökum til
og bjóðum valdar vörur
á stórlækkuðu verði.

**FRITZ HANSEN, ROSENDAHL,
ERIK JORGENSEN, MARIMEKKO,
ARTIFORT, KNOLL, STELTON
OG ALLIR HINIR**

Epal hf / Skeifan 6 / 568 7733 / epal@epal.is / www.epal.is

epal

## 15-70% AFSLÁTTUR

**Í DAG FÖSTUDAG
OG Á MORGUN
LAUGARDAG**

# núna

✻ tíska og hönnun



**ALLT SEM ÞÚ ÞARFT** Úr smiðju Bobbi Brown kemur þetta nýja litabox sem nefnist „antigua“. Þar er að finna allt sem þú þarft í einu handtaki: náttúrulegan augnskugga, rósrauðan kinnalit og þrjá tóna af varaglossi. fallegt og sniðugt.



**Sökktu sér ofan í endurreisnartímabilið** Hera Guðmundsdóttir, Steinunn Hrólfsdóttir og Sunna Örlygsdóttir unnu allar með mismunandi hugmyndir og miðla í verkum sínum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



**Myndir úr nammi** Tanja Huld Guðmundsdóttir gerði skemmtileg verk úr sælgæti.

Nemendur í tískuteikningu í LHÍ opna sýningu í dag

# ENDURREISN ENDURVAKIN

Fatahönnuðurinn og tískuteiknarinn Hildur Yeoman hefur í vetur kennt kúrs við Listaháskóla Íslands í tískuteiknun. Tíu nemendur hafa lært að tileinka sér tækni í kúrsinum sem þeir þurfa svo að yfirfæra frá þrívíðum efnisskissum yfir í tískuteikningar og munu bæði vinna bókverk og litla fatalínu út frá skissunum. Í dag verður opnuð sýning í Hugmyndahúsi háskólanna titluð „Endurreisn-Renaissance-Resurrection,“ sem var einmitt titill kúrsins en þar gefur að líta þá spennandi hluti sem nemendur hafa verið að fást við undanfarna mánuði. „Ég skoðaði vefnað og vefstóla,“ segir Steinunn Björg Hrólfsdóttir, einn nemandanna. „Út frá því kom hugmyndin að nota orðið „vefur“ og merkingu þess orðs í nútímasamfélagi. Aðferðin mín og hugmyndafræði samtvinnast orðinu.“ Hera Guðmundsdóttir segist hafa heillast af vísindum endurreisnartímans og þá aðallega fræðum alkemista. „Hugmyndafræði þeirra var bæði efnafræðileg og andleg, breytingar á ástandi og efni og ástandi á sjálfinu. Hugmyndafræðilega pælingin í verkinu er sumsé breyting ástands. Ég vann mikið með málm og studdist við hugmyndina um koparristur sem endaði í því að ég risti með hníf á plexigler. Mér fannst hugmyndin um þann leyndardóm sem alkemían var skemmtileg og studdist við hana í gerð nærfatalínu, eins konar leyndardóm kvenna í svefnherbergisskúffunni.“ Endurreisn sjálfsmyndarinnar var viðfangsefni Sunnu Örlygsdóttur en hún segist hafa sökkt sér í portrettmyndir endurreisnartímabilsins. „Ég skoða hvernig fólk miðlaði ímynd sinni þá og nú. Í dag notar fólk til dæmis Facebook og MySpace til að búa til ímynd af sjálfu sér fyrir aðra til að skoða. Verkið mitt er af fimm stúlkum í fatnaði með tækni sem ég hef verið að vinna með.“



**Verk úr brauði** Verk eftir Mai Shirato þar sem hún notar brauðfléttur með tískuteikningum.

Meðal fleiri verka voru teikningar gerðar úr nammi og meira að segja úr brauðdeigi og óhætt er að segja að sýningin verði fjölbreytt og spennandi fyrir alla með áhuga á list og tísku. *- amb*

*Endurreisn-Renaissance-Resurrection verður opnuð í dag klukkan fimm í Hugmyndahúsi háskólanna og verður einnig opin laugardag og sunnudag frá 12-18.*


MENNTASKÓLINN Í KÓPAVOGI
Innritun er hafin á:

## Nám sem nýtist þér!

### ▸ Skrifstofubraut I

Er tveggja anna hagnýt braut þar sem **höfuðáhersla er lögð á viðskipta- og samskiptagreinar.**
**Kennslutími:** Kl. 8:20 – 13:00. Kennsla hefst 24. ágúst. Brautin er einnig kennd í fjarnámi – sjá mk.is

### ▸ Skrifstofubraut II - rekstrarfulltrúi

Sjálfstætt tveggja anna framhaldsnám á skrifstofubraut II. **Mikil áhersla er lögð á tölvunám, viðskipta- og samskiptagreinar.**
**Inntökuskilyrði:** Krafist er þekkingar í ensku, bókfærslu og tölvunotkun.
Þeir nemendur sem lokið hafa námi af skrifstofubraut Menntaskólans í Kópavogi ganga fyrir um skólavist.
**Kennslutími:** Kl. 8:20 – 13:00. Kennsla hefst 24. ágúst.

### ▸ Office Skills Programme for Foreign Students

Office Skills Programme for students, over the age of 20, not having Icelandic as their mother tongue.
The courses are taught both in basic Icelandic and English.
**Time:** Mondays, Tuesdays and Wednesdays from 17:30 to 20:30. See mk.is

**Upplýsingar veitir Inga Karlsdóttir fagstjóri hagnýtra viðskipta- og fjármálagreina í síma 594 4000/8244114 eða í inga.karlsdottir@mk.is**


LIBERTY OG MAC FARA Í SAMSTARF:

# Sykursætt „Art Nouveau“ fyrir stelpurnar

Snillingarnir hjá Mac hafa skapað dásamlega vorlega línu ásamt breska merkinu Liberty of London. Liberty er fyrirtæki sem var opnað um miðbik nítjándu aldar í Bretlandi og sérhæfði sig í efnum sem skörtuðu fögrum blóma- og fuglamyndum, mynstrum sem eru löngu orðin að tímalausri klassík. Meðal þeirra listamanna sem gerðu mynstur fyir Liberty voru meðlimir listaklíkunnar „The Pre-Raphaelite movement“. Liberty-tískuhúsið framleiðir fatnað, aukahluti og jafnvel gúmmístígvél með Liberty-mynstrunum en nú eru sumsé fáanlegar snyrtivörur skreyttar þessum „art nouveau“-mynstrum. Litirnir í snyrtivörulínunni sem Mac skapaði fyrir Liberty eru einmitt innblásnir af myndunum og eru í mjúkum bláum, grænum og bleikum tónum. Snyrtivörurnar eru svo fagrar að það ætti að verða hrein unun fyrir allar skvísur að eiga slíkt góss í veskinu í vor. Rómantískt, hippalegt og gamaldags.



**Fallegar umbúðir** Mjúkir bleikir, gráir, bláir og grænir tónar einkenna litapallettuna



NÝ Glæsileg
mósaik
garðhúsgögn
borð 24.900,- stóll 11.990,-
borð 19.900,- stóll 11.990,-
borð 19.900,- stóll 10.900,-
3.590,-
790,-
1.990,-
390,-
2.890,-
4.990,-
1.990,-
1.490,-
5.490,-
1.490,-
1.490,-
3 saman 1.490,-
box frá 690,-
6.490,-
1190,-
890,-
18.900,-
29.900,-
22.900,-
19.900,-
the PIER
kemur stöðugt á óvart
www.pier.is
Smáratorgi 3 / 201 Kópavogi / sími: 522 7860 / / Korputorgi / 112 Reykjavík / sími: 522 7870

# REYNDI AÐ JARÐA SKINKU

**Ágústa Eva Erlendsdóttir leikur aðalhlutverkið í væntanlegri og blóðugri kvikmynd Ólafs de Fleur og hefur stundað bardagaíþróttir af kappi til að undirbúa sig. Hún telur sig nú geta fellt sæmilega hávaxinn karlmann kylliflatan til jarðar. Í viðtali við Föstudag ræðir hún meðal annars um hvernig hún reyndi að eyðileggja Eurovision og hvernig hún getur svæft fólk með handtaki úr taílensku bardagalist.**

*Viðtal* Anna Margrét Björnsson
*Myndir* Stefán Karlsson

Kvikmyndin er æsispennandi og gerist á Íslandi," segir Ágústa Eva Erlendsdóttir, söngfugl og leikkona, sem leikur aðalhlutverkið í kvikmynd frá Poppoli Pictures sem nefnist Borgríki og er í tökum um þessar mundir. „Í henni liggja leiðir þriggja hópa saman og þar eru á ferð íslenska lögreglan, íslenskir glæpamenn, með Ingvar E. Sigurðsson fremstan í hlutverki, og svo serbneska mafían. Þar er Serbinn Slatko fremstur í flokki en það eru sumsé alvöru Serbar að leika Serba í myndinni. Upp koma ýmis átök milli þessara hópa sem reynt er að leysa á ýmsan hátt."

*Er þetta ekki blóðugt og ofbeldisfullt?*



**Kann að sparka og kýla** Ágústa Eva hefur æft MMA kickbox af krafti undanfarna mánuði.

„Jú, þetta er það dálítið. Ég leik lögreglukonu sem kemst í skrýtnar aðstæður. Hún er ekki beint vond lögga en tekur eflaust ýmsar rangar ákvarðanir eins og fólk gerir þegar það kemst í hann krappan. Hún verður dálítið örvæntingarfull og gerir þá eflaust dálítið súra hluti."

Ágústa Eva er að æfa bardagaíþróttir af fullum krafti í félaginu Mjölni.

„Ég hafði verið þar einu sinni fyrir tveimur árum og um leið og Óli, leikstjóri myndarinnar, sagði mér að ég ætti að leika fíkniefnalöggu þá ákvað ég að drífa mig aftur í æfingar. Ég vissi að ég þyrfti dálítið að spýta í lófana ef ég ætlaði að gera þetta af einhverju viti. Mjölnismenn eru búnir að koma mjög mikið að kvikmyndinni og sjálf hef ég verið að æfa kickbox á fullu síðan í nóvember, auk æfinga með ketilbjöllum til að buffa mig upp."

## LÖGREGLAN HJÁLPAÐI VIÐ GERÐ MYNDARINNAR

Borgríki fjallar sumsé um myrkustu undirheima Reykjavíkurborgar og verður sýnd á hvíta tjaldinu á næsta ári. „Ólafur kemur úr heimildarmyndageiranum og hefur öðruvísi sýn á kvikmyndagerð en margir leikstjórar. Hann er einstaklega góður í að selja áhorfandanum söguna og hún verður mjög raunveruleg. Hann er mjög spenntur fyrir að fá alvöru hluti inn í kvikmyndina í stað þess að gera eitthvað „feik" Hollywood-dæmi. Við fengum lögreglur til að leiðbeina okkur við gerð myndarinnar og jafnvel leika í henni. Við höfum líka talað við alvöru krimma. Svo eru Serbarnir náttúrlega alvöru. Þeir eiga að hafa fengið herþjálfun í myndinni og þeir eru í alvörunni með herþjálfun. Þetta eru menn sem hafa gengið í gegnum stríð og hafa drepið menn og séð fólk lamið í stöppu. Það er mikið blóðbragð af þessari mynd."

Ágústa Eva segir lögregluna í Reykjavík hafa verið einstaklega hjálplega við gerð myndarinnar. „Þeir voru alveg ótrúlega hressir og skemmtilegir. Það er auðvitað enginn peningur á bak við þessa mynd enda nýbúið að skera niður í íslenskri kvikmyndagerð. Hver veit nema aðeins þessi eina íslenska kvikmynd komi út á næsta ári og þá langar okkur auðvitað að hún verði góð."

## EKKI GRÍN AÐ MÆTA MÉR Í MYRKU HÚSASUNDI

Spurð um hvort hún hafi öðlast nýja sýn á íslenska undirheima í gegnum tökur myndarinnar segist Ágústa Eva auðvitað hafa velt þeim málum meira fyrir sér en ella. „En ég held ekki að við þurfum að hafa neinar sérstakar áhyggjur. Til hvers að hafa áhyggjur? Þetta er ekkert verra en annars



**Glæpagengi takast á við lögregluna** Hér sést víkingasveitin í tökum á Borgríki.




# UNA



staðar og örugglega betra ef eitthvað er. Það er hins vegar ábyggilega mun meira í gangi en lögreglan getur nokkurn tímann höndlað. Þeir eru ekki beint að hlaupa um á eftir unglingum með hassbúta.“

*En hvað finnst Serbunum um að leika austantjaldskrimma? Finnst þeim ekkert vera fordómar í gangi gegn þeim?* Hún þagnar.

„Veistu, ég hef bara mjög lítið talað við þessa menn. Þeir eru frekar skerí. En þeir eru samt dálítið krúttlegir.“

*Ertu orðin dálítið góð í að snúa niður fólk með bardagalistum?*

„Ég er aðallega orðin góð í að gera armbeygjur. En ég kann alveg að sparka og kýla. Það væri ekkert grín að reyna að ráðast á mig í myrku húsasundi.“

## BANNAÐ AÐ BÍTA OG SPARKA Í PUNGINN

Ágústa Eva segir að sú tiltekna bardagalist sem hún er að æfa nefnist MMA kickbox sem sé eins konar samansafn úr alls kyns bardagatækni.

„Þetta er aðallega byggt á Ju Jitsu og kickboxing og er mjög vinsælt í dag. Íþróttin byrjaði eiginlega með metingi um hvaða bardagalist væri best eða virkar í alvörunni. Þetta fer sumsé þannig fram að tveir einstaklingar eru lokaðir saman inni í búri og þar má gera flestallt sem fólki dettur í hug til að verja sig.“

*Má bíta?*

„Nei, það má reyndar ekki bíta og það má ekki sparka karlmenn í punginn. En flest annað er leyfilegt. Þú mátt til dæmis taka andstæðinginn þinn úr lið og skella honum í gólfið, sumsé allt þangað til að hann annaðhvort rotast, gefst upp eða sofnar.“

*Sofnar?*

„Já, það er sérstakt choke-tak sem maður notar svo að það líði yfir fólk. Ég geri þetta einmitt í myndinni og sá maður varð dálítið rauður í framan.“

*Hefurðu styrkst mikið, myndirðu mæla með þessu við konur?*

„Já, það kemur töggur í mann. Þetta veitir manni útrás og það er líka fyndið að kunna þetta. Svo veitir þetta manni andlegan styrk og maður verður fókuseraður og einbeittur.“

## SKINKAN EINS OG VÍRUS SEM LEGGST Á MANNKYNIÐ

Bardagalistir verða að teljast langt í burtu frá karakternum Silvíu Nótt sem Ágústa Eva gerði eftirminnilega fyrir nokkrum árum. Finnst henni Silvía hafa skapað skinkumenninguna?

„Nei, alls ekki, skinkan var til staðar en fáir tóku eftir henni. Ég var að reyna að eyðileggja skinkumenninguna með Silvíu Nótt en það misheppnaðist. Ég reyndi líka að eyðileggja Eurovision en það misheppnaðist líka. Ég hef reynt að leggja mitt af mörkum til að tortíma þessu öllu saman en þetta er bara of sterkt afl. Það ræður enginn við þetta. Þetta er eins og vírus sem er að herja á mannkynið. Þetta byrjaði kannski í einhverju óvinaríki og smitaðist út um allt.“

*En verður karakterinn ekki dreginn upp aftur?*



**Leikur lögreglukonu** Ágústa Eva í hlutverki sínu ásamt mótleikara sínum, Birni Thors.

„Nei, það er nóg af raunverulegum Silvíum til. Búningarnir eru líka komnir í einhvern gám einhvers staðar og ég er eiginlega búin að týna þeim.“

*En hvern ætlar Ágústa Eva að reyna að jarða næst?*

„Ég veit það ekki. Jón Gnarr er að jarða pólitíkina þannig að ég kemst ekki í það. Ég er mjög spennt fyrir því að sjá Jón Gnarr í borgarstjórn og sjá hann raunverulega takast að jarða þetta allt saman.“

*En hvert væri svo draumahlutverkið?*

„Draumahlutverkið mitt væri að leika raðmorðingja.“

## ÞOLIR EKKI FLÍSTEPPI Á HÓTELUM

Ágústa stígur á svið með meistara Megasi á listahátíð um miðjan mánuðinn.

„Ég kem fram í Háskólabíói 24. maí með Megasi. Við höfum sungið dálítið saman, til dæmis á aðventutónleikum um jólin. Við vorum fyrst sett saman á Lee Hazlewood „tribute“-tónleikum og höfum spilað nokkrum sinnum saman síðan. Megas fer yfir feril sinn á þessum tónleikum og samstarf okkar hefur verið mjög gott.“

*En þitt eigið stöff?*

„Ég er búin að vera að hanga inni í bílskúr Ómars Guðjónssonar og við höfum leikið okkur að því að búa til tónlist saman. Þetta er einhvers konar róleg, lágstemmd kántrítónlist.“

*Hvernig myndirðu lýsa tónlistinni á Myspace?*

„Eyðimerkurrokk“

*Hvað hlustar þú þá ekki á?*

„Ég hlusta ekki á FM 95,7 en kveiki á stöðinni þrisvar á ári til að sjokkera sjálfa mig. Annars er ég mest fyrir seventís rokk og gamla íslenska tónlist með moldarbragði.“

*Hvernig finnst þér lagið með Ásdísi Rán?*

„Það er alveg guðdómlegt.“

*Hvernig verður svo sumarið hjá þér?*

„Ég ætla að fara hringinn í kringum landið.Því meira sem ég ferðast því heimakærari verð ég. Það er bara óþarfa vesen að fara út, maður þekkir engan og þarf að sofa á hótelherbergjum með flísteppum og lökum. Það er alveg óþolandi.“




Það er óþarfi að eldast um aldur fram

**Dr. Earl Mindell:**
“Hver sem er á að geta haft útlit og líðan fyrir að vera 5-15 árum yngri en hann er.”

**Aukið álagsþol og jafnvægi, dregur úr streitu, vær svefn og léttari lund.**

Næring fyrir DNA og RNA starfsemi frumanna. Hefur áhrif á teygjanleika og stinnleika líkamans. Góður árangur við síþreytu, vefjagigt og vöðvabólgu




**Gréta Mörk, hjúkrunarfr. 54 ára:** Eftir langvarandi vanlíðan prófaði ég Life Extension. Strax á fyrsta glasi leið mér verulega betur. Þrek og lífsþróttur hefur aukist stórum, ég sef betur og þoli miklu meira álag. Er léttari og jákvæðari í skapi og er orðin félagslyndari. Mér finnst ég vera áratugum yngri. Húðin er orðin mýkri, hrukkurnar færri og frískari yfirbragð. Ég mun taka Life Extension inn áfram.

Fæst í apótekum, Heilsuhúsinu og Fríhöfninni.
**2 mánaða skammtur** · www.celsus.is



**Rendur** Prjónaður samfestingur fyrir veturinn frá Soniu Rykiel.

SAMFESTINGAR Í SUMAR:

# VÍÐ SNIÐ OG SKEMMTILEG EFNI

Kisulórusamfestingar eru heila málið í sumar en fjöldinn allur af hönnuðum sýndi þá í margvíslegum útgáfum bæði fyrir vor og sumar og næsta haust og vetur. Franska tískudrottningin Sonia Rykiel virðist sérstaklega hrifin af þessari praktísku flík en hún var bæði með dásamlega víða blómasamfestinga og khaki-litaða „safari“ samfestinga fyrir vorið. Á sýningum fyrir haust og vetur sýndi hún svo kynþokkafulla röndótta samfestinga í Rykiel-litapallettunni. Breski hönnuðurinn Richard Nicoll gerði skemmtilega samfestinga úr flaueli í fallegum bláum og vínrauðum tónum og eins valdi bandaríski hönnuðurinn Charlotte Ronson bláa litinn á samfestinga sem voru eins og skyrta að ofan. ***- amb***



**Belti** Dökkblár samfestingur með hnöppum frá Charlotte Ronson.



**Sumarlegt** Fallegur ljósbrúnn samfestingur með hlýrum frá Soniu Rykiel.



**Harem-fílingur** Fallegur blár flauelssamfestingur með dálítið arabísku sniði frá Richard Nicoll.



**Praktískt** Grágrænn samfestingur frá Soniu Rykiel.






**Blóm** Anna Soffía gerir gullfalleg hárbönd úr ýmsum efnum sem eru fáanleg í versluninni Rokk og rósir.



**Fallegar fléttur** Dóttir Bobs Geldof, Peaches, ásamt vinkonu sinni Cori Kennedy á tískuvikunni í París. Peaches skartar fléttum og blómum í hárinu.



**Fjaðrir** Íslenska hönnunarteymið Varius gerir töff og örlítið gotneskt hárskraut úr hrafnsfjöðrum.

HÁRTÍSKAN Í VOR:

# Rómantískir lokkar og fallegt hárskraut

Slétt hár og toppar virðast hafa fallið í valinn fyrir mun rómantískari hártísku í vor og sumar. Á tískupöllunum var hár gjarnan sett upp, annaðhvort í sixtís-túberingar eða meira gamaldags greiðslur, rómantískir liðir voru vinsælir og hárskraut hefur aldrei verið meira áberandi. Tískuþenkjandi stjörnur hafa einmitt skartað ýmiss konar hárskrauti að undanförnu en einnig eru fléttur, tíkarspenar og hnútar vinsælir. Af nógu er að taka af hárskrauti í verslunum Reykjavíkur en íslenskir hönnuðir hafa verið iðnir við að skapa fallega hluti af ýmsum toga. Sem dæmi um gullfallega fylgihluti í hárið má nefna skart frá Thelmu, Hildi Yeoman, Önnu Soffíu og Varius. ***- amb***



**Gamaldags** Thelma er víðfræg fyrir hárspangir sínar. Hér er ein í barokkstíl sem er einstaklega falleg.



# Við erum ódýrari

**VEIÐIPORTIÐ**

**Opnunartímar**
**mán.–fös. kl. 9–18**
**laugard. kl. 10.00–16.00**
**Opið á sunnudögum**
**í júní, júlí og ágúst.**

## Veiðiportið • Grandagarði 3 • Sími 552 9940

### Vöðlutilboð

Öndunar vöðlusett. Snowbee vöðlur og Jaxon skór aðeins **28.950 kr.**

**Líklega lang ÓDÝRASTA öndunar vöðlusettið á Íslandi í dag**
**Ath. Vöðlutaska fylgir.**




### Vöðluskór frá Chota

**Að margra mati langbestu vöðluskórnir á markaðnum í dag**

Ótrúlega vandaðir og sterkir skór með teygjum í stað reima, vatnsþolnu leðri og hægt að skrúfa í þá nagla sem fylgja með.

Ef þú ert að leita að góðum vöðluskóm og ert ekki tilbúinn að borga hátt í 40.000 kr. fyrir góða skó þá er þetta málið.

**22.900 kr.**
**m/nöglum 23.900 kr.**



### Masterline kassettu fluguhjól

Þessi frábæru ál fluguhjól á 3 legum með 3 aukaspólum og tösku. Klárlega bestu kaupin í fluguhjólum fyrir línu 7/8 í dag.

**Verð aðeins 9.500 kr.**
**Einnig fáanleg bara með ál spólu lína 5/6 - 7/8 frá 6.900 kr.**



### Vöðluskór frá Jaxon



Ódýrir vöðluskór frá Jaxon.
Sterkir skór með góðum filt sóla.

**Verð 11.950 kr.**

### Sjóveiðistangir – tilboð!

Sjóstangir 210 cm í 2 hlutum fyrir 200–400 gr. pilka.
**Aðeins 5.900 kr.**



### Flugustangarpakki frá Robinson

9 feta stöng í 3 hlutum lína 6/7
ál diskabremsu fluguhjól með 3 legum og nákvæmri diskabremsu flotlína, undirlína, taumatengi og taumur + 10 flugur í poka.
Allt sem þú þarft til að byrja í flugunni

**Verð 19.900 kr.**





### Jaxon Harmony

Mest seldu stangirnar á Íslandi. Frábærar stangir í alla veiði og verðið er enn betra!



**2.950 kr.** 6 fet. **3.900 kr.** 8 og 9 fet.

Jaxon Adventure 3 legu hjól með auka spólu. **Verð 2.950 kr.**

Jaxon Arrow 5 legu hjól með aukaspólu og góðri bremsu. **Verð 4.950 kr.**

Jaxon Galand GX 500 stórt 6 legu hjól aukaspóla og samanbrjótanleg sveif með einu handtaki. **Verð 5.990 kr.**

Jaxon Impress Mjög vandað 8 legu hjól með aukaspólu og 2 ára ábyrgð. **Verð 6.950 kr.**

Jaxon Navigator 700. 6 legu stórt strandveiðihjól, sem tekur 335 metra af 30 punda línu aukaspóla. **Verð 8.950 kr.**



### Jaxon slöngubátur 290 cm og 320 cm

Ce vottaðir og samþykktir af Siglingamálastofnun íslands.

- þolir allt að 20 hestafla mótor
- þyngd 45 kg
- harður botn og uppblásinn kjölur
- árar og pumpa
- Kemur í tösku og smellur í skottið á fjölskyldubílnum

**Verð 249.000 kr.**




**Í TILEFNI AF 20 ÁRA AFMÆLI JAXON FYLGIR RAFMAGNSMÓTOR AÐ VERÐMÆTI 44.950 KR. MEÐ ÖLLUM SELDUM BÁTUM Í MAÍ.**



**NUDE FRILL SHIFT DRESS**
Er einnig til í gráu  og svörtu
Verð: 16.990 kr.

**VERSLUNIN – OASIS**
Kringlunni og Smáralind



**ORIENTAL FLOWER DRESS**
Verð: 14.990 kr.



Einstaklega fallegur
sumarkjóll úr hör í karrí lit.

**ELM**
Laugavegi 1, s: 511-0991
www.elm.is

Æðislegur taft kjóll í
sumarlega lime græna litnum
- heitasti liturinn í sumar.





Verð: 15.990 kr.

**VERSLUNIN WAREHOUSE**
Kringlunni og Smáralind



Verð: 14.990 kr.

# SÓLARKJÓLAR Í SUMAR

Vorið er komið, tekið er að birta á kvöldin og trén farin að skarta ljósgrænu laufskrúði. Nú er tilvalið að skella sér á fallegan kjól og skokka út í vorið.

**DAY**
Kringlunni



Verð:  49.990 kr.



Verð:  29.990 kr.
Einnig til í hvítum lit



ÓLÍFUGRÆNN



RAUÐKÖFLÓTTUR



GRÁKÖFLÓTTUR

**FARMERS MARKET**
Eyjarslóð 9.
www.farmersmarket.is

**FARMERS MARKET** var að koma með þrjár nýjar útfærslur af kjólnum Heiði  fyrir sumarið.   Léttur og þægilegur með stillanlegum hlýrum. Ein stærð sem hentar flestum.100% silki.

Verð 26.500 kr.



Verð :  46.990 kr.



In wear kjóll
Verð : 18.990 kr.

**COMPANYS**
Kringlunni.
www.ntc.is



Fallega turkys blár kjóll ,
Verð: 22.990 kr.

**KARAKTER**
Kringlunni.
www.ntc.is

**ALL SAINTS**
kringlunni



Verð:  20.990 kr.



Pastell bleikur kjóll ,
Verð : 8.990 kr.

**17**
Smáralind og Kringlunni.
www.ntc.is



Glæsilegur kjóll frá Moss
Verð : 10.990 kr



Verð 34.990 kr.
Einnig til í ljósgrænum lit

**KAREN MILLEN**
Kringlunni og Smáralind



Verð: 40.990 kr.



Verð:  32.990 kr.



Verð:  19.495 kr.
Einnig til í ljósgrænum lit.



Verð:  29.990 kr.

**VERSLUNIN COAST**
Smáralind



## FRÁBÆR FÖSTUDAGUR

Jóhanna Björg Guðmundsdóttir
ritstjóri Nude magazine.is



1 Vakna á Soho Grand Hotel í New York, fæ mér morgunmat í þakgarði hótelsins og panta nudd.



2 Rölti um borgina, skoða mannlífið og versla eins og gengið sé enn 60 kr. Borða hádegismat á Pastis og spotta nokkur „celeb“ í salnum, þar á meðal Marc Jacobs.

3 Fæ mér guðdómlega „cupkake“ hjá Magnolia bakery á Bleeker Street á leið minni til uppáhalds blaðasalans míns á Prince Street.



4 Eyði síðdeginu í Central Park á teppi í grasinu með öll nýju tímaritin mín og slaka á í sólinni.



5 Fer út að borða á Asia de Cuba og skelli mér svo á pöbbarölt með vinunum.




Tíska, fegurð, hönnun, lífið, fólkið, menning og allt um helgina framundan

Auglýsendur vinsamlegast hafið samband:
Sigríður Dagný í síma 512 5462 eða sigridurdagny@365.is

föstudagur
Fylgstu með



**ÚTSKRIFTARSÝNING** Listaháskóla Íslands í Hafnarhúsinu stendur til 9. maí. Þar sýna útskriftarnemendur í hönnunardeild og myndlistardeild verk sín, svo sem vídeóskúlptúra, skrímslabangsa, barnabækur, húsgögn og margt fleira.





Gestir Íslenska barsins geta valið um hefðbundinn eða hátíðarmatseðil um helgina í tilefni af afmæli staðarins.

MYND/ÚR EINKASAFNI

# Kver og kræsingar á afmælisdaginn

**Íslenski barinn fagnar ársafmæli um helgina með hátíðarmatseðli og útgáfu á nýrri matreiðslubók sem inniheldur léttar uppskriftir.**

Íslenski barinn fagnar ársafmæli um helgina með hátíðarmatseðli og útgáfu á nýrri matreiðslubók.

„Við ætlum að bjóða upp á sérstakan þriggja rétta matseðil, sem er settur saman af matreiðslumönnum Íslenska barsins og bruggurum Ölvisholts með áherslu á íslenskar kræsingar,“ segir Gunnsteinn Helgi Maríusson, rekstrarstjóri Íslenska barsins, sem fagnar ársafmæli með pomp og prakt um helgina.

Að hans sögn hefur staðurinn frá upphafi lagt áherslu á íslenska rétti og hefur framtakinu verið vel tekið. „Það er búið að vera fullt hjá okkur allt frá opnun og sækist fólk yfirleitt í létta rétti í hádeginu en vel útilátnar íslenskar máltíðir á kvöldin, sem eru okkar eðalsmerki.“

Íslenskir réttir verða sem endranær í aðalhlutverki á barnum um helgina en þess má geta að Eyþór Mar Halldórsson matreiðslumeistari hefur tekið nokkra þeirra saman í bók, Matreiðslubók Íslenska barsins, sem var gefin út í tilefni af afmælinu. „Hún hefur að geyma allt frá litlum og léttum uppskriftum að smáréttum, eins og skonsum og flatkökum og yfir í villibráð,“ tekur hann sem dæmi og bætir við að aðdáendur íslenskrar matargerðar ættu ekki að verða vonsviknir. *- rve*




Sérstök matreiðslubók með réttum staðarins hefur verið gefin út í tengslum við afmælið.


NÝTT • GLÆSILEGT • YNDISLEGT



**teg. Cloudy -** í B,C,D,DD skálum á **kr. 7.680,-**



**teg. Cloudy -** í D,DD,E,F,FF,G skálum á **kr. 7.680,-**

Misty -fyrir allar konur

**Laugavegi 178 - Sími: 551 2070**
**Sími 551 3366.**
**Opið mán.-fös. 10-18,**
**laugard. 10-14.**
**Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf.**
**www.misty.is**

Vertu vinur



;ALLT HELGIN Laugardaga

**Jóna María Hafsteinsdóttir**
jmh@365.is - sími 512 5473

**Henný Árnadóttir**
henny@365.is - sími 512 5427

**Þórdís Hermannsdóttir**
thordish@365.is - sími 512 5447



Ókeypis sumarnámskeið

MANNÚÐ OG MENNING

Reykjavíkurdeild Rauða kross Íslands býður upp á námskeið í sumar fyrir börn á aldrinum 7-9 ára og 10-12 ára.



- Hvert námskeið er ein vika.
- Námskeiðin standa yfir frá mánudegi til föstudags frá kl. 09:00-16:00.
- Þátttakendur þurfa að hafa með sér nesti en hádegismatur og ferðakostnaður er í boði Reykjavíkurdeildar Rauða krossins.

Á námskeiðinu er lögð áhersla á fræðslu og leiki í tengslum við hugsjónir Rauða krossins um mannúð og óhlutdrægni. Meðal efnis á námskeiðinu er; undirstöðuatriði skyndihjálpar, umhverfismál, skapandi leikir, saga og starf Rauða krossins, fjölmenningarlegt samfélag og uppskeruhátíð.

- Nánari upplýsingar um námskeiðið má finna á síðunni www.redcross.is/reykjavik
- Ath. Takmarkað pláss er á hverju námskeiði.



**Skráning er hafin!**

Nánari upplýsingar veitir Marín Þórsdóttir í gegnum netfangið marin@redcross.is eða í síma 545-0407

Rauði kross Íslands
Reykjavíkurdeild



LANGUR LAUGARDAGUR Í MIÐBORGINNI!

Lifandi tónlist og allsherjar léttleiki tilverunnar.

Gjaldfrjáls blastæðahús.

Bítur og Marlon Pollock sjá um tónlist og texta.




Miðborgin er staðurinn til að versla og njóta veitinga og þjónustu sem aldrei fyrr.

# ;ALLT SEM ÞIG VANTAR

**Allar smáauglýsingar vikunnar á visir.is**

Smáauglýsingasíminn er opinn alla daga kl. **8–17**

Smáauglýsingasíminn er **512 5000**
**smaar@frettabladid.is / visir.is**

Afgreiðslan er opin: alla virka daga **8–17**

## BÍLAR & FARATÆKI

**bilfang.is S.567 2000**



Nissan Maxima 07/2003 ek 128 þ.km sjálfskiptur verð 1.280.000.- ath skipti ód.



Lexus GS 450 L Hybrid 07/2007 ek aðeins 25 þ.km Bíll í sérflokki með öllum hugsanlegum þægindum meðaleyðsla ca 8 l pr 100 km, ath slétt skipti eða ód á sportlegum jeppa ! Verð 7.8 mil

**Bílasalan Bílfang**
**Malarhöfða 2, 110 Rvk.**
**Sími: 567 2000**
**www.bilfang.is**

**HÖFÐABÍLAR** ... þar sem bílar seljast



FORD TRANSIT ARF55S3 HÚSBÍLL Árg 2006, ekinn 17 þ.km, DÍSEL, 5 gírar. Verð 6.700þ Mjög vel útbúinn Rnr.151543

**Höfðabílar**
**Fossháls 27, 110 Reykjavík**
**Sími: 577 4747**
**www.hofdabilar.is**

**STÓRA BÍLASALAN**

Það er frítt að skrá bílinn hjá okkur og það kostar heldur ekkert að láta hann standa hjá okkur. Vantar allar gerðir af bílum, hjólum og ferðavögnum á skrá og á staðinn vegna góðrar sölu. Myndeftirlit á plani og gæsla.

**Stóra bílasalan**
**Kletthálsi 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 5861414**
**Myndeftirlit á plani**
**http://www.stora.is**

**bíll.is** bestir í bílum...



OPEL CORSA ENJOY. Árgerð 2008, ekinn aðeins 23 þ.km, BENSÍN, 5 gírar. Verð 1.880.000. Skoðar skifti Rnr.132441



CAMPIONE AALANTE S 550 . Árgerð 2007, ekinn 40 klst.,Eins og nýr hlaðinn búnaði Verð 3.490.000. Rnr.132462 skoðar skipti.

**Bíll.is**
**Sími: 577 3777**
**www.bill.is**

**bifreiðasalan**

ER MEÐ KAUPANDA AF TERRANO DISEL 2002-03 OG FORD EXCURSION CA.2000 ÁRG.EINNIG MEÐ KAUPANDA AF BÍLUM MEÐ MIKLUM AFSLÆTTI MIKIÐ ÚRVAL AF GÓÐUM BÍLUM Á MJÖG GÓÐUM VERÐUM EINNIG ER MEÐ MIKIÐ AF BÍLUM SEM ERU TIL Í ALLSKONAR SKIPTI D/Ó TVO Í EINN OG FLEIRA OG FLEIRA VANTAR BÍLA Á SKRÁ OG Á STAÐINN

**Bifreiðasalan**
**Stórhöfði 15, 112 Reykjavík**
**Sími: 577 4400**
**www.bifreidasalan.is**

**Arnarbílar** www.arnarbilar.is



**TILBOÐ 990.þ stgr**
TOYOTA RAV4 LANGUR 2WD, árg 12/2001, ek 143.þ km, 1.8L 125 hestöfl, Beinskiptur, Framhjóladrifinn, Mjög gott eintak, Verð 1.150.þ Vantar bíla á skrá og á staðinn, Arnarbílar S: 5672700

**Arnarbílar ehf**
**Malarhöfði 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 567 2700**
**www.arnarbilar.is**

**100bilar.is** bílasala



Vegna mikillar sölu vantar okkur allar gerðir bíla, hjólhýsa, fellihýsa, pallhýsa oþh. á skrá, Skráið frítt hjá okkur, Sendið okkur skráningar á 100bilar@100bilar.is eða í síma 5179999, 100bílar.is

**100 bílar ehf**
**Þverholt 6, 270 Mosfellsbær**
**Sími: 517 9999**
**Opið virka daga 10-18.00 og laugardaga 12-16**
**www.100bilar.is**



**M.Bens E200 Selst ódýrt 1990þús**
M.Bens E200 CLASSIC ,04 Selst ódýrt 1990þús Flott eintak Ekinn 143 þús sjálfskiptur Topplúga Leður svart Navigation, CD, Hlaðinn bíll Stærri felgurnar og hlóðkerfið fyrstur kemur fyrstur fær:s 895 8898.

Tilboð óskast í Nissan Patrol árg. 95. 35" dekk. Kram mjög gott en þarfnst ryðbóta á undirvagni. Uppl. í síma 8994026

## 250-499 þús.



**TILBOÐ 390 ÞÚS!!!**
FORD FOCUS 1,6 station árg'99 ek.139 þús,beinskiptur,ný skoðaður 2011 ný massaður,dráttarkrókur,heilsársdekk,cd,fjarstýrðar samlæsingar ofl. ásett verð 530 þús TILBOÐ 390 ÞÚS. bílinn er til sýnis og sölu á www.diesel. is/ kletthálsi 15 s.578 5252

## 1-2 milljónir



MMC Outlander árg. 2005, ek 69 þús. V 1,8 m ... góð kaup. Sími 8209310

## 2 milljónir +



TOYOTA LAND CRUISER 70 ,44/38 dekk ,árg. 2000 ,83 þ.km. ,bnb.is raðnúm. 995163 sími 848-4411

## Bílar óskast

Óska eftir að kaupa vel með farna sjálfsk. Toyotu. Allt að 600þús. staðgr. Uppl. í s. 699 1060.

**ÓSKA EFTIR BÍL Á 0-250 ÞÚS STGR!**
Óska eftir bíl 0-250 þús stgr! helst ekki eldri en ,98 má þarfnast lagfæringa s.691 9374

Óska eftir bíl frá 0 til 150 þúsund má vera bilaður,beyglaður ,eða í lagi. uppl í síma 8204640.

## Bílar til sölu



VW Golf 4x4 2,0L Station nýskr. ,01 Ek.107þ.Sifurgrár,nýleg tímareim, nýsk.'11, Fallegur og góður bíll. V.650þ. stgr.Uppl í síma 772 0000.



Toyota Avensis EXE árg. ,04 sjsk., ek. 70 þús. sk. ,11. Topplúga. Tilboðsv. 1.630 þús. S. 868 8498.



Til sölu Volvo V 70 XC árgerð 1998 ekinn 176 þúsund km. Upplýsingar í síma 848 4864.

Óska e.að kaupa notaða diesel-lyftara frá árg.1980. Uppl.í s.866 0471

## Vörubílar

**OK VARAHLUTIR**

**Varahlutir -Varahlutir**
Nýjir, uppgerðir og einnig notaðir varahlutir fyrir flestar gerðir vinnuvéla og vörubíla. Útvegunarþjónusta, lagervörur, áratuga reynsla S: 897-1050 -696-1050. okspares.os@simnet.is

Til sölu kranaskóflur nokkrar stærðir. Tveggja manna karfa, staurabor og fimm arma krabbi.Og ruslagámar í nokkrum stærðum. S: 893 1229.

## Húsbílar



Mercedes Benz húsbíll (Sprinter 316 CDI 4x4) árg'06, ónotaður.Ek 3þ km. V. 10.8m. Uppl. í S. 894 8306.

## Mótorhjól



Til sölu Kawasaki Ninja 600 árg. ,06. Hjólið er vel með farið og lítið keyrt. Verð 850þús. eða tilboð. Uppl. í s. 863-1291.



Gerðu klárt fyrir vorið - vorum að fá ný dekk á frábæru verði. Framdekk frá kr. 6.000,- og afturdekk frá kr. 7.000,-. Kíktu til okkar strax í dag eða hringdu. Blue Mountian, Rofabæ 9, s: 578 7860

**elf**
Gleðilegt sumar !
Elf olíur á öll mótorhjól
Velkomin í verslun okkar
að Tunguhálsi 10, Rvk.
Opið:
mán-fim. 8.00-17.30
föstud. 8.00 - 17.00
**kemi** ...svo allt gangi smurt
www.kemi.is

Aprilia 1000 RSV R árg. ,06 ek. 8 þús. Verð 1.500 þús. S. 844 1744.

## Hjólhýsi



Til sölu Hjólhýsi LMC Munsterland 500 árg. 2007. Alde hitakerfi, Gólfhiti, Auka rafgeymir, Sólarsella, Grjóthlíf, Sjónvarpsloftnet 2 tenglar, Auka rafmagnstenglar, Auka gasúttak, Skyggni, Fortjald DWT, Grasteppi í fortjald. Lítið ekinn, reyklaus, engin lán áhvílandi, Engar uppítökur. Verð: 3.650.000 kr. Sími 893 8811.

## Fellihýsi



Fleetwood Bayside 12 Fet 2007 árg. Með öllu Verð 2.100.000 Engin skipti Uppl. í s. 696 6676.



Fleetwood santa fe 2007 Litur mjög vél út hlaðinn búnaði verð 1550þ. uppl.895 4414

Aliner Expedition 08 til sölu. Sólarsella,2 gaskútar,læsing í beisli og m.fl. Skoðaður til 2012 og ný yfirfarin. Mjög lítið notaður. Verð 2.500.000 upplýs. s: 893 5539 Ruth

Til sölu Colman Mesa árg'03. 12ft+geymslukassi.Fullt af aukahlutum. Flott og vel með farið.V. 1550þ. staðgr. Uppl í S. 893 9516

## Bátar




## Hjólbarðar

**Þarftu að láta hjólastilla bílinn?**
Við notum fullkomna hjólastillitölvu. PITSTOP, S: 565 2121 Hjallahrauni 4, 220 Hafnarfirði.

Ódýr notuð dekk. Umboðssala fyrir notuð dekk. Dekkjasalan, Dalshrauni 16, Hafnarfirði. S: 587-3757. Myndir og verð á www.dekkjasalan.is.

## Varahlutir

**BILAPARTAR.IS**
Notaðir TOYOTA varahlutir
**Sími: 587 7659**

Kaupum Toyota bíla. Opið virka daga 9-18. Við erum þjónustuaðilar fyrir Úrvinnslusjóð. Eigum bíla til sölu. Bílapartar, Grænamýri 3, Mosfellsbær.

## Til sölu

**SÍMINN ER 414-8600 – WWW.VELABORG.IS**
**EIGUM Á LAGER VÖRUR OG VARAHLUTI FRÁ FRAMLEIÐENDUM EINS OG...**
FINTEC KOMATSU ESCO MILLER MOXY TAMROCK JIANSHE TOPCON JCB DYNAPAC ATLET IVECO Zetor STILL
**Vélaborg** www.velaborg.is
**Krókháls 5F • 110 Reykjavík • S: 414-8600**

## Til sölu

**Húsgögn – skrifstofuáhöld – hillur – rekkar – verkstæðisáhöld**

- Skrifborð
- Stólar
- Skápar
- Ritvélar
- Reiknivélar
- Topplyklasett
- Slípiband
- Mótor- og gírkassastandur
- Faxtæki
- Bæklingastandar
- Lagerhillur
- Euro-rekkar
- Standborvél
- Vökvapressa
- og fleiri verkstæðishlutir

**Ofangreindur búnaður er til sýnis og sölu að Dalvegi 6-8 / 201 Kópavogi, laugardaginn 8. maí á milli kl. 10 og 14.**
**Fyrirspurnum er svarað í síma 898-3523.**

## Spádómar




**Spásími Láru**
**S. 908 5050**

**Opið frá kl. 13:00 - 00:00 um helgar, 15:00-23:00 virka daga.**

## Viðgerðir



**Reiðhjóla og sláttuvélaþjónustan - enginn biðtími !**
Tek við öllum gerðum af reiðhjólum og sláttuvélum. Einnig aðrar smávéla viðgerðir. Vagnhöfða 6, S. 821 0040.

## Önnur þjónusta

**Sjóstöng, Sjóstöng.**
Bjóðum uppá sjóstangveiði frá Reykjavíkurhöfn. Sérferðir ehf S:892-0099.

# KEYPT & SELT

## Til sölu



**STUBBASTANDAR**
bæði frístandandi og á vegg. STANDUR ehf. S: 842-2535.




**stubbahus.is**
Stubbahúsin f. utanhúss reykingar. 3 stærðir á vegg og standur. Pöntunars. 555 6200. stubbahus.is

Bónvél til sölu. Týpa CO600BMS. Uppl í S. 848 8899

Erlendur gjaldeyrir, USA dollarar og Evrur, uppl. í síma 659 4221.

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
**Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.**
**Jón og Óskar - jonogoskar.is**
**s. 552-4910.**

**Kaupi gull !**

**Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáið góð ráð. Upplýsingar á demantar.is í s. 699 8000 eða komið í Pósthússtræti 13 ( við Austurvöll ), Verið velkomin**

Vantar 20 feta gám sem fyrst, ekki verra ef hann er einangraður. GSM. 664 0368.

## Hljóðfæri




**Dúndurtilboð!**
Kassagítarar: 1/4 stærð kr 10.900.- pakkinn með poka, strengjasett og stilliflautu. Kassagítar Tilboð kr. 49.900.- m/ pikup, kassagítar kr. 11.900.- innbyggður tuner, 10W magnari, poki, snúra, ól, auka strengjasett og e Media kennsluforrit í tölvu. Rafmagnsgítarpakkar frá kr. 33.900.- Þjóðlagagítar frá 17.900.- Þjóðalagagítar með poka. ól. stilliflautu. emedia kennsludisk á kr. 19.900.- Hljómborð frá kr. 8.900 Gítarinn Stórhöfða 27. S. 552 2125 www.gitarinn.is

## Til bygginga



**Harðviður til húsabygginga.**
**Sjá nánar á www.vidur.is**
Vatnsklæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolía. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í símum 660 0230 og 561 1122.

Krossviður, kambstál, gips og fl. Uppl. í s: 555 7905 og www.ulfurinn.is

## Verslun










# HEILSA

## Heilsuvörur

HERBALIFE. Reynsla í heilsuráðgjöf og þyngdarstjórnun. Einstaklingar og hópar. www.rkb.heilsuskyrsla.is. Rannveig iðjuþjálfi/einkaþj. s. 862 5920.

Árangur með Herbalife í 30 ár. Pantaðu frían prufupakka. Edda Borg S. 896 4662 www.lifsstill.is

Botnlaus orka betri líðan! Herbalife Shapework. Heilsuráðgjöf og eftirfylgni. Kaupauki fylgir. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur. www.halldorabjarna.is S. 861 4019 & 868 4876.

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

## Nudd



**TANTRA MASSAGE**
An exclusive gift for men, women and couples. Tel. 698 8301 www.tantra-temple.com

**NUDD - AFRICANA - NUDD**
**JB HEILSULIND**
**S. 445 5000**
Algjör nautn, 2ja klukkustunda meðferð 9900.- kr. Nuddari frá Senegal. Tilb. f. 2 skrúbb, heitur pottur, nudd kr. 9900.- kr. Detox úthreinsun f. 2 kr. 9900.- margar teg. nudd. slökun, veitingar, heilsu, vítamín, næringarráðgjöf, snyrting. Ekkert sex nudd. No sex massage. Uppl. - pantanir s. 4455000 JB Heilsulind Skúlagötu 40.

**NUDD**
Nudd nudd nudd heilnudd. Tilboð í dag. Uppl. í s. 616 6469.

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Námskeið

**SIGLINGANÁMSKEIÐ**
Námskeið fyrir börn og fullorðna. Skráning á www.brokey.is & s: 895 1551 Siglingafélag Reykjavíkur

# TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Gisting

**Gisting á Akureyri**
Glæsileg 3ja herb. íbúð í Listagilinu með heitum potti, og fullbúin íbúð, mjög stutt í alla þjónustu. Er með gistingu á fleiri stöðum. Uppl. s. 896 8788 Þórður. Geymið auglýsinguna .

## Fyrir veiðimenn

Silungsormar,blómaáburður.Sölumenn 772 4777,662 0717.Heildsali Gummi 772 2561.

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**www.leiguherbergi.is**

**1-2 manna herb.Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj aðganur að internet, baði. eldh., þurrkara og þvottavél. 824 4535.**

**Room for rent 1-2 person,. Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj Internet, bath, kitch, washing room incl. Uppl/info í S. 824 4535. www.leiguherbergi.is**

150 fm 5 herb. Penthouse íbúð í kópavogi á 2 hæðum. Gullfalleg íbúð, langtímaleiga, 165 þús. á mán. og 3 mán. fyrirfram + trygging, Losnar 1.júní. Uppl. í s. 771 8141.

1-2 manna herb. í Hfj. Aðg. að baði. eldh., þurrkara og þvottavél. Uppábúin rúm. Einnig 120fm iðnarbil 4 m hurð hægt búa í hluta húsnæðis S. 892 5309.

Herb. í miðbænum Rvk. Húsgögn fylgja. Leiga 45þ. Uppl. í s. 895 0482 e. kl. 16.

4.herb íbúð til leigu í Engjahjalla í Kóp. 100fm, 120þ.á mán. Uppl í S. 843 0422 & 892 0426

## Húsnæði óskast

3Herb íbúð óskast í rvk eða nágrenni, reglusemi og meðmæli. S: 615 1160.

óska eftir 2-3 herbergja íbúð á leigu í hafnarfirði sem fyrst,langtímaleiga!. meðmæli,bankatrygging. uppl.í s.6922086

Óska eftir 3-4.herb íbúð með garði eða verönd. Uppl í S. 693 1517

Einbýlishús eða raðhús óskast til leigu á Stór-Rvksv. Uppl í S. 664 9051 & 698 4889

Vantar vandaða 3-4 herb. íbúð til leigu í Breiðholti eða Kóp. Greiðslugeta 90-120þ. S. 691 3249.

## Fasteignir



**Krummahólar 8 - frábær verð - opið hús í dag.**
Til sölu rúmgóð og björt 82 fm 3ja herbergja íbúð ásamt stæði í bilageymslu. 4.hæð í góðu lyftuhúsi. Stórar suðursvalir. Útsýni. Laus strax. Frábært verð. Björn sýnir kl. 16.30-17.00. s: 7719432.

## Atvinnuhúsnæði



**Miðhraun-Gb- frábært 440 fm húsnæði til sölu**
með kæli ( 25 fm)- og frystiklefa ( 75 fm). Húsnæðið er í enda og er um 350 fm á götuhæð með 2 innkeyrsludyrum. Á 2.hæð er Skrifstofu- og starfsmannaaðstaða ca. 90 fm. Frábært verð. Laust strax.Möguleiki að Skipta plássinu. Stefán sýnir s: 895-2049

Til leigu 210fm.iðnaðarh.í Hafnarf.hægt að skipta upp í 2, 105fm.laust 1.06. uppl.í s:892 9260

Til leigu iðnaðarhúsnæði í Hafnarfirði. Stærðir frá 180 til 530 ferm S. 660 1060.

## Geymsluhúsnæði

**Geymsluhúsnæði í Garðabæ.**
Getum bætt við vélsleðum, fjórhjólum eða öðru sambærilegu til geymslu í sumar - jafnvel búslóðum og stærri einingum. Uppl. Í síma: 661 3131/897 2000.

**www.geymslaeitt.is**
Sér geymslur frá 5 til 17 m2. Lágt verð. Opið 8-22. Búslóðir, lagerar, bókhald, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S: 564-6500

**geymslur.com**
Geymslur frá 3990.- kr á mán. Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464.

**www.buslodageymsla.is**
Búslóðageymsla Olivers 100 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 20 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

## Bílskúr

Til leigu rúmlega 26 fm bílskúr að Móhellu í Hafnarfirði á afgirtu svæði. Verð 34þ/mán. Sími 6955528

## Gisting

Gott sumarhús til leigu skammt frá Egilsstöðum. Lausar vikur frá 21. maí til 2. júlí n.k. Svefpláss fyrir 6 manns. Upplýsingar í síma 8437811

# ATVINNA

## Atvinna í boði

Starfsfólk vantar við ferðaþjónustu á Suðurlandi, þarf að geta unnið við öll almenn störf. Uppl. s. 894 9249

Aukatekjur, frjáls vinnutími ! Okkur vantar hressa einstaklinga í okkar hóp; sjálfstætt starf, góðar árangurstengdar tekjur. Áhugasamir um nánari upplýsingar sendi tölvupóst með nafni og síma á info@natures.is

Vantar reyndan mann með pungapróf og reynslu af smábátaskaki á strandveiðar. Uppl. 8673714

Starfsmaður óskast til innheimtustarfa. Vinnutími breytilegur. Reynsla æskileg. Vinsamlegast sendið upplýsingar á nordurbali@simnet.is

# TILKYNNINGAR

## Tapað - Fundið



HAFNARFJÖRÐUR - TÝNDUR Askur tapaðist frá nýju heimili sínu í Stuðlabergi í Hafnarfirði. Hann er bröndóttur högni, stór og pattaralegur. Ef þið verðið hans vör endilega látið vita. Hans er sárt saknað. Eva, s. 771-8008

## Tilkynningar




## Ýmislegt

Fjárfestar. Ertu með fjármagn erlendis sem þú vilt ávaxta? Erum að bjóða stofnfjárfestum að taka sér stöðu í Gullnámu fyrirtæki. Ráðgert er að fyrirtækið fari á Kanada markað, seinni hluta annars ársfjórðungs 2010. Forsvarsmenn fyrirtækisins eru væntanlegir til íslands, áhugasamir hafi samband strax. londonigold@gmail.com

Hef til sölu 2 stk. DNG handfærarúllur. Upplýsingar í síma 481-1794 eða 481-1523 Bragi.

## Einkamál



www.kristy.is Victoria,s Secret mikið úrval. Kristy sf, Hyrnutorgi, Borgarnesi

**Spjalldömur 908 1616**

**Opið þegar þér hentar.**

**908 1616.**

Besti flokkurinn auglýsir eftir karlmönnum og kvennmönnum á kosningaaldri með tilbreytingu í huga.

26 ára ljóshærð kona vill kynnast karlmanni með tilbreytingu í huga. Augl. hennar er á Rauða Torginu Stefnumót, s. 905-2000 (símatorg) og 535-9920 (kreditkort), augl.nr. 8241.

Samkynhn. KK ath: Nú er mikið af nýjum auglýsingum á Rauða Torginu Stefnumót. Þú heyrir auglýsingar í s. 905-2000 (símatorg) og 535-9920 (kreditkort) og auglýsir sjálfur frítt í s. 535-9923.

Stefnumót.is Vandaður og siðprúður vefur fyrir fólk sem langar í félagsskap, vinskap eða varanleg kynni. Vefurinn er gjaldfrjáls. Stefnumót.is.

Stefnumót.is Vandaður og siðprúður vefur fyrir fólk sem langar í félagsskap, vinskap eða varanleg kynni. Vefurinn er gjaldfrjáls. Stefnumót.is.




# DÖÐLU- OG SPÍNATFYLLTAR KJÚKLINGABRINGUR MEÐ COUS COUS fyrir 4

*að hætti Rikku*

4 kjúklingabringur
1 msk ólífuolía
1 skalottlaukur, saxaður
1 hvítlauksrif, saxað
8 döðlur, saxaðar
150 g ferskt spínat
1 ½ tsk cumin
4 msk hunang
salt og pipar

Hitið ofninn í 200° C. Steikið laukana þar til að þeir verða mjúkir í gegn, bætið döðlunum, spínatinu og 1 tsk af cumin út í og steikið áfram í 2 mínútur. Kryddið með salti og pipar. Skerið vasa í kjúklingabringurnar og fyllið þær með döðlu- og spínatblöndunni og raðið í eldfast mót. Stráið afgangnum af cumin kryddinu yfir bringurnar og hellið hunanginu yfir. Bakið í 20 mínútur.

COUS COUS
200 g cous cous
2 msk ólífuolía
safi af 1 límónu
1 msk ferskt saxað kóríander
½ rauð paprika, smátt söxuð

Eldið cous cous samkvæmt leiðbeiningum á pakkningu og blandið afganginum af hráefninu saman við.

KKal: 501/ 26 % RDA
Fita: 28.3 g/ 43 % RDA
Kolvetni: 44.6 g/ 15 % RDA
Prótín: 19.5 g/ 29 % RDA
A-vítamín: 1657 IU/ 33% RDA
C-vítamín: 16.2 mg/ 27 % RDA
Járn: 2.0 mg/ 11% RDA

* Ráðlagður dagskammtur (RDA) er miðaður við 2.000 hitaeininga orkuþörf.




**Jói Fel fyllt lambalæri**
hálfúrbeinað með legg




**Kjúklingalundir**
ferskar




**Nautakótilettur**
að argentískum sið




**Piparsteik**
Nautaat







## ÓDÝRT Í HAGKAUP

**1. FLOKKS LAMBAKJÖT á frábæru verði!**






















24 Hagkaup
**OPIÐ**
ALLAN sólarhringinn
Skeifan & Garðabær

Gildir til 9. maí á meðan birgðir endast.

50 ára HAGKAUP
fyrir Íslendinga í 50 ár

Helgar
FRÉTTABLAÐIÐ
blað
alla laugardaga



**Helgarblaðið:**

**Hælisleitendur eiga að njóta vafans.**
- Ragna Árnadóttir dómsmálaráðherra í viðtali

**Jörðin nýtt sem upplýsingabanki.**
- Öskulög segja mikla sögu

**Tónlistin okkar einkennist af ást.**
- Blindu hjónin Amadou og Mariam frá Malí spila á Listahátíð



**Fjölskylda:**

**Hálendið er fyrir alla.**
- Ósk Vilhjálmsdóttir fer með börn og fullorðna að Fjallabaki





# Fimmtíu tonn á sekúndu

**BAKÞANKAR**
**Brynhildar Björnsdóttur**



Ég hef undanfarin ár lagt mig fram við að láta bílinn standa á hlaðinu. Ég reyni að ganga eða hjóla styttri vegalengdir en hoppa upp í strætó þegar göngufæri er slæmt eða tími vinnst ekki til. Vissulega er einhver hluti þessarar bílfælni heilsutengdur, það er bæði hollara og skemmtilegra að fara gangandi og hjartað fer síður í krans þótt rauði kallinn heilsi. En ég hef líka fengið heilmikið út úr því að finnast ég vera að hlífa umhverfinu við útblæstri á eiturgufum, stuðla að bjartari og hreinni framtíð barnanna minna og almennt bæta þannig heiminn og sjálfa mig í leiðinni.

**ÓSJALDAN** hef ég hnippt í ökumenn þegar mér hefur fundist þeir fara helst til frjálslega með framtíðarauðlind barnanna minna, hreina loftið, barið byrst í bílrúður og bent kurteislega en ákveðið á fánýti þess að láta bílinn standa í gangi á meðan erindum er sinnt, til dæmis skotist inn í bakarí eða farið með barn inn á leikskóla og útblæstrinum á meðan dælt yfir hin börnin sem eru á leið að skólanum.

**HVÖSSUST** var ég sennilega við mann sem hafði bílinn í gangi í korter á meðan hann var að hlaða símann sinn.

**EN** það leggst lítið fyrir umhverfisvernd þessa dagana. Það er eitthvað krúttlega hjákátlegt við það að tölta með pappírinn sinn og plastið út í græntunnu og bananahýðin í safnhauginn þegar eldfjallið í næsta nágrenni spýr fimmtíu tonnum af ösku, vikri og eitri út í andrúmsloftið á sekúndu. Í einum klukkutíma eru þrjú þúsund og sex hundruð sekúndur og í einum sólarhring áttatíu og sex þúsund og fjögur hundruð sekúndur. Eldgosið í Eyjafjallajökli hefur staðið síðan 20. mars, sumsé í sex vikur og sex daga, og fimmtíu tonn á sekúndu þykir bara nokkuð vel sloppið miðað við fyrstu dagana þegar andrúmsloftið varð mörg hundruð tonnum ríkara af jarðefnum á sekúndu hverri. Til samanburðar losar bíllinn minn 4,3 tonn af koldíoxíði á ári ef ég keyri hann að meðallagi.

**EN** það þýðir ekkert að gefast upp. Það þýðir heldur ekkert að fyllast vonleysi þó að lífið gangi ekki eins og maður vill helst og jafnvel afturábak ef eitthvað er. Ég ætla að halda áfram að leggja mitt örsmáa koldíoxíðkorn á vogarskálarnar á móti fimmtíu tonnum á sekúndu í þeirri fullvissu að lítið sé alltaf betra en ekki neitt. Ég ætla að halda áfram að hjóla í vinnuna.

## myndasögur

**Pondus** — Eftir Frode Øverli




**Gelgjan** — Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**Handan við hornið** — Eftir Tony Lopes




**Barnalán** — Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




RAFVÖRU MARKAÐURINN
RAFMAGNSVERKFÆRI
LÁGVÖRUVERÐS-VERSLUN
VIÐ FELLSMÚLA - REYKJAVÍK
3995-
BORVÉL 500W
3995-
HITABYSSA 2000W M/6 HLUTUM
2995-
HLEÐSLUSKRÚFJÁRN
6995-
HLEÐSLUBORVÉL M/HÖGGI 18V
6995-
HLEÐSLUBORVÉL M/HÖGGI 24V
8995-
HÖGGBOR/BROTVÉL 850W
8595-
BELTASLÍPIVÉL 900W
3995-
HLEÐSLUBORVÉL 12V
2995-
SLÍPIMÚS
TILBOÐ!
Hreinsaðu laufin
12.959-
LAUFSUGA - BLÁSARI
5995-
HJÓLSÖG 1400W
2995-
JUÐARI
2995-
STINGSÖG 350W
9995-
FLÍSASÖG
3495-
SLÁTTUORF 200W
6995-
SLÁTTUORF 500W
4795-
FRÆSARI
4495-
BÓNVÉL
15.595-
SLÁTTUORF BENSÍN
10.990-
HÁÞRÝSTIDÆLA 60 BAR
12.474-
SLÖNGUKEFLI
RAFVÖRU MARKAÐURINN
VIÐ FELLSMÚLA - 108 REYKJAVÍK - SÍMI: 585 2888
OPIÐ ALLA DAGA
Mán. til fös. kl. 9 - 18
Laugard. kl. 10 - 16
Sunnud. kl. 12 - 16

**! ath. á morgun kl. 20**

*Sýningum Nemendaleikhússins á lokaverkefninu sínu Stræti eftir Jim Cartwright lýkur um helgina en síðasta sýning er annað kvöld. Þessi útskriftarárgangur hefur vakið verulega athygli í vetur en uppselt hefur verið á allar sýningar þeirra. Stræti eftir Jim Cartwright kom fram fyrir rúmum tveim áratugum og sló strax rækilega í gegn og fór á fjalir leikhúsa víða um heim. Það skýtur alltaf upp kollinum öðru hverju og virðist alltaf eiga erindi.*

# menning

menning@frettabladid.is

## *Sýningarlok í Grófinni um helgina*

Ljósmyndasafn Reykjavíkur í Grófarhúsi og Listasafn Reykjavíkur í Hafnarhúsi standa hlið við hlið við miðpunkt Reykjavíkur. Um helgina lýkur í þessum söfnum merkum sýningum: Útskriftarsýningu Listaháskólans sem er sprúðlandi af fjöri, og tveimur ljósmyndasýningum í Ljósmyndasafninu. Jóna Þorvaldsdóttir kallar sýningu sína Skynjanir. Hún er þekkt fyrir að nota sígildar ljósmyndunaraðferðir við gerð verka sinna en þær voru vinsælar á upphafstímum ljósmyndunar. Jóna tekur ljósmyndir sínar á gamla blaðfilmuvél og notar filmur sem eru í 8x10 formati þ.e. 20x25 cm að stærð. Filmurnar framkallar hún í bökkum og kontaktprentar svo myndirnar á gæða vatnslitapappír undir útfjólubláu ljósi eða sólarljósi. Myndheimur Jónu er sveipaður dulúð og mýkt og vinnsla myndanna með þessum gömlu aðferðum eykur enn fremur á þá eiginleika eins og sjá má á meðfylgjandi mynd.



**LJÓSMYNDIR** Jóna Þorvaldsdóttir: Við tjörnina. Ísland 2009. Palladium prent.

Þá er komið að lokum sýningar Jakobs Jakobssonar en þær eru í senn mikilvæg heimild um verklegar framkvæmdir og búa yfir sterkri tilfinningu í myndbyggingu.

## > Ekki missa af

Tónleikum Eivarar Pálsdóttur í Óperunni 28. maí en almenn miðasala hefst í dag kl. 10. Eivør Pálsdóttir er að gefa út nýja plötu en með henni á tónleikunum spila Benjamin Petersen rafgítar, Mikael Blak rafbassi og kontrabassi og Høgni Lisbert trommur og slagverk. Miðasala er á Miði.is. Eingöngu er selt í númeruð sæti.

Nýja breiðskífan, LARVA, er sjöunda hljóðversplatan sem Eivør sendir frá sér. Eivør vann plötuna með sveitinni sem kemur fram á tónleikunum og upptökustjóranum Jens L. Thomsen. Auk þeirra koma fram strengjasveit Caput, færeyski kórinn Mpiri og barnakór frá Gøta, heimabæ Eivarar.

# Uppboð í Fold

Næsta listmunauppboð verður haldið í Galleríi Fold við Rauðarárstíg á mánudaginn og hefst að vanda kl. 18.15 í húsnæði Foldar við Rauðarárstíg.

Boðin verða upp nokkur verk eftir Jóhannes S. Kjarval og gamalt málverk af bátum eftir Svavar Guðnason. Auk þess verða verk eftir marga af helstu myndlistarmönnum Íslands boðin upp, þar á meðal Alfreð Flóka, Jón Stefánsson og Valtý Pétursson.

Á uppboðinu eru enn fremur verk eftir ýmsa yngri höfunda svo sem Húbert Nóa, Gunnellu, Georg Guðna og Tolla. Þá verða verk eftir Eggert Pétursson, Kristján Davíðsson, Hafstein Austmann og Tryggva Ólafsson boðin upp.

Verkin verða sýnd í Galleríi Fold við Rauðarárstíg en uppboðsskrána má skoða á vef Foldar: www.myndlist.is frá hádegi í dag. - pbb



**MYNDLIST** Gamalt verk eftir Svavar er á uppboðinu, frá þeim tíma sem hann var að færast úr fígúratífu málverki í afstrakt.
MYND/FRÉTTABLAÐIÐ

# Fúsi Halldórs er níræður og lögin hans sígild enn

**Kópavogsdagar hefjast á morgun og er margt á dagskrá en dagarnir eru að þessu sinni helgaðir minningu Sigfúsar Halldórssonar tónskálds. Verður haldin röð tónleika þar sem flutt verða hans vinsælustu lög og í Tónlistarsafni íslands er komin upp sýning á ýmsu efni sem tengist ferli hans.**

Sigfús Halldórsson fæddist 7. september 1920 og ólst upp í Reykjavík. Sigfús varð snemma áberandi í bæjarlífinu. Hann vann sem sendill frá unga aldri í Útvegsbankanum sem þá var í miðju samfélagsins í þorpinu Reykjavík og vann þar allt til 1944. Einkar ljúf lund hans og elskulegt fas aflaði honum snemma vinsælda og svo sú náttúrugáfa sem fólst í söngrödd hans og hljóðfæraleik. Hann varð á unga aldri kunnur sem skemmtikraftur í samkvæmislífi og tók að koma fram sem slíkur fyrir tvítugsaldurinn. Hann lék í óperettum og revíum í upphafi stríðsins en hugur hans hneigðist ekki síður að myndlist: Hann stundaði nám í málaraskóla Marteins Guðmundssonar og Björns Björnssonar, en var í hópi þeirra sem leituðu erlendis til náms og lauk brottfararprófi með fyrstu verðlaun í leiktjaldahönnun og málaralist frá hinum þekkta skóla Slade Fine Art School 1945. Hann sótti sér framhaldsmenntun við Stokkhólmsóperuna 1947 og 1948 og starfaði á málarasal Þjóðleikhússins 1950 til 1952, hann vann hjá J. Þorláksson & Norðmann 1954 til 1955, var starfsmaður á bókasafni Bandaríkjahers 1955 til 1956, á skattstofu Reykjavíkur 1957 til 1968. Fastur teiknikennari við Langholtsskóla 1968 til 1981, auk þess sem hann hélt fjölda námskeiða í teiknun á sama tíma. Þá ferðaðist hann með leikflokkum um landið frá 1939 og allt til 1955.



**MENNING** Sigfús Halldórsson tónskáld og listmálari 1920-1996.
MYND LJÓSMYNDASAFN REYKJAVÍKUR

Fyrstu hljóðrit Sigfúsar sem urðu kunn hér á landi voru hans eigin sönglög. Hann mun hafa samið um 100 tónsmíðar af ýmsu tagi og er nú unnið að því að koma reiðu á safn hans til útgáfu, en margir listamenn hafa sóst eftir að syngja hans þekktustu lög sem eru alþýðueign.

Sigfús byrjaði ungur að mála og hefur um dagana haldið fjölda málverkasýninga, hérlendis og erlendis bæði einn og með öðrum. Hann var kjörinn heiðursborgari Kópavogs 1994 og var það í þriðja sinn sem Kópavogsbúar völdu sér heiðursborgara en þau Steinunn kona hans settust að í bænum 1963.

Jafnframt sýningu í Tónlistarsafni hefur Björn Thoroddsen sett saman lítið kombó með þeim Jóhanni Hjörleifssyni, Jóni Rafnssyni og Pálma Sigurhjartarsyni. Munu þeir ásamt söngvurunum Heru Björk Þórhallsdóttur, Stefáni Hilmarssyni og Agli Ólafssyni flytja nær tuttugu lög eftir Sigfús á sex tónleikum í dag og á morgun, og á föstudag og laugardag um næstu helgi.

Björn segir það hafa komið sér á óvart þegar hann stóð fyrir námskeiði fyrir ungt tónlistarfólk í Molanum að krakkar um tvítugt þekktu allir lög Sigfúsar. „Þau standast tímans tönn,“ segir hann. Tónbygging þeirra sé af evrópskum meiði, frekar en bandarískum þótt Björn og hans félagar leggi á þau djassslikju. „þau eru raunar frekar með ítölskum brag,“ segir Björn. Miðasala er á tónleikaröðina í Salnum og á midi.is og er þegar vel selt á tónleikaröðina enda Sigfús uppáhald margra og því heiðursess hans á Kópavogsdögum auðskilinn og sjálfsagður. pbb@frettabladid.is


GERÐUBERG
Menningarmiðstöð
2010



**Ástríðulist** – Samsýning lærðra og leikinna listamanna sem eiga sköpunargleði, frelsi og frumlega sýn á lífið og listina sameiginlega. Sýningarstjórar: Þorbjörg Br. Gunnarsdóttir og Þórunn Elísabet Sveinsdóttir.

Ath! Síðasta sýningarhelgi!



Sunnudagur 9. maí kl. 14 – 16
**Syngjum og kveðum...** lög frá ýmsum þjóðlöndum. Söngstund á kaffihúsinu í umsjón Báru Grímsdóttur og Chris Foster.



**Allir hafa hæfileika** – Listahópur Iðjubergs sýnir handverk og listmuni í Boganum.

Sýningarnar eru opnar virka daga frá 11-17 og um helgar frá 13-16
Gerðubergi 3-5 • 111 Reykjavík • Sími 575 7700
gerduberg@reykjavik.is • www.gerduberg.is

Gallerí Fold · þekkt fyrir trausta þjónustu

Listmunauppboð í Galleríi Fold

fer fram mánudaginn 10. maí, kl. 18.15 í Galleríi Fold, á Rauðarárstíg



Tryggvi Ólafsson

Á uppboðinu er úrval góðra verka, meðal annars fjölmörg verk gömlu meistaranna

Verkin verða sýnd:
í dag föstudag 10–18, laugardag 11–17, sunnudag 12–17 og mánudag 10–17

Hægt er að skoða uppboðsskrána á myndlist.is

LISTMUNASALA fold
Rauðarárstígur 14 · sími 551 0400 · www.myndlist.is


# Afstrakt í Frónarhúsi

Þorsteinn Helgason, myndlistarmaður og arkitekt, opnar á morgun sýningu á nýjum málverkum í Reykjavik Art Gallerí í gamla Fróns-húsinu við Skúlagotu. Þar sýnir hann olíuverk sem hann hefur unnið á síðustu misserum. „Í millitíðinni hefur það gerst að ég verð líka með málverk á Kaffi Sólon í Bankastæti 7a þannig að þetta er eiginlega tvöföld opnun þar sem ég reikna með að sýna sex til sjö myndir,“ segir Þorsteinn en sýningin á Kaffi Sólon mun standa yfir í um það bil mánuð, en sýningin á Skúlagötunni stendur til 23. maí.

Þorsteinn stundaði nám við Myndlistaskólann í Reykjavík og Handíða- og myndlistaskólann. Hann hefur verið tryggur franska skólanum frá því um miðja síðustu öld og hafa verk hans notið mikillar hylli á þeim fjölda sýninga sem hann hefur staðið fyrir frá því að hann tók að sýna verk sín opinberlega í Gallerí Borg 1998. Í tilefni af sýningunni hefur galleríið gefið út veglegan bækling en Þorsteinn heldur líka úti vefsíðu www.formnatura.com þar sem sjá má yfirlit um feril hans á þessu árabili.



**MYNDLIST** Þorsteinn Helgason listmálari kannar að sögn Jóns Proppé listfræðings skipulega strangflatarmálverkið og verður því að teljast í hópi fárra afstraktista um þessar mundir.
MYND FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Verkin á sýningunni eru öll til sölu. - pbb

# MERKJA OUTLET

## KORPUTORGI

TILBOÐ FRÁ FÖSTUDEGI TIL SUNNUDAGS

Champion hettupeysur



Verð kr. 4.995
VERÐ MEÐ 30% AFLÆTTI **kr. 3.497**

Hettupeysur með mynd




Verð kr. 4.995
VERÐ MEÐ 30% AFLÆTTI **kr. 3.497**

**ATH. ALLIR HLJÓMSVEITARBOLIR Á KR. 1.000**

## 30% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM HETTUPEYSUM

**FRÁBÆRT VERÐ**

arena

| | |
|---|---|
| ARENA sundbolir fyrir konur | kr. 2.000-4.000 |
| ARENA sundbolir fyrir stelpur | kr. 2.500 |
| ARENA sundskýlur fyrir herra | kr. 2.500-3.500 |
| ARENA sundskýlur fyrir stráka | kr. 2.000-2.500 |

MIKIÐ ÚRVAL AF

## DÖMU, HERRA- OG BARNASKÓM Á ÓTRÚLEGU VERÐI

## KR. 500 - 4.000

**Opið: Mán.-lau. 11 til 18 • Sun. 12 til 18 • Sími 578 9400**

# Vaka um Jóhannes

Jóhannesarvaka Katlaskálds verður haldin í Þjóðmenningarhúsinu á sunnudag kl. 16 en tilefnið er útkoma úrvals ljóða þessa ástsæla skálds sem Silja Aðalsteinsdóttir hefur dregið saman úr hans fjölbreytta lífsstarfi. Dagskráin fer fram í Bókasal Þjóðmenningarhússins við Hverfisgötu og er öllum opin.

Jóhannes úr Kötlum lifði mikla umbrotatíma í sögu og bókmenntum heimsins og ef velja ætti eitt skáld sem fulltrúa 20. aldarinnar á Íslandi yrði það næsta óhjákvæmilega hann. Ekkert íslenskt skáld sýnir eins vel þróun ljóðlistarinnar hér á landi og þessi fjölhæfi og afkastamikli höfundur. Hann stóð klæddur í klæðnaði að ímynduðum stíl fornmanna uppfullur af ungmennafélagsanda á alþingishátíðinni 1930 og hélt þrumandi ræður fyrir þjóðfrelsisbaráttu landa þriðja heimsins upp úr 1970 svo enginn gleymir sem heyrði og var þústaður af Heimdellingum á eftir.

Dagskráin hefst kl. 16 en þar verður höfundarverki Jóhannesar gerð skil í tali og tónum. Fram koma meðal annarra Arnar Jónsson, Olga Guðrún Árnadóttir, Silja Aðalsteinsdóttir, Vigdís Hrefna Pálsdóttir, Vilborg Dagbjartsdóttir og Þorsteinn frá Hamri.



**BÓKMENNTIR** Jóhannes úr Kötlum. MYND JPV

Það er útgefandi ljóðasafnsins, JPV, sem stendur fyrir vökunni en en þetta er fyrsta útgáfan á úrvali ljóða hans. Ljóðasafn hans frá áttunda áratugnum er ófáanlegt og stakar bækur hans líka flestar. Enn er þó stöðug sala fyrir hver jól á kvæðakveri hans Jólin koma. - pbb

# Hæsta verð slegið á uppboði

Á þriðjudag var málverk eftir Picasso frá 1932 selt í New York á hæsta verði sem um getur fyrir einstakt verk. Málverkið, sem ber heitið Nakin, græn lauf og brjóst, var slegið á 106 milljónir dollara eða 13,6 milljarða kr. á uppboði hjá Christie´s og var kaupandinn óþekktur en bauð gegnum síma. Tókust átta bjóðendur á um verkið í níu mínútur.

Picasso málaði verkið árið 1932 en það hefur verið í eigu hjónanna Frances og Sidney Brody, þekktra listaverkasafnara í Los Angeles, frá sjötta áratug síðustu aldar. Það hafði aðeins einu sinni verið sýnt opinberlega frá þeim tíma eða árið 1961. Fyrra metverð fyrir listaverk á uppboði átti bronsstyttan L'Homme qui marche I (Gangandi maður I) eftir Alberto Giacometti en það var selt í febrúar sl. fyrir 104,3 milljónir dollara.

Hluti af söluverðinu fer til styrktar Huntington-bókasafninu – listadeild og Grasagarðinum í San Marino í Kaliforníu en Brody sat þar í stjórn. Þriðja hæsta verð sem fengist hefur á uppboði var líka eftir Picasso: 104,2 milljónir dala fyrir Dreng með flautu sem var selt á uppboði Sotheby´s árið 2004.



**MYNDLIST** Málverkið dýra í sýningarsal Christie´s í New York. MYND AP

# Maxímús Músíkús í útrásarham

Gengið hefur verið frá samningum við þýska útgáfurisann Schott Music um útgáfu á bókinni Maxímús Músíkús heimsækir hljómsveitina eftir Hallfríði Ólafsdóttur og Þórarin Má Baldursson. Bókin sú, sem kom út hérlendis 2008, sló eftirminnilega í gegn og á dögunum kom út sjálfstætt framhald hennar, Maxímús Músíkús trítlar í tónlistarskólann. Fyrri bókin hefur þegar komið út í Kóreu og Færeyjum en í haust bætist Þýskaland í hópinn. Schott var ekki eitt um hituna í þetta sinn en hafði betur í uppboðsstríði um músina tónelsku.

Schott Music er stærsta útgáfufyrirtæki sinnar tegundar á meginlandi Evrópu og meðal virtustu útgáfufélaga í heimi er sérhæfa sig í útgáfu tengdri tónlist. Fyrirtækið er yfir 200 ára gamalt, er með starfsemi í tíu löndum en það dreifir vörum sínum allan heim. Aukinheldur hefur félagið afar góð tengsl við tónleikahaldara og hljómsveitir víða um jarðir sem er dýrmætt fyrir Maxímúsar-verkefnið þar sem unnið er að því að fleiri setji upp Maxímúsar-tónleika líkt og Sinfóníuhljómsveit Íslands hefur gert með svo góðum árangri hér heima.




**TÓNLIST** Maxímús Músíkús, hugverk þeirra Hallfríðar Ólafsdóttur og Þórarins Más Baldvinssonar, er að leggja undir sig heiminn. MYND/ÞÓRARINN MÁR BALDURSSON/JPV

Tónleikadagskráin um Maxa hefur þegar verið bókuð í einu af virtustu tónleikahúsum veraldar, Concertgebouw-tónleikahöllinni í Amsterdam en þar mun Sinfóníuhljómsveit Hollands flytja efnisskrána og ferðast svo víðar með hana um landið. Maxi verður síðan einnig á ferðinni hinum megin á hnettinum í haust þar sem Sinfóníuhljómsveit Melbourne heldur þrettán Maxa-tónleika í Ástralíu. Nýverið var gengið frá samningi við ástralska forlagið Alto Books um útgáfu fyrri bókarinnar þar í landi en hún mun koma út þar í haust. Útgáfufélög víða um heim hafa nú bækurnar til skoðunar svo ljóst má vera að ferðalögum Maxa linnir lítt á næstunni. Er það ánægjulegt á þessum síðustu og verstu að gunnfáni íslenskrar útrásar er ekki fallinn heldur borinn uppi af mús sem þvælist inn á tónleikapalla. - pbb







## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

### Föstudagur 07. maí 2010

**Tónleikar**

**16.00** Kór Félags eldri borgara í Reykjavík og Hverafuglar frá Hveragerði verða með tónleika í **Grensáskirkju** við Háaleitisbraut. Á efnisskránni verða ættjarðarlög í bland við önnur íslensk og erlend lög.

**21.00** Í Salnum við Hamraborg í Kópavogi verða haldnir tónleikar til heiðurs **Sigfúsi Halldórssyni.** Meðal þeirra sem koma fram eru Stefán Hilmarsson, Hera Björk Þórhallsdóttir og Egill Ólafsson.

**22.00** **Rokkabillýband Reykjavíkur** heldur tónleika á Rósenberg við Klapparstíg.

**22.00** Hljómsveitin **Múgsefjun** heldur tónleika á Næsta bar við Ingólfsstræti.

**Síðustu forvöð**

Útskriftarsýningu nemenda Listaháskóla Íslands sem nú stendur yfir í Listasafni Reykjavíkur við Tryggvagötu lýkur á sunnudag. Opið daglega kl. 10-28. **Enginn aðgangseyrir.**

Sýningunni **Í barnastæðum** í Hafnarborg við Strandgötu í Hafnarfirði lýkur á sunnudag. Sýningin er opin fös.-sun. kl. 12-17.



**Opnanir**

**17.00** Útskriftanemendur úr **Myndlistaskólanum í Reykjavík** opna sýningu á verkum úr leir og tengdu efni í Kraum við Aðalstræti 10. Einnig verður opnuð önnur sýning á sama tíma að Veltusundi 1 við Ingólfstorg þar sem nemendur sýna verk úr postulíni.

**Fundir**

**20.00** Aðalfundur Félags fjölmiðlakvenna, FFK, fer fram á **Sólon við Bankastræti** (2. hæð). Hefðbundin aðalfundarstörf og opinn félagsfundur þar sem rætt verður um jafnréttismál á fjölmiðlum.

**Listahátíð**

Listahátíðin **List án landamæra 2010** stendur nú yfir þar sem fatlaðir og ófatlaðir sameina krafta sína á sviði lista og menningar. Frítt er á alla viðburði hátíðarinnar. Nánari upplýsingar á **www.listanlandamaera.blog.is**.

**17.00** Myndlistarsýning opnar í **Hoffmannsgallerí**, hjá ReykjavíkurAkademíunni í JL-húsinu við Hringbraut þar sem sýnd verða verk sjö listamanna.

**Fyrirlestrar**

**12.00** **Marion Lerner** flytur erindið Sjálfsmynd þjóðar við upphaf fjöldaferðamennsku á Íslandi. Fyrirlesturinn fer fram hjá ReykjavíkurAkademíunni að Hringbraut 121 (4. hæð). **Nánari upplýsingar á www.inor.is.**

**Sýningar**

Í Þjóðmenningarhúsinu við **Hverfisgötu 15**, hefur verið opnuð sýning tileinkuð Sigurði A. Magnússyni, rithöfundi, gagnrýnanda, þýðanda og baráttumanni. Nánari upplýsingar á www.thjodmenning.is. **Opið alla daga kl. 11-17.**

**Leikrit**

**20.00** Nemendaleikhúsið sýnir leikritið **Stræti** eftir **Jim Cartwright**. Sýningar fara fram í Smiðjunni við Sölvhólsgötu. Nánari upplýsingar á www.lhi.is og www.midi.is.

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is.**


FATA MARKAÐUR
Í LAUGARDALSHÖLLINNI
Glænýjar vörur
beint frá London
ódýrt
Föt fyrir alla fjölskylduna í miklu úrvali
Arabaklútar 799 kr.
Leggings frá 999 kr.
Barnasokkabuxur 799 kr.
Dömugallabuxur frá 3999 kr.
Herragallabuxur frá 3999 kr.
Herraboxer 3 í pakka frá 999 kr.
Herrahlýrabolir 799 kr.
Dömuhlýrabolir 799 kr.
Strákabolir 1299 kr.
Stelpukjólar 1999 kr.
Strákagallabuxur 1499 kr.
Strákaboxer 3 í pakka 799 kr.
Lokadagar
Birt með fyrirvara um prentvillur
FATAMARKAÐUR Í LAUGARDALSHÖLLINNI
OPIÐ FRÁ KL. 11 TIL 19
ALLA DAGA VIKUNNAR

## > BORÐAR BARNAMAT

Nýtt æði hefur gripið um sig í Hollywood og er hvern stjarnan á fætur annarri farin að snæða barnamat til að halda sér grannri. Leikkonan **Jennifer Aniston** er þeirra á meðal og hefur hún misst um 4 kíló á einni viku á þessum undarlega kúr.



# Fólk

folk@frettabladid.is

# Gamanmál á Gljúfrasteini



**GRÍNAÐ AÐ GLJÚFRASTEINI** Ari, Dóri, Jóhann og Bergur í Mið-Íslandi, en hópurinn verður með uppistand á menningarsetrinu Gljúfrasteini á laugardag. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Uppistandshópurinn Mið-Ísland mun kitla hláturtaugar manna að Gljúfrasteini klukkan 16 á laugardag. Halldór Halldórsson, betur þekktur sem Dóri DNA, segir hópinn ætla að vera með menningarlegt grín þar sem gert er grín að ungskáldum, tónlistarhúsinu og ýmsum þemum úr bókum Guðbergs Bergssonar. „Okkur fannst mjög viðeigandi að halda uppistand að Gljúfrasteini og höfum séð það í hillingum alveg frá því við stofnuðum hópinn. Ég vann þarna lengi og sá um skipulagningu ýmissa viðburða þar og sá þá að þetta er góður vettvangur fyrir uppistand. Þetta er líka algjör hláturhöll og þarna hefur mikið verið grínast í gegnum tíðina,“ útskýrir Dóri DNA, sem einmitt er barnabarn Nóbelsskáldsins Halldórs Laxness. Dóri kemur fram ásamt þeim Jóhanni Alfreð, Ara Eldjárn og Bergi Ebba. Hann hyggst koma fram órakaður og með hatt að hætti ungskálda en segir hina piltana ekki muna gera slíkt hið sama. „Ég er sá eini í hópnum sem vex almennilega skegg, hinir hefðu þurft lengri fyrirvara ef þeir ættu að geta verið með.“

Hann segist viðbúinn fjölmenni en óttast ekki að þurfa að vísa fólki frá sökum plássleysis. „Það er svo ótrúlegt með þennan sal að það virðist alltaf vera pláss fyrir alla. Þetta er líka fyrsta giggið okkar eftir árshátíð hópsins sem haldin var í Kaupmannahöfn fyrir stuttu og þess vegna mjög viðeigandi að það fari fram að menningarsetrinu Gljúfrasteini.“

Aðgangseyrir er 800 krónur og gildir það einnig sem miði inn á safnið. - sm




# Kendra og kynlífshneykslið

**Í lok maí er von á kynlífsmyndbandi frá Kendru Wilkinson í óþökk stjörnunnar. Ekki er allt sem sýnist og margt bendir til þess að hún hafi lagt blessun sína á útgáfuna – þrátt fyrir hótanir um málsókn.**



Klámframleiðandinn Vivid tilkynnti í vikunni útgáfu kynlífsmyndbands með sjónvarpsstjörnunni Kendru Wilkinson í aðalhlutverki. Lögfræðingar Kendru sendu í kjölfarið frá sér yfirlýsingu um að myndbandið væri raunverulegt, en allra leiða yrði leitað til að koma í veg fyrir útgáfu þess.

Kendra er þar með komin í hóp stjarna á borð við Paris Hilton og Kim Kardashian. Þær skutust reyndar báðar upp á stjörnuhimininn *í kjölfar* myndbanda sem sýndu þær stunda kynlíf með þáverandi kærustum sínum, eins furðulega og það hljómar. Tilkynning lögfræðinga Kendru er áþekk þeim sem lögfræðingar Parísar og Kim sendu frá sér á sínum tíma. Myndbönd þeirra komu engu síður út og stúlkurnar sömdu um að fá hluta af hagnaðinum.

Samkvæmt bandarískum vefmiðlum er nær öruggt að myndbandið komi út, þrátt fyrir yfirlýsingar Kendru. Af hverju? Jú, í Bandaríkjunum eru lög sem kallast 2257. Samkvæmt þeim er ólöglegt að gefa út kynlífsefni fólks, án þess að fá frá því undirskrift sem sannar að það hafi verið 18 ára eða eldri þegar efnið var framleitt.

Það er því ómögulegt að hin fjölmörgu *ólöglegu* kynlífsmyndbönd íbúa Hollywood hefðu komið út án undirskriftar og samþykkis þeirra sem fram komu í myndböndunum. Það rennir stoðum undir þá kenningu, að hótanir um málshöfðanir séu hluti af hannaðri atburðarás til að kynna myndböndin.

Kendra á að hafa verið 18 eða 19 ára þegar myndbandið var tekið upp, en „mótleikari“ hennar er óþekktur. Samkvæmt tilkynningu Vivid fékk klámframleiðandinn myndbandið frá þriðja aðila og hyggst gefa það út í lok maí. Áður en það gerist má búast við stórum yfirlýsingum úr herbúðum Kendru, sem endar á því að báðir aðilar *semja* um að hún fái greiddar fúlgur fjár gegn því að láta dómsmál niður falla. Þetta er nákvæmlega það sem gerðist í nóvember í fyrra þegar Vivid hugðist gefa út kynlífsmyndband með leikkonunni og fyrirsætunni Shaunu Sand.

Hún tók svo þátt í kynningarstarfi myndbandsins.

atlifannar@frettabladid.is



**KYNLÍFSHNEYKSLI** Paris Hilton og Kim Kardashian högnuðust báðar á útgáfum kynlífsmyndbanda sem þær virtust í fyrstu ætla að hindra að kæmu út.

### HVER ER KENDRA WILKINSON?

- Kendra er ein af fjölmörgum fyrrverandi kærustum Playboy-kóngsins Hugh Hefner.
- Hún kom fram í þáttunum Girls of the Playboy Mansion, sem er einn vinsælasti þáttur í sögu E!-sjónvarpsstöðvarinnar.
- Í dag kemur hún fram í einum af vinsælustu þáttum E!, sem fjallar um líf hennar og NFL-stjörnunnar Hank Basket, en þau eignuðust nýlega sitt fyrsta barn.




# Twilight-stjarna óttast ljósmyndara

Hin unga leikkona Kristen Stewart segist ekki vera fýld þegar hún gengur rauða dregilinn heldur sé hún aðeins hrædd og óörugg. Hún segir fylgifiska frægðarinnar oft á tíðum erfiða og nefnir þá sérstaklega atgang ljósmyndara. „Um leið og einhver uppgötvar að þú sért á staðnum er öruggara að forða sér. Fólk virðist missa sig. Og ljósmyndararnir, þeir eru hræðilegir. Þeir eru dusilmenni,“ sagði leikkonan.

„Mér finnst skrítið þegar ég fer á svið og fólk segir að ég sé taugaóstyrk og óörugg, og ég er það, en fólk lætur það hljóma eins og það sé eitthvað slæmt. Svo eru aðrir sem segja að ég sé fýld. En ég er það ekki, það eru bara allir að öskra á þig úr öllum áttum og stundum verður það of mikið og þá þarf ég að berjast við tárin. Maður verður andlega búinn á því.“



**EKKI FÚL** Kristen Stewart segist ekki fýld, heldur aðeins andlega búin á því. NORDICPHOTOS/GETTY

# SUMAR TILBOÐ

## STÚTFULLAR VERSLANIR AF NÝJUM TILBOÐUM




**NÝ TILBOÐ**

2 VERSLANIR STÚTFULLAR AF SJÓÐHEITUM TILBOÐUM Á TÖLVUM OG TÖLVUBÚNAÐI

**MP3**
4GB COBY MP707 MP3 SPILARI
**12.900**

FÆST Í FJÖLDA LITA

**EP220**
CREATIVE EP-220 HEYRNARTÓL
**2.990**

**1TB**
1TB SAMSUNG SATA2 HARÐDISKUR 32MB
**14.900**

**750GB**
750GB SAMSUNG SATA2 DISKUR 32MB
**11.900**

**1.5TB**
1.5TB WESTERN DIGITAL SATA2 DISKUR 64MB
**19.900**

BIRT MEÐ FYRIRVARA UM BREYTINGAR, PRENTVILLUR OG MYNDABRENGL.

**OPNUNARTÍMAR**
Virka daga
10:00 - 18:30
Laugardaga
11:00 - 16:00

**TÖLVUTEK**

Reykjavík • Borgartúni 31 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900

acer ASUS hp lenovo msi packard bell SONY TOSHIBA

# Ekki harður

**Ástralski leikarinn Russell Crowe segist ekki vera eins harður og ýmsir fjölmiðlar vilja vera láta. „Fólk kallar mig „harðan nagla“, en það er alveg út í hött. Ég þekki harða nagla og ég er ekki einn þeirra. Ég hef gaman af ljóðalestri, ég sem tónlist í frítíma mínum. Ég er farðaður í vinnunni! Ef ég væri harður nagli þá væri ég ómögulegur í því sem ég geri,“ sagði Crowe, sem tók einnig fyrir að hafa nokkurn tímann slegið til ljósmyndara. „Ég hef aldrei slegið ljósmyndara. En ég hef húðskammað þá og þeir þola mig ekki fyrir það.“**

# Dóttirin skal borða vel

Grey‘s Anatomy-leikkonan Ellen Pompeo segir mikilvægt að dóttir sín borði hollan og góðan mat. „Stella Luna er orðin sjö mánaða núna, komin með tvær tennur og farin að borða sjálf. Mér finnst mikilvægt að hún læri strax að borða hollan mat. Þegar ég var yngri ræktuðum við okkar eigið grænmeti, ömmur mínar kenndu mér að borða hollt og elduðu báðar mjög góðan mat. Ég þekkti því ekkert annað og ég vil að Stella Luna alist upp við hið sama,“ sagði hin viðkunnanlega leikkona um mataræði dóttur sinnar.



**BORÐAR HOLLT** Leikkonan Ellen Pompeo vill dóttir sín borði hollan mat. NORDICPHOTOS/GETTY

# Erfitt í busavikunni

Breska leikkonan Emma Watson, sem sló í gegn sem Hermione Granger í kvikmyndunum um Harry Potter, hefur hafið nám við hinn virta Brown-háskóla í Bandaríkjunum. Watson segir að erfitt hafi verið að komast í gegnum fyrstu skólavikuna.

„Þetta var hræðilegt og ég skildi ekki af hverju ég var að þessu. Og allar veislurnar! Þegar ég fór í fyrstu veisluna leið mér eins og ég væri að leika í bandarískri unglingamynd. Ég tók upp rautt plastglas og hugsaði með mér: „Vá, þau drekka í alvörunni úr þessu,“ sagði leikkonan sem stundar nám í evrópskri kvennasögu og leiklist.



**HRÆÐILEG BUSAVIKA** Emma Watson stundar nám við hinn virta Brown-háskóla. NORDICPHOTOS/GETTY








**DURAN DURAN** Hljómsveitin ætlar að taka upp HM-lag fyrir keppnina sem hefst í sumar.

# Duran tekur upp HM-lag

**Hljómsveitin Duran Duran sem gerði garðinn frægan á níunda áratugnum ætlar að taka upp óopinbert HM-lag með enska landsliðinu í fótbolta. Fyrirliðinn Rio Ferdinand mun hugsanlega syngja lagið, sem verður endurútgáfa af Rio, gömlum slagara Duran Duran. Söngvarinn Simon LeBon og Ferdinand eru góðir vinir og hefur Duran Duran þegar hitt fyrirliðann og félaga hans í United á æfingasvæði þeirra. Enska knattspyrnusambandið ákvað að senda ekki út opinbert HM-lag fyrir keppnina í ár og er það í fyrsta sinn sem það gerist síðan 1966, en þá varð England einmitt heimsmeistari.**

# Christina trú sjálfri sér

**Nýtt tónlistarmyndband söngkonunnar Christinu Agulera hefur mikið verið í umræðunni upp á síðkastið því það er keimlíkt gömlu myndbandi með poppdrottningunni Madonnu. Í myndbandinu sést Agulera meðal annars kyssa aðra konu og lepja mjólk úr skál líkt og Madonna gerði árum áður. „Ég þarf að vera trú sjálfri mér. Ég mun aldrei verða mamma sem bakar kökur og keyrir börn sín á fótboltaæfingar. Það hentar sumum, en ekki mér,“ var haft eftir söngkonunni. „Sonur minn mun alast upp vitandi það að móðir hans þurfi að tjá sig með listinni og að stundum brýst það út á kynferðislegan máta. Hann mun læra að virða það að konur þurfi að tjá sig án þess að skammast sín fyrir það.“**



**TJÁIR SIG** Christina Agulera segist vera trú sjálfri sér.

# Tímalaus Ólafur

Tónlistarmaðurinn Ólafur Arnalds hefur fengið góða dóma erlendis fyrir sína nýjustu plötu, … and they have escaped the weight of darkness.

Breska tímaritið Uncut gefur henni fjórar stjörnur af fimm mögulegum þar sem tónlistinni er lýst sem tímalausri og framúrskarandi góðri. Tónlistarsíðan Drowned In Sound gefur plötunni 9 í einkunn af 10 mögulegum. „Við getum náð tengslum við hefðbundin lög með því að hlusta á ákveðin erindi eða texta en hérna er allt litrófið af tilfinningum og sumar þeirra eiga uppruna sinn í hversdagsleikanum,“ segir í dómnum. Þýska síðan Kulturnews.de gefur plötunni einnig góða dóma, eða fjórar stjörnur af sex mögulegum.



**ÓLAFUR ARNALDS** Tónlistarmaðurinn fær góða dóma erlendis fyrir nýjustu plötu sína. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Chelsea-hetjur stofna hljómsveit

Fótboltahetjurnar Didier Drogba og Florent Malouda úr Chelsea hafa stofnað hljómsveit. Malouda spilar á trommur en Drogba spilar á bassa sem hann fékk gefins frá Wyclef Jean.

Malouda sagði í viðtali við breska fjölmiðla að hann vildi að John Terry eða Joe Cole myndu syngja. „Við erum rétt að byrja að reyna að gera eitthvað sérstakt,“ sagði hann. Hljómsveitin Coldplay veitir fótboltahetjunum innblástur, en Malouda missti nánast vatnið þegar hann sá hana á Wembley. „Tónleikarnir voru á meðal þeirra bestu sem ég hef á ævi minni séð!“ sagði hann.

Hljómsveitin er ekki enn þá komin með nafn, enda aðeins í startholunum. Fréttablaðinu er þó ljúft og skylt að upplýsa þá, ef þeir eru að lesa þetta, að nöfnin Blue Man Group, Grand Popo Football Club og Football Studs eru öll frátekin. - afb



**STILLA SAMAN STRENGI** Didier Drogba og Florent Malouda hafa stofnað hljómsveit og vonast til þess að John Terry eða Joe Cole taki í hljóðnemann með þeim.



**MADONNA** Madonna ætlar að taka sér frí frá tónlistarbransanum vegna tímaskorts.

# Tekur sér frí frá tónlist

Söngkonan Madonna ætlar að taka sér frí frá tónlistarbransanum til að einbeita sér að öðrum hlutum. Hún er að vinna í nýrri kvikmynd sem nefnist W.E. auk þess sem hún vill eyða meiri tíma með fjölskyldunni. „Ég hef ekki getað einbeitt mér eins mikið og ég ætti að gera að tónlistinni vegna þess að myndin hefur tekið allan minn tíma,“ sagði Madonna. „Ásamt henni og því að hugsa um börnin mín fjögur hef ég hvorki haft tíma né orku í neitt annað.“ Hún bætir við að hún sé ekki með plötusamning og óvíst hvort einhver vilji gefa út tónlistina hennar næst þegar hún sendir frá sér plötu.



**VILL VERA HEIMA** Gwyneth Paltrow segist vinna minna eftir að hún varð móðir. NORDICPHOTOS/GETTY

# Börnin í fyrsta sæti

**Leikkonan Gwyneth Paltrow hefur verið dugleg við að kynna nýjustu kvikmynd sína, Iron Man 2, en hún fer með aðalhlutverkið í þeirri mynd ásamt Robert Downey Jr. og Scarlett Johansson. Leikkonan segist ekki vinna jafn mikið og hún gerði því hún vilji síður dvelja langdvölum frá börnum sínum og eiginmanni. „Ég vann mjög mikið þegar ég var yngri, en nú á ég tvö falleg börn og mig langar að eyða tíma með þeim. Þetta er líklega ekki það besta fyrir frama minn en börnin set ég í forgang. Þegar ég var við tökur á síðustu mynd minni hugsaði ég: Nú er kominn baðtími hjá krökkunum og ég er ekki viðstödd. Og svo brast ég í grát.“**



# NÝTT Í BÍÓ

LAUGARÁS BÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus




SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| IRON MAN 2 | 5, 7.30, 10(POWER) | 12 |
| THE BACK-UP PLAN | 5.50, 8 og 10.10 | L |
| SHE´S OUT OF MY LEAGUE | 5.50, 8 og 10.10 | 12 |
| AÐ TEMJA DREKANN SINN | 4 - 3D | L |
| NANNY MCPHEE & BIG BANG | 3.40 | L |

SAMBÍÓIN




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| IRON MAN 2 | kl. 3D - 5:20D - 8D - 10:40D | 12 |
| IRON MAN 2 | kl. 3 - 5:20 - 8 - 10:40 | VIP |
| COPS OUT | kl. 3 - 5:40 - 8 - 10:20 | 14 |
| OFURSTRÁKURINN M/ ísl. Tali | kl. 3:40 - 5:50 | L |
| KICK ASS | kl. 5:50 - 8 - 10:40 | 14 |
| CLASH OF THE TITANS | kl. 8:10 - 10:40 | 12 |
| TEMJA DREKANN SINN M/ ísl. Tali Sýnd á morgun | kl. 1(3D) | L |
| AÐ TEMJA DREKANN SINN M/ ísl. Tali | kl. 3:40 - 5:50 | L |
| HOT TUB TIME MACHINE | kl. 8 - 10:20 | 12 |
| ALICE IN WONDERLAND | kl. 3:40 | L |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| COPS OUT | kl. 5:50 - 8:10 - 10:30 | 14 |
| IRON MAN 2 | kl. 3:20 - 5:40D - 8:10D - 10:45D | 12 |
| KICK ASS | kl. 5:50 - 8:10 - 10:40 | 14 |
| OFURSTRÁKURINN M/ ísl. Tali | kl. 3:40 | L |
| AÐ TEMJA DREKANN SINN 3D M/ ísl. Tali | kl. 3:40(3D) | L |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| IRON MAN 2 | kl 5:30 - 8 - 10:30 | 12 |
| OFURSTRÁKURINN M/ ísl. Tali | kl. 6 | L |
| KICK ASS | kl 8 - 10:10 | 14 |

SAMBÍÓIN SELFOSSI

| | | |
|---|---|---|
| IRON MAN 2 | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | 12 |
| KICK ASS | kl. 8 - 10:30 | 14 |
| OFURSTRÁKURINN M/ ísl. Tali | kl. 6 | L |

SPARBÍÓ KR 600 Á SÝNINGAR MERKTAR MEÐ APPELSÍNUGULU OG KR. 950 Á 3D MERKT GRÆNU

NÝTT Í BÍÓ!




SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | | |
|---|---|---|
| THE BACKUP PLAN | kl. 5.40 - 8 - 10.20 | L |
| IRON MAN 2 | kl. 5.20 - 8 - 10.40 | 12 |
| IRON MAN 2 LÚXUS | kl. 5.20 - 8 - 10.40 | 12 |
| SHE´S OUT OF MY LEAGUE | kl. 8 - 10.20 | 12 |
| THE SPY NEXT DOOR | kl. 3.40 - 5.50 | L |
| DATE NIGHT | kl. 4 - 6 - 8 - 10 | 10 |
| NANNY MCPHEE | kl. 3.40 | 10 |

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| SHE´S OUT OF MY LEAGUE | kl. 6 - 8 | 12 |
| THE CRAZIES | kl. 8 | 16 |
| THE SPY NEXT DOOR | kl. 6 | L |
| LEGION | kl. 10 | 16 |
| DAYBRAKERS | kl. 10 | 16 |

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| CRAZY HEART | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | L |
| THE BACKUP PLAN | kl. 5.40 - 8 - 10.20 | L |
| I LOVE YOU PHILLIP MORRIS | kl. 5.40 - 8 - 10.20 | 14 |
| LOFTKASTALINN SEM HRUNDI | kl. 6 - 9 | 14 |

CRAZY HEART ER Á BÍÓDÖGUM GRÆNA LJÓSSINS

REGNBOGINN SÍMI 551 9000

| | | |
|---|---|---|
| THE LIVING MATRIX | kl. 6 íslenskur texti | L |
| IMAGINARIUM OF DR. P... | kl. 8 - 10.15 íslenskur texti | 12 |
| ONDINE | kl. 10 íslenskur texti | 12 |
| UN PROPHÉTE | kl. 9 enskur texti | 16 |
| FOOD INC. | kl. 6 íslenskur texti | L |
| MOON | kl. 8 íslenskur texti | 10 |
| NOWHERE BOY | kl. 6 íslenskur texti | L |
| THE YOUNG VICTORIA | kl. 8 íslenskur texti | 12 |
| TRASH HUMPERS | kl. 10 íslenskur texti | 18 |
| FANTASTIC MR. FOX | kl. 6 íslenskur texti | L |




# Fjölmargir vilja Skífuhúsið

**Fjölmargir aðilar hafa lýst yfir áhuga á verslunarhúsnæði Skífunnar á Laugaveginum. Plötubúðin hættir starfsemi þar í sumar og verður eingöngu starfrækt í Kringlunni.**

„Ég hef engar áhyggjur af því að þetta húsnæði standi laust lengi,“ segir Jakob Frímann Magnússon miðborgarstjóri. „Það hafa mjög margir sýnt áhuga á að fara þarna inn með hönnun, tískuvöru og þess konar sérvöru. Það er slegist um þessi góðu verslunarpláss á Laugaveginum.“

Að sögn Jakobs Frímanns hefur brotthvarf Skífunnar úr húsnæðinu legið lengi í loftinu. „Þetta er auðvitað eitthvað sem er búið að stefna í um nokkurt skeið hér sem annars staðar. Stórar hljómplötuverslanir hafa verið að skella í lás hver af annarri,“ segir hann og á þar við Virgin Megastore sem lokaði í New York í desember auk þess sem stórum plötuverslunum á Oxford Street í London hefur fækkað að undanförnu.

Jakob kennir ólöglegu niðurhali á tónlist um lokun búðarinnar og vill ekki meina að Skífan hafi verið illa rekin. „Þetta er besti staður til að hafa verslun í miðborginni en miðað við hvað stór hluti tónlistarneytenda er kominn í netheiminn þá var þetta ekki raunhæft lengur,“ segir hann og bætir þessu við um niðurhalið: „Ég hef áhyggjur af því hversu illa og seint gengur að fá hina nýju tækni til að skila hagnaði inn í kerfið og núna þolir þetta ekki lengri bið. Þetta er stærsta verkefni tónlistarbransans í dag og það þarf að taka á því áður en það brestur á með atgervisflótta úr greininni. En ég er bjartsýnn á að við stöndum núna við þröskuld þar sem við horfum inn í nýjan heim.“

Jakob er fullviss um að ný og öflug verslun komi í staðinn fyrir Skífuna. „Við kveðjum Skífuna auðvitað með söknuði. Ég var viðstaddur opnunina á sínum tíma og þetta var glæsilegasta tónlistarverslun sem hafði litið dagsins ljós á Íslandi. En það brustu forsendur fyrir þessari tilteknu vöru.“ Hann tekur fram að smærri plötuverslanir á borð við 12 Tóna og Havarí muni í staðinn annast plötusöluna í miðborginni.

Húsnæði Skífunnar er í eigu fasteignafélagsins Reitir. Í samtali við Fréttablaðið staðfesti Inga Rut Jónsdóttir, forstöðumaður hjá Reitum, að nokkrir aðilar hefðu haft samband út af húsnæðinu. Sumir vilji reka þar tískuverslun en aðrir hafi annars konar rekstur í huga. Hún vildi ekki greina frá því hvað kosti að leigja húsnæðið og gat heldur ekki sagt til um hvenær samið yrði við nýjan rekstraraðila.

Stutt er síðan Fréttablaðið greindi frá brotthvarfi Regnbogans úr miðborginni og núna fylgir Skífan í kjölfarið. Þrátt fyrir það örvæntir Jakob Frímann ekki. „Því má ekki gleyma að það er verið að leggja lokahönd á „cinematheque“ í Tjarnarbíói og því ber líka að fagna að Austurbæjarbíó er að verða að öflugu sýningarhúsi á ný. Eitt hverfur á braut og annað kemur í staðinn,“ segir hann um leið og hann kveður Regnbogann og Skífuna. „Við þökkum því góða fólki fyrir samferðina. Síðan kemur eitthvað skemmtilegt og ferskt vonandi í staðinn.“

**freyr@frettabladid.is**




**SKÍFAN HÆTTIR** Verslunin Skífan á Laugaveginum hættir starfsemi í sumar. Óvíst er hvaða verslun kemur í hennar stað. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



**JAKOB FRÍMANN** Miðborgarstjórinn hefur engar áhyggjur af húsnæðinu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Tónlist ★★★

**Congratulations**
MGMT

## Þjónn! Meira salt, takk.



New York-töffararnir í MGMT slógu hressilega í gegn árið 2008 með plötunni Oracular Spectacular. Kæruleysislegir smellir á borð við Kids og Time to Pretend urðu eftirlæti dansandi gesta á skemmtistöðum víða um heim og textarnir, sem fjölluðu flestir um dóp og kynlíf, klístruðust við heila ótrúlegasta fólks.

Á Congratulations hefur hljómsveitin ekki aðeins skipt um gír, drif og jahh, bíl – heldur er hún farin að keyra aftur á bak, en ekki áfram og beygja til vinstri en ekki hægri. Með þessu flókna myndmáli er ég að reyna að segja að MGMT er hætt að semja grípandi lög. Ákvörðunin (ef hún var nokkurn tíma tekin) var vafalaust í óþökk útgáfufyrirtækis félaganna, sem er tæpast að fara að selja lög eins og Flash Delirium, Brian Eno og It's Working í næsta FIFA-tölvuleik – þó að þau séu afar frambærileg.

Við erum semsagt komin að kjarna málsins: Miðað við Congratulations virðist MGMT hafa fengið nóg af ofurvinsældunum og því sem þeim fylgja. Í staðinn sendir hljómsveitin frá sér fremur bragðdaufa plötu í anda áttunda áratugarins, stútfulla af tilvísunum í liðna tíma – bæði í textum og tónlist. Útkoman er fín, en ekki frábær – pínlega óeftirminnileg þó að hún haldi meðan á hlustun stendur. Ef Congratulations væri veitingahús hefði maturinn smakkast vel, en saltlaus og þar af leiðandi bragðdaufur.

Titillag Congratulations og jafnframt það síðasta endar á daufu klappi, sem virðist vera af skyldurækni. Það er vel við hæfi því standandi fagnaðarlæti hefðu ekki verið viðeigandi.

**Atli Fannar Bjarkason**

**Niðurstaða:** Góð plata, en bragðdauf. Heldur á meðan hún er í gangi, en óeftirminnileg þegar henni lýkur.

# Robbie vill sáttmála

**Popparinn Robbie Williams hefur beðið lögfræðinga sína um að útbúa hjúskaparsáttmála áður en hann kvænist unnustu sinni, Ayda Field. „Þau eru yfir sig ástfangin en gera sér grein fyrir þeim þrýstingi sem er á hjónaböndum frægs fólks,“ sagði heimildarmaður. „Foreldrar þeirra beggja hafa skilið og þau vilja ekki eyða tíma og pening í einhver vandræði og því telja þau að hjúskaparsáttmáli sé nauðsynlegur.“ Talið er að Robbie og Ayda gangi upp að altarinu í lok þessa árs. Athöfnin verður haldin í kyrrþey, fjarri ágangi fjölmiðlafólks.**



**ROBBIE WILLIAMS** Robbie vill hjúskaparsáttmála áður en hann kvænist Ayda Field.


NOKIA
ON ICE
tónlistarhátíð
7.–8. maí
Sódóma Reykjavík
Biggi Bix
Of Monsters and Men
DJ Mike Sheridan
einn þekktasti DJ Norðurlanda
er sérstakur gestur hátíðarinnar
Cliff Clavin
Who Knew
7/5
föstudagur
DJ Mike Sheridan
DJ Margeir
Húsið opnað kl. 24.
Frítt inn
í boði Nokia
8/5
laugardagur
DJ Mike Sheridan
Samúel J Samúelsson Big Band
Snorri Helga ásamt hljómsveit
Of Monsters and Men
Cliff Clavin
Who Knew
Biggi Bix
Míri
Húsið opnað kl. 20.
Verð aðeins 1.000 kr.
Miðasala við innganginn
Míri
Snorri Helga
DJ Margeir
SJS Big Band
NOKIA
Sódóma
REYKJAVIK
PIPAR\TBWA • SÍA • 101081

## 35 DAGAR Í HM



**Brasilía** er eina þjóðin sem hefur verið með í öllum 19 heimsmeistarakeppnunum frá upphafi og engin þjóð hefur unnið HM oftar. Brasilíumenn hafa fimm sinnum orðið heimsmeistarar (1958, 1962, 1970, 1994 og 2002). Brasilíumenn hafa komist áfram upp úr riðlakeppninni í undanförnum tíu HM-keppnum eða allar götur síðan 1966.

# sport

sport@frettabladid.is

**ÓSKAR BJARNI ÓSKARSSON, ÞJÁLFARI VALS:** FANNAR ÞÓR FRIÐGEIRSSON ER STRÍÐSMAÐUR

## *Svona á þetta að vera í úrslitakeppninni*



Óskar Bjarni Óskarsson er ánægður með hvernig hans menn í Val svöruðu tapleiknum gegn Haukum í leik liðanna í Vodafone-höllinni í gær. Valur vann þá 32-30 sigur í framlengdum leik.

„Það var bara ekkert í gangi hjá okkur í síðasta leik,“ segir Óskar Bjarni en Haukar voru með 2-1 forystu í einvíginu og hefðu getað tryggt sér Íslandsmeistaratitilinn í gær.

„Að sjálfsögðu óttaðist ég að við myndum ekki ná að svara því enda töpuðum við 3-1 fyrir þeim í fyrra. En í ár erum við ferskari og með menn sem eru heilir og klárir í slaginn,“ segir hann.

„Við þurftum að stíga upp í kvöld. Annars hefðu Haukarnir bara labbað yfir okkur og unnið með tíu marka mun. Síðast spilaði enginn okkar vel og þetta snýst um að stíga upp og hafa gaman af því að spila svona leiki.“ Hann var annars ánægður með þá stemningu sem var í Vodafone-höllinni í gær enda bauð leikurinn upp á mikla spennu.

„Svona á þetta að vera í úrslitakeppninni. Þetta minnti mig á eins og þetta var 1995 og 1996. Áhorfendur voru frábærir og stemningin ótrúleg. Við, bæði leikmenn og þjálfarar, erum einmitt í handbolta til að upplifa svona stemningu og því eiga svona leikir að fara í framlenginu,“ segir Óskar Bjarni.

Fannar Þór Friðgeirsson átti frábæran leik í liði Valsmanna og fór langt með að klára leikinn einn síns liðs í framlengingunni.

„Fannar er stríðsmaður og var alveg brjálaður eftir síðasta leik. Þá ætlaði hann að taka allt of mikið á sig í stað þess að vera aðeins rólegri og spila vel. Við náðum að nota hann á réttum augnablikum í kvöld og náðum að hvíla hann betur en í hinum leikjunum. Elvar [Friðriksson] kom líka inn og leysti sitt vel af hendi. Það eru líka allir leikmenn sem þurfa að stíga upp og ná að spila það vel að leikurinn verði ógleymanlegur fyrir þá.“



**DÓLGARNIR AÐ STANDA SIG Á PÖLLUNUM** Valsmenn fögnuðu sigrinum í gær með frábærri stuðningsmannasveit sinni sem hefur verið í miklu stuði í úrslitakeppninni. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

# Valsmenn hefndu ófaranna

**Valsmenn komu í gær í veg fyrir að Haukar næðu að tryggja sér Íslandsmeistaratitilinn á Hlíðarenda annað árið í röð. Reyndar þurfti framlengingu til en þá sýndu heimamenn hvað er spunnið í þá. Úrslitaleikurinn er á laugardag.**

**HANDBOLTI** Í fyrsta sinn í átta ár verður oddaleikur um Íslandsmeistaratitilinn í handbolta karla. Þetta varð ljóst í gær eftir að Valur vann Hauka í æsispennandi framlengdum leik á Vodafone-vellinum í gær, 32-30.

Fannar Þór Friðgeirsson átti stórleik, þá sérstaklega í framlengingunni þar sem hann nánast gekk frá Haukaliðinu einn síns liðs. Hann skoraði fjögur af sjö mörkum Valsmanna og fiskaði þar að auki eitt víti.

Valsmenn höfðu haft undirtökin í síðari hálfleik en svo virtist sem leikurinn ætlaði að snúast með Haukum undir lokin. Valsmenn fengu að vísu síðustu sóknina í venjulegum leiktíma en voru einum færri og Haukavörnin órárennileg.

En á lokasekúndunum fékk Gunnar Berg Viktorsson að líta rauða spjaldið fyrir að fara í andlitið á Fannari Þór Friðgeirssyni. Þó svo að Valsmenn hafi ekki náð að skora með lokaskoti sínu byrjuðu þeir í yfirtölu í framlengingunni. Þar skoruðu þeir fyrstu þrjú mörkin og þótt Haukar hafi aftur náð að minnka muninn í eitt mark var sigurinn í raun tryggður.

„Ég var óhræddur enda þýðir ekkert að horfa bara á leikinn,“ sagði Fannar eftir leikinn. „Ég var hvíldur hægra megin í fyrri hálfleik og átti svo að koma upp í þeim síðari. Það þýddi ekkert að skorast undan því og láta bara vaða. Og þegar vel gengur þá heldur maður áfram.“

Hinum megin á vellinum hafði Sigurbergur Sveinsson svipaða sögu að segja. Hann hafði hægt um sig í fyrri hálfleik en kom inn í þann síðari af miklum krafti. Hefðu Haukar fagnað sigri í gær hefði það verið honum að þakka.

„Þetta var bara stöngin út hjá okkur og stöngin inn hjá þeim. Þannig er þetta oft í framlengingum. Þetta féll bara ekki með okkur undir lokin,“ sagði Sigurbergur sem neitaði því ekki að hann væri byrjaður að þreytast eins og aðrir leikmenn.

„Þetta er fjórði leikurinn á stuttum tíma en við erum allir að spila við sömu aðstæður. Við verðum allir óþreyttir í oddaleiknum enda var leikurinn frábær í kvöld. Svona á þetta vera – það var mikil stemning á pöllunum og ótrúlega gaman að sjá alla þessa áhorfendur.“

Aðsóknarmet var sett í Vodafone-höllinni í gær þegar 2.054 manns fóru langt með að fylla húsið. Áhorfendur fengu líka sitt fyrir aðgangseyrinn og gott betur. Leikurinn var vel leikinn og sérstaklega var varnarleikur liðanna góður. Liðin skiptust á að ná forystunni í fyrri hálfleik en það var nánast jafnt á öllum tölum í síðari hálfleik. Valsmenn náðu svo undirtökunum undir lok leiksins og kláruðu hann af miklum krafti í framlengingunni. Haukarnir voru þó aldrei langt undan og útlit fyrir æsispennandi viðureign á morgun.

eirikur@frettabladid.is



**ODDALEIKUR UM TITILINN Í HÖFN** Elvar Friðriksson, Orri Freyr Gíslason og Fannar Þór Friðgeirsson (23) fagnar sigrinum í leikslok. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

### Tölfræðin úr leiknum í gær

Valur - Haukar 32-30 (12-13, 25-25, 29-27)

**Mörk Vals (skot):** Fannar Þór Friðgeirsson 12/3 (17/3), Sigurður Eggertsson 6 (11), Arnór Þór Gunnarsson 6/3 (13/4), Elvar Friðriksson 4 (8), Sigfús Páll Sigfússon 2 (2), Orri Freyr Gíslason 1 (1), Baldvin Þorsteinsson 1 (4), Jón Björgvin Pétursson (1), Ingvar Árnason (1).

**Varin skot:** Hlynur Morthens 15 (44/1, 34%), Ingvar Kr. Guðmundsson 0 (1/1).

**Hraðaupphlaup:** 5 (Fannar Þór 3, Elvar 1, Baldvin 1).

**Fiskuð víti:** 7 (Ingvar 2, Fannar Þór 2, Sigfús Páll 1, Sigfús 1, Baldvin 1). **Utan vallar:** 8 mínútur.

**Mörk Hauka (skot):** Sigurbergur Sveinsson 11/2 (20/2), Björgvin Hólmgeirsson 5 (11), Pétur Pálsson 5 (5), Freyr Brynjarsson 4 (4), Elías Már Halldórsson 2 (6), Gísli Jón Þórisson 2 (2), Einar Örn Jónsson 1 (3), Þórður Guðmundsson (1).

**Varin skot:** Birkir Ívar Guðmundsson 23/1 (54/6, 43%), Aron Rafn Eðvarðsson 0 (1/1).

**Hraðaupphlaup:** 5 (Pétur 2, Freyr 1, Sigurbergur 1, Gísli Jón 1).

**Fiskuð víti:** 2 (Pétur 2). **Utan vallar:** 6 mínútur.

**Dómarar:** Anton Gylfi Pálsson og Hlynur Leifsson. Voru frábærir.


Í pallasmíðina

MÚRBÚÐARVERÐ




Mikið úrval af skrúfum.

Ryðfríar Torx tréskrúfur.

Festingarvörur – mikið úrval.



Klettháls Rvk
Akureyri
Suðurnesjum
Húsavík

Meiri gæði
Lægra verð
MÚRBÚÐIN

MÚRBÚÐIN

– Afslátt eða gott verð?

Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is



KÍKTU Í
INTERSPORT
BÍLDSHÖFÐA Í DAG

Fáðu faglega ráðgjöf um val á hlaupaskóm og kynntu þér NIKE+

KAUPAUKI
MEÐ ÖLLUM NIKE HLAUPASKÓM

nikerunning.com


Leikur Hauka og Vals verður fjórði oddaleikurinn um titilinn frá upphafi:

# Fyrsti úrslitaleikurinn í 8 ár

**HANDBOLTI** Eftir sigur Valsmanna á Haukum í fjórða úrslitaleik liðanna í gær er ljóst að liðin spila hreinan úrslitaleik um Íslandsmeistaratitilinn á Ásvöllum klukkan 14.00 á laugardaginn. Þetta verður fyrsti oddaleikurinn um Íslandsmeistaratitil karla í handbolta í átta ár eða síðan Valur og KA mættust á Hlíðarenda 10. maí 2002.

Þetta verður jafnframt aðeins fjórði úrslitaleikurinn um Íslandsmeistaratitilinn síðan úrslitakeppnin var sett á laggirnar 1992. Valsmenn og Haukar hafa bæði unnið titilinn í oddaleik; Valur vann fimmta leikinn á móti KA í lokaúrslitunum 1995 og Haukar unnu fimmta leikinn á móti KA í lokaúrslitunum 2001 en sá leikur fór fram í KA-húsinu fyrir norðan. KA-menn unnu 24-21 sigur á Val í síðasta oddaleiknum fyrir átta árum sem þýðir að tveir síðustu úrslitaleikirnir um titilinn hafa unnist á útivelli (KA 2002 á Hlíðarenda og Haukar 2001 í KA-húsinu).

Þetta verður aftur á móti fyrsti úrslitaleikurinn um titilinn sem fer fram á Ásvöllum en Haukar hafa unnið þar tólf leiki í röð í lokaúrslitum eða alla heimaleiki sem liðið hefur spilað í úrslitaeinvíginu frá því að Ásvellir tóku við af Strandgötunni sem heimavöllur Hauka. - óój



**FANNAR ÞÓR FRIÐGEIRSSON** Frábær í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Hinn eini sanni

# RISA

## ÚTIVISTAR- SKÓ OG TÍSKU

# MARKAÐUR



## Aðeins 3 dagar eftir!

## Í B&L Húsinu Grjóthálsi

## NÝJAR VORVÖRUR

## Opið frá 12 - 18

föstudag, laugardag og sunnudag

## Útsöluvörur frá

STEINAR WAAGE

Kaupfélagið

skór.is

ecco

NIKE

adidas

PUMA

hummel

Reebok

BLEND

ORGINAL

# Stóru spurningarmerkin í sumar

**Liðin þrjú í Pepsi-deild karla sem Fréttablaðið fjallar um í dag hafa öll burði til þess að blanda sér í baráttuna á toppnum. Við köllum þau spurningarmerkin en spurning hvort þau geta veitt FH og KR samkeppni.**

**Lið:** Fram
**Spá Fréttablaðsins:** 5. sæti.
**Árangur í fyrra:** 4. sæti.
**Þjálfari:** Þorvaldur Örlygsson.
**Lykilmaður:** Hjálmar Þórarinsson.
**Styrkleikar:** Öflugur og skipulagður þjálfari sem nær miklu út úr liðinu, baráttuglatt lið og vel samstillt. Sterkur markvörður og fínir miðverðir.
**Veikleikar:** Vantar reynslubolta í liðið, framherjar ekki nógu stöðugir, lélegur heimavöllur, lítil breidd í liðinu.
**Helstu breytingar:** Liðið missti Auðun Helgason, Paul McShane, Heiðar Geir Júlíusson og Ingvar Ólason en fékk á móti Jón Gunnar Eysteinsson, Tómas Leifsson og Alexander Veigar Þórarinsson.

**Lið:** Keflavík.
**Spá Fréttablaðsins:** 4. sæti.
**Árangur í fyrra:** 6. sæti.
**Þjálfari:** Willum Þór Þórsson.
**Lykilmaður:** Hólmar Örn Rúnarsson.
**Styrkleikar:** Reynslumikið lið, öflugur þjálfari sem kann að vinna titla, sterkir miðjumenn og skæðir framherjar.
**Veikleikar:** Án heimavallar framan af móti, ekki nógu stöðugur markvörður.
**Helstu breytingar:** Liðið missti Jón Gunnar Eysteinsson, Lasse og Nicolai Jörgensen og Simun Samuelsen. Til liðsins komu Paul McShane, Andri Steinn Birgisson og Ómar Karl Sigurðsson.

**FÓTBOLTI** Pepsi-deild karla hefst næstkomandi mánudag og í dag fjallar Fréttablaðið um liðin sem við spáum að endi í sætum þrjú til fimm í sumar.

**5. sæti – Fram**
Þorvaldur Örlygsson hefur náð mögnuðum árangri með þetta lið á síðustu tveimur árum. Fram-liðið undir hans stjórn hefur verið ótrúlega vel skipulagt og baráttuglatt. Fyrsta árið spilaði liðið hrútleiðinlegan fótbolta en tók framförum í fyrra og spilaði þá nokkuð skemmtilegan bolta. Síðari hlutinn hefur verið sterkur hjá liðinu en það þarf að hala inn fleiri stig í fyrri hlutanum ef það ætlar sér af alvöru í toppbaráttuna.

Fram gæti fundið fyrir því í sumar að hafa misst þrjá reynslubolta sem hafa reynst liðinu afar mikilvægir á síðustu árum. Meðalaldurinn er því minni en getan til þess að ná árangri er svo sannarlega til staðar. Liðið hefur sterkan markvörð, góða miðverði, duglega miðjumenn og spræka framherja sem þó skortir meiri stöðugleika.

Hjálmar Þórarinsson þarf að vera í sínu allra besta formi og skora reglulega.

**4. sæti – Keflavík**
Það er til mikils ætlast af Keflavík í sumar og ekki að ástæðulausu. Liðið er afar vel mannað, með sterka og reynda leikmenn. Þess utan er kominn við stjórnvölinn einn sigursælasti þjálfari íslenskrar knattspyrnu, Willum Þór Þórsson.



**SIGURVEGARI** Willum Þór er með uppskriftina að meistaraformúlunni. Lið hans blómstra á fyrsta ári undir hans stjórn og verður áhugavert að sjá hvað hann gerir með Keflavíkurliðið. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Lið Willums hafa ítrekað blómstrað á fyrsta ári undir hans stjórn. Keflavík þurfti ferska vinda og með þjálfara eins og Willum gæti þetta lið hæglega blandað sér í alvarlega titilbaráttu.

Það eru ekki miklar breytingar á leikmannahópi liðsins en það á örugglega eftir að sakna Simuns Samuelsen. Það mun mikið mæða á Hólmari Erni að keyra liðið áfram en Hólmar í toppformi er einn af bestu mönnum deildarinnar. Guðmundur Steinarsson þarf að skila sínum mörkum og ef Willum tekst að koma Herði Sveinssyni í gang eru Keflvíkingar í góðum málum.

Ómar Jóhannsson er kominn aftur í markið og varnarlínan er sterk. Alen Sutej gæti endað í bakverðinum sem er áhyggjuefni enda spilaði hann ekki vel í þeirri stöðu síðasta sumar.

Það mun líklega há liðinu eitthvað að geta ekki spilað á sínum eigin heimavelli framan af sumri.

**3. sæti – Breiðablik**
Breiðablik braut mikinn múr síðasta sumar með því að vinna sinn fyrsta stóra bikar. Að sama skapi eru nú gerðar meiri kröfur til liðsins en síðustu ár. Það er pressa á Blikum að gera eitthvað í sumar.

**Lið:** Breiðablik.
**Spá Fréttablaðsins:** 3. sæti.
**Árangur í fyrra:** 5. sæti.
**Þjálfari:** Ólafur Helgi Kristjánsson.
**Lykilmaður:** Guðmundur Kristjánsson.
**Styrkleikar:** Vel spilandi lið, baráttuglatt, sprækir framherjar.
**Veikleikar:** Lítil reynsla, liðið er brothætt.
**Helstu breytingar:** Liðið hefur misst Arnar Grétarsson og Guðmann Þórisson. Í staðinn hafa komið Guðmundur Pétursson og Jökull Elísabetarson.

Frábærir knattspyrnumenn eru í liðinu en það mun örugglega sakna Arnars Grétarssonar mikið en hann var þessu unga liði ómetanlegur á síðustu árum. Það er því pressa á Guðmundi Kristjánssyni að stíga úr skugga Arnars og taka við leiðtogahlutverkinu.

Það verður einnig pressa á efnilegasta leikmanni síðasta sumars, Alfreð Finnbogasyni, að halda áfram að skora. Guðmundur Pétursson þarf einnig að sanna að tímabilið í fyrra hafi ekki verið einstakt tilfelli.

Þetta lið er pakkað af hæfileikum, getur spilað magnaðan fótbolta en liðið er ungt og brothætt. Ef Blikar ætla sér alla leið þurfa þessir ungu drengir að verða að mönnum í sumar.

henry@frettabladid.is





Viltu lækka rekstrarkostnaðinn?

Fyrirtækjaþjónusta Pósthússins býður upp á hagstæðar dreifingarlausnir á almennum bréfum, blöðum, tímaritum og vörum.

Kynntu þér póstmiðlun Pósthússins og við hjálpum þér að ná fram sparnaði hjá þínu fyrirtæki.

Hafðu samband við sölufulltrúa Pósthússins í síma 585 8300 eða sendu tölvupóst á netfangið posthusid@posthusid.is

Pósthúsið ehf. Suðurhrauni 1 | 210 Garðabær | S: 585 8300 | www.posthusid.is

Við látum það berast


Atli Hilmarsson tók við Akureyrarliðinu í gær:

# Fer á handboltavertíð fyrir norðan

**HANDBOLTI** Atli Hilmarsson verður næsti þjálfari Akureyrar í N1-deild karla í handbolta en hann skrifaði undir tveggja ára samning á Akureyri í gær.

„Þetta er skemmtilegt verkefni og mér líst bara vel á þetta. Ég er mjög ánægður með samsetninguna á liðinu því þetta eru ungir og efnilegir strákar með reynsluboltum,“ sagði Atli Hilmarsson, sem mun taka við stöðunni af Rúnari Sigtryggssyni sem hefur þjálfað Akureyrarliðið síðan Þór og KA voru sameinuð. Atli þjálfaði kvennalið Stjörnunnar undanfarin tvö tímabil og gerði Garðabæjarliðið að Íslandsmeisturum í fyrra.

„Ég kom alveg óvart inn í þetta hjá Stjörnunni og þessi tvö ár með Stjörnunni voru alveg frábær. Það kveikti í mér að halda áfram í þessari þjálfun og það var strax mjög spennandi fyrir mig þegar þetta bauðst,“ segir Atli Hilmarsson sem er þó ekki að rífa upp fjölskylduna þótt hann fari norður.

„Ég flyt norður en ekki með fjölskylduna því ég fer bara einn. Það má segja að ég fari á handboltavertíð í einhvern tíma og það verður bara að koma í ljós hvort ég haldi þetta út,“ segir Atli.

Það er ljóst að Jónatan Þór Magnússon, Árni Þór Sigrryggsson og Hörður Flóki Ólafsson fara frá liðinu en Atli býst við að halda öðrum leikmönnum og reyna að bæta við liðið líka.

„Við þurfum einhvern veginn að reyna að styrkja þetta með í það minnsta tveimur leikmönnum og það verður bara farið í það núna. Ég er búinn að setja upp óskalista en það er ekki víst að það gangi,“ segir Atli.

Atli þekkir vel til á Akureyri en hann þjálfaði karlalið KA á árunum 1997 til 2002 og gerði liðið að Íslandsmeisturum á síðasta tímabilinu. Þrír leikmenn Akureyrar í dag, Heimir Örn Árnason, Hafþór Einarsson og Hreinn Hauksson, léku með KA-liðinu fyrir átta árum.



**ATLI HILMARSSON** Þjálfaði KA-menn frá 1997 til 2002 og gerði þá að Íslandsmeisturum 2002. FRÉTTABLAÐIÐ/HILMAR ÞÓR

„Það er aðeins öðruvísi að taka við liðinu núna en þegar ég tók við KA 1997. Þá tók ég við af Alfreð Gíslasyni sem var búinn að gera KA að Íslandsmeisturum í fyrsta sinn. Það töldu margir að það væri óðs manns æði hjá mér að fara norður en það gekk mjög vel. Við misstum fullt af leikmönnum en það komu þessir ungu strákar upp og þeir voru bara tilbúnir. Þar á meðal voru menn eins og Heimir sem eru enn þá í þessu. Það verður bara gaman að koma aftur,“ segir Atli. - óój



**FYRIRLIÐARNIR Í PEPSI-DEILD KARLA 2010** Fyrirliðarnir í Pepsi-deild karla voru samankomnir á kynningarfundinum í gær og stilltu sér upp í myndatöku. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Karlaliði KR og kvennaliði Vals er spáð sigri í Pepsi-deildunum í sumar:

# Spáin kom ekki mikið á óvart

**FÓTBOLTI** Karlaliði KR og kvennaliði Vals er spáð sigri í árlegri spá fyrirliða, þjálfara og forráðamanna félaganna í deildunum en spáin var tilkynnt á kynningarfundi Pepsi-deildanna í Háskólabíói í gær.

Það kemur ekki mörgum á óvart að þessum tveimur liðum skyldi vera spáð Íslandsmeistaratitlinum enda hafa þau bæði unnið öll vormótin í ár og eru bæði með gríðarlegan reyndan og sterkan leikmannahóp.

Spáin rættist í bæði karla- og kvennaflokki í fyrrasumar en það var í fyrsta sinn sem það gerðist hjá báðum kynjum í einu síðan farið var að spá hjá konunum sumarið 2001. Meistaraspáin hefur ræst 6 sinnum á síðustu tíu árum hjá körlunum en aðeins 4 sinnum á síðustu 10 árum hjá konunum.

KR-ingum er nú spáð titlinum í fyrsta sinn í sex ár en sú spá fór þó ekki vel í KR-liðið sem hafnaði í 6. sætinu sumarið 2004.

KR-liðið fékk 24 fleiri stig en Íslandsmeistarar FH sem er spáð 2. sætinu að þessu sinni. Blikum er síðan spáð 3. sætinu en nýliðar Selfoss og Hauka eiga að falla aftur úr deildinni í haust samkvæmt þessari spá.

Valskonur eiga að verja Íslandsmeistaratitilinn sinn í Pepsi-deild kvenna og vinna hann fimmta árið í röð samkvæmt spánni.

Valur fékk 37 fleiri stig en Breiðablik sem er spáð 2. sætinu rétt á undan Þór/KA. Nýliðum Hauka er spáð falli ásamt Aftureldingu en hinum nýliðunum úr FH er hinsvegar spáð 7. sætinu í deildinni. - óój

## SPÁIN FYRIR 2010

*Pepsi-deild karla*

| | |
|---|---|
| **1. KR** | **404 stig** |
| 2. FH | 380 stig |
| **3. Breiðablik** | **345 stig** |
| 4. Keflavík | 339 stig |
| **5. Fram** | **261 stig** |
| 6. Valur | 241 stig |
| **7. Fylkir** | **218 stig** |
| 8. Grindavík | 181 stig |
| **9. Stjarnan** | **171 stig** |
| 10. ÍBV | 132 stig |
| **11. Selfoss** | **86 stig** |
| 12. Haukar | 50 stig |

*Pepsi-deild kvenna*

| | |
|---|---|
| **1. Valur** | **286 stig** |
| 2. Breiðablik | 249 stig |
| **3. Þór/KA** | **247 stig** |
| 4. Fylkir | 208 stig |
| **5. Stjarnan** | **195 stig** |
| 6. KR | 146 stig |
| **7. FH** | **102 stig** |
| 8. Grindavík | 86 stig |
| **9. Haukar** | **85 stig** |
| 10. Afturelding | 46 stig |

Norska og sænska deildin:

# Elmar og Björn á skotskónum

**FÓTBOLTI** Björn Bergmann Sigurðarson og Theódór Elmar Bjarnason voru báðir á skotskónum í leikjum sinna liða í gær.

Theódór Elmar Bjarnason átti flottan leik með IFK Gautaborg í sænsku úrvalsdeildinni og var maðurinn á bak við 4-0 sigur liðsins á meisturunum í AIK. Theódór skoraði eitt mark og átti þátt í hinum þremur mörkum IFK.

Björn Bergmann Sigurðarson skoraði eitt marka Lilleström í 3-2 sigri á Start í norsku úrvalsdeildinni en hann jafnaði leikinn í 2-2 þegar 19 mínútur voru til leiksloka en Start komst í 2-0 eftir aðeins 19 mínútna leik. Þetta er annar leikurinn í röð sem Björn Bergmann er meðal markaskorara Lilleström. - óój

Danska úrvalsdeildin:

# Ólafur Ingi með sigurmark

**FÓTBOLTI** Ólafur Ingi Skúlason var hetja SønderjyskE í dönsku úrvalsdeildinni í gær þegar hann skoraði sigurmark liðsins á útivelli í botnbaráttuslagnum við AGF. Ólafur skoraði markið á 88. mínútunni en SønderjyskE náði með því þriggja stiga forskoti á AGF sem situr áfram í fallsæti deildarinnar.

Dönsku miðlarnir töluðu um að maður með grímuna hefði sent AGF hálfa leið niður um deild en Ólafur Ingi spilar með grímu á andlitinu. Aðeins tvær umferðir eru eftir af deildinni og því stigin þrjú gríðarlega dýrmæt fyrir SønderjyskE. - óój



**ÓLAFUR INGI SKÚLASON** Maðurinn með grímuna.



> **John Cusack**

„Neibb, ég hef aldrei lent í kynlífs-hneykсli. En ég er opinn fyrir tilboðum.“

***Cusack fer með aðalhlutverkið í myndinni High Fidelity sem Stöð 2 sýnir í kvöld kl. 21.50.***



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ RAGNHEIÐUR TRYGGVADÓTTIR FINNUR SIG Í SERÍUNUM

# *Datt inn í ysinn á vaktinni um leið*

Ég er enginn sjónvarpsglápari og það geta liðið margar vikur og mánuðir milli þess sem ég horfi á heilan þátt í sjónvarpinu. Framhaldsmyndir henta mér því sérstaklega illa en ef ég næ einhvern tímann að horfa á fyrri hluta myndar þá missi ég alltaf af seinni hlutanum. Ég hef til dæmis tvisvar horft á fyrri hluta kvikmyndar um Adolf Hitler þar sem Robert Carlyle fer með hlutverk foringjans. Í bæði skiptin hef ég misst af seinni hlutanum, sem er væntanlega mun meira spennandi í ljósi sögunnar. Eins sá ég um daginn fyrri hluta sjónvarpsmyndar um tískuhönnuðinn Coco Chanel. Sá partur fannst mér lítið spennandi en lét mig hafa það að horfa á hann þar sem ég hafði áhuga á að sjá sögu hennar. Fyrri hlutinn endaði þegar Coco var á leið til Parísar að láta drauma sína rætast sem allir vita að voru háleitir og spennandi og hún náði þeim öllum. Ég missti af því.



Þá henta mér betur langar sjónvarpsseríur þar sem minna gerir til þótt maður missi af nokkrum þáttum. Í fyrrakvöld átti ég óvenju hnitmiðað sjónvarpskvöld en ég náði að horfa á Bráðavaktina í ríkissjónvarpinu, dembdi mér svo yfir á Stöð 2 og horfði á þátt úr Grey´s Anatomy sem ég fylgdi eftir með þætti úr seríunni Bones. Þó ég hafi ekki séð Bráðavaktina mánuðum eða jafnvel árum saman sá ég samt strax kunnuglegt andlit læknisins John Carter og datt um leið inn í ysinn á vaktinni eins og ég hefði horft í gær. Og þótt nokkrir karakterar hafi horfið úr Grey´s Anatomy síðan ég horfði síðast voru enn þá sömu ástarlífsflækjurnar að vefjast fyrir starfsfólki sjúkrahússins og ég fann mig um leið.

**KUNNUGLEGT ANDLIT CARTERS** Gerði það að verkum að það var eins og ég hefði síðast horft á í gær.

## FÖSTUDAGUR



▶ **18.40** **F1: föstudagur** STÖÐ 2 SPORT



▶ **20.00** **Evan Almighty** STÖÐ 2 BÍÓ



▶ **20.40** **Lífsháski (Lost VI)** SJÓNVARPIÐ



▶ **20.50** **The Power of One** STÖÐ 2



▶ **21.00** **Biggest Loser** SKJÁREINN

## SJÓNVARPIÐ

**15.55 Leiðarljós** (e)
**16.35 Leiðarljós** (e)
**17.20 Táknmálsfréttir**
**17.30 Fyndin og furðuleg dýr** (10:26)
**17.35 Gæludýr úr geimnum** (24:26)
**18.00 Leó** (7:52)
**18.05 Tóta trúður**
**18.30 Galdrakrakkar** (11:13)
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Kastljós**
**20.05 Talið í söngvakeppni** (1:3) Upphitun fyrir Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva sem fram fer í Ósló 25.-29. maí. Fjallað er um undirbúninginn fyrir stóru stundina í Ósló, undankeppnirnar í aðildarlöndunum, rætt við þátttakendur og sagðar af þeim fréttir.
▶**20.40 Lífsháski** (Lost VI) Fyrsti þátturinn í nýrri syrpu. Þáttaröðin verður sýnd á mánudagskvöldum.
**22.15 Upphaf upphafsins** (The Discovery Of Heaven) Bresk bíómynd frá 2001. Guð er óánægður með mannkynið og vill fá steintöflurnar sínar aftur. Engli er falið að sækja þær en honum reynist verkið erfitt. Aðalhlutverk: Stephen Fry, Greg Wise og Flora Montgomery.
**00.25 Taggart - Fíklar og fól** (Taggart: Users and Losers) Skosk sakamálamynd þar sem rannsóknarlögreglumenn í Glasgow fást við snúið sakamál. Aðalhlutverk: Alex Norton, Blythe Duff, Colin McCredie og John Michie.
**01.35 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## BÍÓ

**06.15 Evan Almighty**
**08.00 On A Clear Day**
**10.00 The Year of the Yao**
**12.00 Grettir: Bíómyndin**
**14.00 On A Clear Day**
**16.00 The Year of the Yao**
**18.00 Grettir: Bíómyndin**
▶**20.00 Evan Almighty** Sjálfstætt framhald af Bruce Almighty. Aðalhlutverk: Steve Carell og Morgan Freeman.
**22.00 Rob Roy**
**00.15 The Hills Have Eyes 2**
**02.00 American Pie Presents: Beta House**
**04.00 Rob Roy**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Gulla og grænjaxlarnir, Elías, Flintstone krakkarnir og Kalli litli Kanína og vinir.
**08.15 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 The Doctors**
**10.15 Amne$ia** (7:8)
**11.00 Mercy** (4:22)
**11.50 Chuck** (12:22)
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Wildfire**
**13.45 La Fea Más Bella** (166:300)
**14.30 La Fea Más Bella** (167:300)
**15.25 Ríkið** (9:10)
**15.55 Barnatími Stöðvar 2** Camp Lazlo, Aðalkötturinn og Kalli litli Kanína og vinir.
**17.08 Bold and the Beautiful**
**17.33 Nágrannar**
**17.58 The Simpsons** (21:25) Áttunda þáttaröðin um Simpson-fjölskylduna óborganlegu og hversdagsleika hennar.
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.11 Veður**
**19.20 Auddi og Sveppi** Auddi og Sveppi eru mættir aftur með þátt þar sem allt er leyfilegt.
**20.00 Wipeout USA** Bandaríska útgáfan af busluganginum botnlausa. Ómenguð skemmtun sem ekki nokkur maður getur staðist.
▶**20.50 The Power of One** Bráðskemmtilegur þáttur þar sem dávaldurinn Peter Powers ferðast um og finnur sjálfboðaliða sem eru tilbúnir til að láta dáleiða sig og taka upp á ýmsum kostulegum hlutum – og stundum ansi vandræðalegum.
**21.20 Steindinn okkar** Nýr sketstaþáttur með nýstirninu Steinda Jr.
**21.50 High Fidelity** Rómantísk gamanmynd með alvarlegum undirtóni. Rob Gordon rekur plötubúð sem gengur þolanlega og á í stökustu vandræðum með einkalífið.
**23.40 Black Snake Moan**
**01.35 Jesse Stone: Night Passage**
**03.00 Match Point**
**05.00 Steindinn okkar**
**05.30 The Simpsons** (21:25)
**05.55 Fréttir og Ísland í dag**

## SPORT besta sætið

**17.20 Inside the PGA Tour 2010** Árið sem fram undan er skoðað gaumgæfilega og komandi mót krufin til mergjar.
**17.45 Quail Hollow Championship** Skyggnst á bak við tjöldin í PGA mótaröðinni í golfi.
▶**18.40 F1: föstudagur** Hitað upp fyrir komandi keppni í Formúlu 1 kappakstrinum. Gunnlaugur Rögnvaldsson skoðar undirbúning liðanna fyrir kappaksturinn.
**19.10 2009 PLAYERS Championship Official Film**
**20.00 The Players Championship** Bein útsending frá The Players Championship mótinu í golfi.
**23.00 Meistaradeild Evrópu: Fréttaþáttur** Skyggnst á bak við tjöldin og viðtöl tekin við leikmenn og þjálfara.
**23.30 La Liga Report** Hitað upp fyrir leiki helgarinnar í spænska boltanum.
**00.00 F1: föstudagur**
**00.30 Pepsídeildin 2010: Upphitun**
**01.30 San Antonio - Phoenix** Bein útsending frá leik í úrslitakeppni NBA-deildarinnar.

## SPORT 2 enski boltinn

**17.10 Man. City - Aston Villa** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
**18.50 Tottenham - Bolton** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
**20.30 Coca Cola mörkin** Sýnt frá öllum leikjunum í Coca-Cola deildinni. Öll flottustu mörkin og tilþrifin á einum stað.
**21.00 Premier League World** Enska úrvalsdeildin skoðuð frá ýmsum óvæntum og skemmtilegum hliðum.
**21.30 Premier League Preview 2009/10** Hitað upp fyrir leiki helgarinnar í ensku úrvalsdeildinni.
**22.00 Football Rivalries**
**22.55 Premier League Preview 2009/10** Hitað upp fyrir leiki helgarinnar í ensku úrvalsdeildinni.
**23.25 Liverpool - Chelsea** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**07.30 Game Tíví** (15:17) (e)
**08.00 Dr. Phil** (e)
**08.45 Pepsi MAX tónlist**
**12.00 Game Tíví** (15:17) (e)
**12.30 Pepsi MAX tónlist**
**17.05 Dr. Phil**
**17.50 Með öngulinn í rassinum** (e)
**18.20 One Tree Hill** (18:22) (e)
**19.00 I'm A Celebrity... Get Me Out Of Here** (14:14) Raunveruleikasería þar sem þekktir einstaklingar segja skilið við stjörnulífið og þurfa að þrauka í miðjum frumskógi.
**19.45 King of Queens** (6:24) (e)
**20.10 Fyndnar fjölskyldumyndir** (14:14) Fjölskylduþáttur þar sem sýnd eru bæði innlend og erlend myndbrot.
**20.35 Rules of Engagement** (12:13) Bandarísk gamansería um skrautlegan vinahóp. Audrey sannfærir nískupúkann Jeff um að gera eitthvað skemmtilegt fyrir peninginn sem hann græddi á því að selja bílinn sinn.
▶**21.00 Biggest Loser** (2:18) Núna er keppendum skipt upp í tíu tveggja manna lið sem keppa hvert gegn öðru í stað þess að einstaklingar etji kappi. Í hverju liði er fólk sem varð feitt saman og fær nú tækifæri til að losa sig við aukakílóin saman.
**21.45 Parks & Recreation** (1:13) (e)
**22.10 Leverage** (15:15) (e)
**22.55 Life** (3:21) (e)
**23.45 Saturday Night Live** (17:24) (e)
**00.35 King of Queens** (6:24) (e)
**01.00 Big Game** (3:8)
**02.40 Girlfriends** (14:22) (e)
**03.00 Jay Leno** (e)
**03.45 Jay Leno** (e)
**04.30 Pepsi MAX tónlist**

## ÍNN

**20.00 Hrafnaþing** Heimastjórn ÍNN, Jón Kristinn Snæhólm, Hallur Hallsson og Guðlaugur Þór Þórðarson, ræða um það sem er efst á baugi í þjóðfélaginu í dag.
**21.00 Golf fyrir alla** Golfþáttur með Ólafi Má og Brynjari Geirssyni.
**21.30 Grínland** Gamanþáttur í umsjón nemenda Verzlunarskóla Íslands.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

ENNEMM / SÍA / NM38338




KRYDDSMJÖR
gerir grillmat að hreinu lostæti!
MS

## Í KVÖLD

**STÖÐ 2 KL. 21.20**

### Steindinn okkar



Nýr sketsaþáttur með nýstirninu Steinda Jr. Í þættinum nýtur hann stuðnings þjóðþekktra einstaklinga sem hafa getið sér gott orð í gríninu en einnig kemur fram fólk sem er þekkt fyrir eitthvað allt annað en að leika og grínast. Þátturinn er ekki við hæfi ungra barna og viðkvæmra.

## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

### The Players Championship, beint

**Stöð 2 sport kl. 20.00**



Stöð 2 Sport verður með beina útsendingu um helgina frá The Players Championship-mótinu í golfi. Flestir af bestu kylfingum heims hafa boðað komu sína, þar á meðal Tiger Woods sem þrátt fyrir góð tilþrif á Masters-mótinu komst ekki í gegnum niðurskurðinn um síðustu helgi á Quial Hollow-mótinu. Það verður því spennandi að sjá hvernig honum mun ganga en einnig verður hægt að fylgjast með sigurvegurum mótsins síðustu ár, þeim Sergio Garcia, Henrik Stenson og Phil Mickelson.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.39** Morgunútvarp hefst
**06.40** Veðurfregnir
**06.50** Bæn
**07.03** Vítt og breitt
**07.30** Fréttayfirlit
**08.00** Morgunfréttir
**08.05** Morgunstund með KK
**08.30** Fréttayfirlit
**09.05** Óskastundin
**09.45** Morgunleikfimi
**10.03** Veðurfregnir
**10.13** Sagnaslóð
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Hádegisútvarpið
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**13.00** Á réttri hillu
**14.03** Girni, grúsk og gloríur
**15.03** Útvarpssagan: Norðan við stríð
**15.34** Þau völdu Ísland
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.05** Fimm fjórðu
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.16** Spegillinn
**18.50** Veðurfregnir
**19.00** Endurómur úr Evrópu
**20.00** Leynifélagið
**20.30** Söngfuglar
**21.10** Hringsól
**22.05** Veðurfregnir
**22.10** Orð kvöldsins
**22.15** Litla flugan
**23.00** Kvöldgestir
**00.05** Næturtónar

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 91,9** Kaninn
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 102,2** Útvarp Latibær
**FM 102,9** Lindin
**FM 105,5** Útvarp Boðun

## 2 EXTRA

**19.30 The Doctors** Spjallþættir framleiddir af Opruh Winfrey þar sem fjórir læknar á ólíkum sviðum veita aðgengilegar og gagnlegar upplýsingar um heilsufarsmál.

**20.15 Lois and Clark: The New Adventure** (11:21) Sígildir þættir um blaðamanninn Clark Kent sem vinnur hjá Daily Planet milli þess sem hann bjargar málum sem Ofurmennið. Hann er ástanginn af samstarfskonu sinni, Lois Lane sem hefur ekki hugmynd um að hann leikur tveimur skjöldum.

**21.00 Fréttir Stöðvar 2**

**21.25 Ísland í dag**

**21.50 NCIS** (18:25) Spennuþáttaröð sem er í röð þeirra allra vinsælustu í Bandaríkjunum og fjallar um sérsveit sem rannsakar glæpi tengda hernum eða hermönnum á einn eða annan hátt. Verkefnin eru orðin bæði flóknari og hættulegri í þessari sjöttu seríu.

**22.35 The Andromeda Strain** Seinni hluti hörkuspennandi framhaldsmyndar. Hættuástand myndast í afskekktum smábæ í Bandaríkjunum þegar banvænn vírus breiðist þar út með ógnarskjótum hætti.

**00.00 Auddi og Sveppi** Auddi og Sveppi eru mættir aftur hressari og uppátækjasamari en nokkru sinni fyrr í gamanþætti þar sem allt er leyfilegt.

**00.35 Steindinn okkar** Nýr sketsaþáttur með nýstirninu Steinda Jr. Í þættinum nýtur hann stuðnings þjóðþekktra einstaklinga sem hafa getið sér gott orð í gríninu en einnig kemur fram fólk sem er þekkt fyrir eitthvað annað en að leika og grínast.

**01.05 The Doctors**

**01.50 Lois and Clark: The New Adventure** (11:21)

**02.35 Fréttir Stöðvar 2**

**03.25 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## BBC entertainment

**12.20** Monarch of the Glen **13.10** My Hero **13.40** My Family **14.10** My Family **14.40** My Hero **15.10** New Tricks **16.00** Doctor Who **16.45** The Weakest Link **17.30** My Family **18.00** The Catherine Tate Show **18.30** No Heroics **19.00** The Smoking Room **19.30** Ruddy Hell! It's Harry and Paul **19.55** Little Britain **20.25** The Jonathan Ross Show **21.15** Strictly Come Dancing **22.55** The Smoking Room **23.25** Ruddy Hell! It's Harry and Paul **23.50** Little Britain

## DR 1

**12.00** Rabatten **12.30** Dyrehospitalet **13.00** DR Update - nyheder og vejr **13.10** Boogie **15.00** Magnus og Myggen **15.15** Benjamin Bjørn **15.30** Kurt - En ukendt helt **15.35** Amalie **15.50** Snuttefilm **16.00** Aftenshowet **16.30** TV Avisen med Sport **17.00** Disney Sjov **18.00** Anders og Peter Lund Madsens show **19.00** TV Avisen **19.30** Fun with Dick and Jane **20.55** Nighthawks **22.30** S.O.S. Poseidon kalder **23.55** Boogie Mix

## NRK 1

**12.10** Par i hjerter **13.00** NRK nyheter **13.10** Dallas **14.00** Derrick **15.00** NRK nyheter **15.10** Bygdeliv **15.40** Oddasat **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Førkveld **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.40** Norge rundt **18.05** Dei blå hav **18.55** Nytt på nytt **19.30** Kalde spor **21.15** Kveldsnytt **21.30** En velutstyrt mann **22.00** En artisthimmel full av stjerner **22.55** Takk Gud, det er fredag! **23.15** Desken **23.50** Country jukeboks u/chat

## SVT 1

**10.05** Debatt valspecial **11.45** Sverige! **12.15** Landet runt **13.00** Mitt i naturen **13.30** Landgång **14.05** Gomorron Sverige **14.55** Inför Eurovision Song Contest 2010 **16.00** Rapport med A-ekonomi **16.15** Go'kväll **17.30** Rapport med A-ekonomi **18.00** Så ska det låta **19.00** Dave **20.50** Sverige! **21.20** Mitt super-ex **22.55** Epitafios - besatt av hämnd **23.45** Mitt i naturen





*„Ég fæ mér alltaf prótín-sjeik sem ég bý til sjálf.“*

Þorbjörg Marinósdóttir, blaðamaður og sjónvarpskona.

# Forsetafrúin styður öskusölu í New York

Forsetafrúin Dorrit Moussaeiff er farin að hjálpa til við öskusölu matvöruvefjarins Nammi.is. Hún hringdi í dálkahöfund New York Post, Cindy Adams, og bað hana að segja frá öskusölunni á íslenska vefnum. Adams greinir frá þessu í nýjasta pistli sínum. „Forsetafrúin og ég erum miklir vinir. Hún bauð mér í hádegismat þegar ég var í Reykjavík í júlí fyrir ári síðan og svo snæddum við saman í íbúðinni minni í september síðastliðnum,“ hefur Adams pistilinn sinn á.

Dorrit mun hafa hringt í Adams og sagt við hana: „Veistu, það eru tveir menn sem reka sælgætisverslun á vefnum og þeir eru farnir að selja ösku fyrir tuttugu dollara. Þú færð hana í flösku og þeir senda hana til þín,“ er lausleg þýðing á símaspjalli Dorritar og Cindy sem birt er á vef New York Post. Cindy spyr Dorrit af hverju í ósköpunum mennirnir hafi ekki nefnt heimasíðuna sína „Iceland Volcano Ash“ þannig að allir myndu skilja hvað væri þarna á seyði. Dorrit svarar að bragði, enda ekki þekkt fyrir að láta slá sig út af laginu: „Hvernig á ég að vita það? Hver skilur eitthvað í því sem er í gangi um þessar mundir?“

Að loknu þessu stutta spjalli spyr Cindy forsetafrúna hvar hún hafi verið þegar eldgosið hófst. „Eiginmaðurinn var í Reykjavík og ég var komin til Danmerkur enda ætluðum við bæði að vera viðstödd afmælishátíð drottningarinnar þar. Hann komst ekki í flug þannig að ég varð að láta mér nægja að klæðast alltof litlum kjólum þar sem hann var með galaklæðnaðinn minn,“ á Dorrit að hafa sagt ef marka má New York Post. **- fgg**



**SELUR ÖSKUNA** Dorrit Moussaeiff virðist ákaflega hrifin af framtaki vefsíðunnar Nammi.is sem selur ösku úr Eyjafjallajökli. Hún kynnti vefinn í samtali við New York Post.



**LÁRÉTT**
**2.** sléttur, **6.** rún, **8.** ringulreið, **9.** óvild, **11.** rykkorn, **12.** óróleg, **14.** vera í vafa, **16.** verslun, **17.** gerast, **18.** pota, **20.** tveir, **21.** rifa.

**LÓÐRÉTT**
**1.** hallærislegur, **3.** ólæti, **4.** fjarlægð, **5.** lík, **7.** flugeldur, **10.** meðal, **13.** flan, **15.** límband, **16.** nafar, **19.** tvíhljóði.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** jafn, **6.** úr, **8.** tjá, **9.** kal, **11.** ar, **12.** ókyrr, **14.** efast, **16.** bt, **17.** ske, **18.** ota, **20.** ii, **21.** rauf.

**LÓÐRÉTT: 1.** púkó, **3.** at, **4.** fjarski, **5.** nár, **7.** raketta, **10.** lyf, **13.** ras, **15.** teip, **16.** bor, **19.** au.

## VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á síðu 8

1. Hjálmar Hjálmarsson fer fyrir Næstbesta flokknum.
2. Raggi Bjarna rappar með Erpi.
3. 102 þúsund renndu sér í Hlíðarfjalli.




SVEINN M. JÓNSSON: PETE ER ALGJÖRT LJÚFMENNI OG HEIMSPEKINGUR

# STÝRIR UPPTÖKUM Á NÝJU EFNI MEÐ PETE DOHERTY

„Pete er búinn að vera að taka mikið upp hjá mér. Ég er einmitt að fara að taka hann upp eftir klukkutíma. Hann er eldhress,“ segir Hafnfirðingurinn Sveinn M. Jónsson.

Sveinn er yfirupptökustjóri í Great Eastern-hljóðverinu í London og hefur tekið upp efni með hljómsveitum á borð við The Horrors, White Lies og Babyshambles. Sú síðastnefnda er leidd af vandræðagemlingnum Pete Doherty, sem er um þessar mundir að taka upp nýtt efni undir stjórn Sveins og félaga hans, Teits Árnasonar.

„Þetta er allt öðruvísi tónlist en hann hefur verið að gera. Þetta er svona amerísk fólk-tónlist,“ segir Sveinn um lögin sem Pete samdi ásamt Alan Wass, félaga sínum til margra ára. „Þeir hafa verið að flytja þetta lag sem ég er að taka upp og *pródúsera* fyrir þá. Ég spila líka á gítar í laginu. Pete er ánægður með okkur og það lítur út fyrir að samstarfið haldi áfram og hann verði með annan fótinn hérna.“

Pete Doherty er gríðarlega umdeildur maður, en Sveinn segir fjölmiðla hafa gefið mjög ranga mynd af honum. „Pete er í raun algjört ljúfmenni og fluggáfaður,“ segir hann. „Hann er alltaf með stóra og þykka bók með sér sem hann skrifar í pælingar, hugmyndir og ljóð. Það er líka mjög gaman að tala við hann. Hann er mikill heimspekingur í sér og virðist vera með ákveðinn skilning á lífinu og öllu í kringum sig.“

En er hann með krakkpípuna í hljóðverinu?

„(Hlær) Í viðskiptum og rekstri ríkir ákveðið traust milli viðskiptavinar og rekstraraðila. Við leyfum honum að gera sína músík og við auglýsum ekki það sem hann gerir hjá okkur,“ segir Sveinn. „Hann er tónlistarmaður inn að beini og vill einbeita sér að því. Þegar hann kemur til okkar er hann ekki í neinu rugli. Þetta er vinnan hans.“

Sveinn lærði upptökustjórn í Glasgow, þar sem hann bjó í tvö ár. Hann flutti svo til London og tók við stjórn hljóðversins úr höndum upptökustjóra sem hafði misst áhugann á starfi sínu. Hann hefur haft nóg fyrir stafni frá því að hann tók við og tekið upp með stórum nöfnum. „Þetta er búið að vera hálfgert ævintýri síðustu sex ár og ég hugsa að maður verði hérna eitthvað áfram,“ segir Sveinn.

atlifannar@frettabladid.is



**VIÐ STJÓRNBORÐIÐ** Sveinn hefur gert það gott í London. Hann er yfirupptökustjóri Great Eastern-hljóðversins og hefur tekið upp efni með hljómsveitum á borð við The Horrors, White Lies og Babyshambles.

### 5 STAÐREYNDIR UM PETE DOHERTY

- Pete Doherty stofnaði hljómsveitina The Libertines ásamt Carl Barât árið 1997.
- Hún varð gríðarlega vinsæl í Bretlandi árið 2002 í kjölfar plötunnar Up the Bracket, en hætti tveimur árum síðar.
- Pete hefur oft komist í fréttir vegna dópneyslu sinnar og oft farið fyrir rétt vegna vörslu fíkniefna.
- Hann var trúlofaður ofurfyrirsætunni Kate Moss árið 2007, en þau hættu saman seinna sama ár.
- Hljómsveitin Babyshambles, sem Pete leiðir í dag, átti að koma fram á Iceland Airwaves árið 2005, en röð frétta af óreglu hans hindruðu það.



## FRÉTTIR AF FÓLKI

Hljómsveitin Who Knew hélt útgáfutónleika á Sódómu á miðvikudagskvöld við góðar undirtektir aðdáenda sinna. Tvísýnt var hvort plata hljómsveitarinnar, Bits And Pieces Of A Major Spectacle, kæmist til landsins fyrir tónleikana vegna eldgossins í Eyjafjallajökli, en platan lenti og var í boði á tónleikunum. Á meðal gesta voru **Sigurður Guðmundsson** úr Hjálmum og bróðir hans, Guðmundur Óskar úr Hjaltalín. Högni Egilsson, hljómsveitarfélagi hans, var einnig mættur ásamt umboðsmanninum og útgáfumógúlnum Steinþóri Helga Arnsteinssyni…



Útvarpsmaðurinn Ágúst Bogason og félagar í Jan Mayen hituðu upp fyrir Who Knew og voru afar hressir. Fótboltaáhugamenn á staðnum ráku upp stór augu þegar þeir sáu að Ágúst var klæddur í Tottenham-bol, en liðið hafði fyrr um kvöldið tryggt sér fjórða sæti ensku úrvalsdeildarinnar. Hingað til hefur verið talið að Ágúst sé harður stuðningsmaður Liverpool, en menn lögðu saman tvo og tvo og komust að því að hann var að heiðra föður sinn, fréttamanninn **Boga Ágústsson**. Hann er einn dyggasti stuðningsmaður Tottenham á Íslandi og mætti með Tottenham-bindi í vinnuna á RÚV í gær.



Og meðan rigningin dynur á fögru eyjunni okkar þá er fyrirsætan **Ingibjörg Egilsdóttir** stödd í sólinni á eyjunni St. Croix í Karíbahafinu þar sem hún tekur þátt í tískuviku eyjunnar. Fréttablaðið sagði frá ferðalagi hennar fyrr á árinu, en ferðin til St. Croix er fyrri af tveimur ferðum í Karíbahafið sem henni stendur til boða í sumar. Ingibjörg verður út vikuna í myndatökum, alls kyns upptökum og endar á glæsilegri tískusýningu. **- afb**



# Sigraði í keppni á vegum SonyMusic

Eva Vestmann stundar BA-nám í grafískri hönnun við Central St. Martins-skólann í London. Hún sigraði nýverið í hönnunarkeppni á vegum SonyMusic þar sem nemendur skólans hönnuðu veggverk í nýtt skrifstofuhúsnæði fyrirtækisins. Eva er að ljúka fyrsta skólaári sínu við Central St. Martins og segir hún námið bæði skemmtilegt og krefjandi, enda sé skólinn einn sá virtasti í Evrópu. Áður stundaði hún nám í almennri hönnun við Tækniskólann í Reykjavík auk þess sem hún lærði ljósmyndun í Ljósmyndaskóla Sissu.

„Skólinn vinnur náið með ýmsum fyrirtækjum þar sem fyrirtækin efna gjarnan til samkeppni um ýmis verkefni, líkt og SonyMusic gerði. Nemendur verða þó að vinna verkið utan skóla en sigurvegarinn fær pening að launum sem kemur sér auðvitað mjög vel fyrir blankan námsmann,“ útskýrir Eva. Hún segir SonyMusic hafa óskað eftir veggverki sem fjallaði á einhvern hátt um sögu fyrirtækisins, en það hefur verið starfrækt allt frá árinu 1889. „Ég ákvað að nota tilvitnanir frá ýmsum listamönnum sem höfðu verið á mála hjá fyrirtækinu í gegnum tíðina svo úr varð stórt textaverk, þessu blandaði ég svo saman við skuggamyndir af listamönnunum. Skuggamyndirnar eru inni í litríkum hringjum, en ég tengi hringformið einmitt mikið við tónlist þar sem vínylog geislaplötur eru hringlaga. Textarnir sem ég styðst við eru ekki lagatextar heldur tilvitnanir sem listamennirnir hafa látið falla við ýmis tækifæri þannig það fór mikil rannsóknarvinna í þetta verkefni,“ segir Eva, en hún tók tilvitnanir frá tónlistarmönnum á borð við Frank Sinatra, Elvis Presley, Bruce Springsteen og Keshu. Að sögn Evu er stutt síðan úrslitin voru tilkynnt og því er enn ekki búið að setja verkið upp og veit hún ekki með vissu hvenær það verður gert.

Eva hyggst dvelja í London næstu tvö árin en segir framtíðina enn óráðna, hana langi þó mikið í framhaldsnám. „Þetta á allt eftir að koma betur í ljós. Maður vill ekki útiloka neitt,“ segir hún að lokum. **-sm**



**SIGRAÐI** Eva Vestmann, nemandi í grafískri hönnun við Central St. Martins, sigraði í hönnunarkeppni á vegum SonyMusic.



# NÝJAR VÖRUR Í HVERRI VIKU

## Dömu & herrafatnaður

Bolir
Skyrtur
Buxur
Kvart buxur
Zip/off buxur
Stretch buxur
Isotex buxur
Isotex jakkar
Flís peysur
Softshell jakkar
Ofl. ofl.

DARE 2b
CRAGHOPPERS

Regatta GREAT OUTDOORS™

## OKKAR VERÐ

Sérverð á nýjum barnafatnaði og völdum vörum á dömur & herra

**Barnafatnaður**
bolir 1.495,-
flís peysur 1.990,-
softshell peysur 4.490,-
kvartbuxur 2.990,-
zip-off buxur 2.995,-
regn buxur 1.490,-
regn jakkar 4.750,-
isotex buxur 2.490,-
isotex jakkar 3.990,-
flís undirfatasett 2.990,-
skór 4.995,-

**Dömu & herra**
flís undirfatasett 2.990,-
hydro-term bolur 2.990,-
hydro term buxur 2.990,-
skór 5.745,- til 14.995,-
anvil bolir 1.490,-
anvil peysur 3.990,-
anvil hettupeysur 3.990,-
sokkar 1.490,- til 1.990,-
legghlífar 2.990,-
bakpokar 3.745,- til 13.995,-
smávara ofl.

**OPIÐ**
VIRKA DAGA 11 – 18
LAUGARD. 11 – 16
SUNNUD. 13 – 16

ÚTIVIST & SPORT 15 ÁRA
verslun
heildverslun
Faxafen 12 S. 533-1550.

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VISIR.IS

**Ritstjórn:** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst húsið

**DREIFING:** dreifing@posthusid.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060



vísir.is
"...ég sá það á vísi"


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Gulldrengurinn Palli

Það sýnir sig enn og sannar að íslenska þjóðin er mikil Eurovision-þjóð. Vinsælasti þáttur landsins er Eurovision-upphitunin Alla leið sem **Páll Óskar** stjórnar samkvæmt vikulegri mælingu Capacent Gallup. Reyndar sjást þess áþreifanleg merki í mælingunni að sumarið er komið því Alla leið nær rétt rúmlega hálfa leið upp í áhorf Spaugstofunnar sem var þó á svipuðum tíma.



### Sigur Steinda

Áhorf á sjónvarp er svipað og á sama tíma í fyrra. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er þó einn maður alveg kampakátur og það er **Steindi jr.** Samkvæmt mælingu Capacent mældist nefnilega nýja stjarnan hjá Stöð 2 með meira áhorf meðal áskrifenda en óskabörn stöðvarinnar, þeir Auddi og Sveppi.



### Jónsi á vegg

Félagarnir Stefán Árni og Siggi Kinski, eða Árni & Kinski, opna ljósmyndasýningu í New York í dag. Sýningin, sem stendur yfir til þriðjudags, nefnist Fuglastrákur og gefur þar að líta ljósmyndir sem þeir tóku af **Jónsa** í Sigur Rós í tilefni af fyrstu sólóplötu hans, Go. Siggi & Kinski leikstýrðu einnig myndbandinu við fyrsta smáskífulag Jónsa, Go Do, en áður hafa þeir unnið fyrir sveitir á borð við Placebo og Editors.



**- fgg, fb**

## Mest lesið vísir.is

1. Hreiðar Már Sigurðsson handtekinn
2. Hryðjuverkamaður dæmdur til hengingar
3. Gríðarlega fjölmenn leit að Eric
4. Hreiðar gæti átt 8 ára fangelsi yfir höfði sér
5. Jóhanna harðneitar að hafa gefið loforð um launahækkun bankastjóra








HVÍTA HÚSIÐ / SÍA